

**SKOÐUN** Hreggviður Jónsson segir stefnu í menntamálum ráða úrslitum um lífskjör í landinu. 14



**MENNING** Svala Ragnarsdóttir myndaði virkjanir í íslenskri náttúru og vann til verðlauna. 24



**SPORT** Bjarni Guðjónsson vann sitt fyrsta mót sem þjálfari Fram þegar liðið vann hans gömlu félaga. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
12. febrúar 2014
36. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**



**Íslenskar snjóvélar í Sotsjí**
Stálnaust í Hafnarfirði kom að þróun og smíði véla sem framleiða snjó og notaðar eru á Vetrarólympíuleikunum í Rússlandi við skíðastökk.

**FRÉTTIR**

**Ráðherra vonsvikinn** Ragnheiður Elín Árnadóttir er óánægð með ákvörðun um að hefja gjaldtöku við Geysi. 2

**Lög um stera á leiðinni** Sterainnflutningur hefur stóraukist síðustu tvö ár. Velferðarráðuneytið undirbýr lög um stera. 8

**Kennsla ekki í boði** Grunnskólar eiga að styðja börn, sem eiga annað móðurmál en íslensku, til að rækta málið. 12



14

| | | |
|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | NA19 |
| Akureyri | 2° | AN 9 |
| Egilsstaðir | 1° | A 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | NA13 |
| Reykjavík | 3° | NA10 |

**STORMUR** Vaxandi NA-átt 13-20 m/s í dag, hvassast á Vestfjörðum og við SA-ströndina. Snjókoma norðanlands en slydda eystra. Hiti 0-4 stig. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaður | Reykjavík Cocktail Weekend | Fólk






**SÁ FYRSTI Í TUTTUGU ÁR** Skíðagöngumaðurinn Sævar Birgisson keppti í gær fyrstur Íslendinga á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í Rússlandi þegar hann varð í 72. sæti í sprettgöngu. Sævar endaði um leið tuttugu ára bið Íslands eftir skíðagöngumanni á ÓL en síðastir á undan Sævari til að keppa í skíðagöngu á Ólympíuleikunum voru þeir Rögnvaldur Ingþórsson og Daníel Jakobsson sem kepptu í 50 kílómetra göngu í Lillehammer 27. febrúar 1994. NORDICPHOTOS/GETTY

# Trygging fyrir flugmenn var ekki til staðar

Mýflug var ekki með umsamdar líftryggingar og skírteinismissistryggingar er sjúkraflugvél félagsins fórst. Bætur hlaupa á tugum milljóna. Forsvarsmenn Félags íslenskra atvinnuflugmanna tjá sig ekki um málið.

**FLUGMÁL** Þegar sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti á Akureyri í ágúst síðastliðnum var félagið ekki með gildar tryggingar fyrir flugmenn sína í samræmi við kjarasamning við Félag íslenskra atvinnuflugmanna. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

„Varaformaður og framkvæmdastjóri FÍA hafa átt nokkur símtöl við stjórnarformann Mýflugs í dag vegna gruns um að alvarlegur ágalli hafi verið, og sé hugsanlega enn á tryggingamálum félagsins,“ segir í tölvupósti sem Sindri Sveinsson, framkvæmdastjóri FÍA, sendi flugmönnum Mýflugs í haust sem leið, nokkru eftir slysið í Hlíðarfjalli.

Í slysinu fórust flugmaður og sjúkraflutningamaður. Annar flugmaður sem lifði af hefur enn ekki hafið störf að nýju. Samkvæmt kjarasamningnum hefði Mýflug átt að kaupa tryggingar fyrir flugmennina sem tækju bæði til andláts og hugsanlegs missis á flugmannsréttindum vegna afleiðinga slyss. Um er að ræða upphæðir sem hlaupa á tugum milljóna króna.

Hvorki Sindri Sveinsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA), né Hafsteinn Pálsson, formaður félagsins, vilja staðfesta að tryggingar Mýflugs á slysdaginn hafi ekki verið samkvæmt kjarasamningi við félag þeirra.

„Við ætlum ekki að tjá okkur um það. Ég veit alla vega að allar tryggingar hjá þeim eru í lagi eins og er,“ segir Sindri Sveinsson.

> **Eins og þú getur rétt ímyndað þér þá get ég ekki gefið þér neinar upplýsingar um það.**
>
> *Hafsteinn Pálsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna*

„Eins og þú getur rétt ímyndað þér þá get ég ekki gefið þér neinar upplýsingar um það. Það væri ekki taktískt mjög flott hjá mér að gefa eitthvað út í blöðin ef það væri einhvern veginn öðru vísi en það ætti að vera – eða í lagi, eða hvernig sem það er,“ segir formaður FÍA.

„Það er rangt,“ svaraði Leifur Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Mýflugs, er hann var spurður hvort rétt væri að félagið hefði ekki verið með tryggingar í samræmi við kjarasamning.

Óljóst er um stöðu bótauppgjörs vegna flugmannsins sem lést. Ein heimild segir niðurstöðu komna í málið en önnur að næsta skref verði ákveðið þegar ljóst verði hvort eitthvað, og þá hversu mikið, fáist úr annarri launaþegatryggingu sem Mýflug hafi verið með. Sú upphæð verði þó ekki nálægt þeirri fjárhæð sem líftryggingin sem vantaði hefði gefið.

„Nei, ég vil það ekki,“ ítrekar formaður FÍA er hann er spurður hvort hann vilji ekki upplýsa stöðu bótamálsins. „Mér finnst hins vegar þessi umfjöllun ykkar á köflum hafa farið langt yfir strikið.“ - gar






Samningar sjúkraþjálfara eru lausir eftir að ráðherrar neituðu samþykkt:

# Kjaftshögg að mati formanns

**HEILBRIGÐISMÁL** Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkraþjálfara segir samninganefnd Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) rúna trausti eftir að heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra neituðu að skrifa undir samning við félagið. Hún segist velta fyrir sér trúverðugleika samninganefndarinnar.

Heilbrigðisráðherra segir samninginn ekki hafa fallið að verðlagsmarkmiðum fjárlaga. „Þá voru mál sem lutu að gjaldskrám, sem féllu ekki nægilega vel að markmiðum ríkisstjórnarinnar í kjarasamningum og þau verður að skoða betur,“ segir Kristján Þór Júlíusson.

Kristján segir stöðuna sem upp sé komin vera mjög óþægilega í ljósi mikilvægis starfs sjúkraþjálfara.



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON



UNNUR PÉTURSDÓTTIR

Þá muni samningsleysi skapa óþægindi fyrir notendur þjónustunnar. Ráðherra gerir ráð fyrir að efnt verði til nýrra viðræðna þar sem reynt verði að nálgast markmið samningsins eftir öðrum leiðum.

„Við seildumst ansi langt til að komast til móts við þá,“ segir Unnur og kveður viðræðurnar hafa byggst á samningstilboði frá stjórnvöldum.

„Þetta eru því í raun svik. Það var kominn samningur og búið skrifa undir, en svo er hann ekki staðfestur. Það er bara kjaftshögg,“ segir hún.

Samningur við sjúkraþjálfara er ekki eini samningur SÍ sem er í uppnámi. Ráðherra skrifaði undir lok síðasta árs undir samning við sérgreinalækna sem tekið hefur gildi en enn hefur ekki verið gengið frá fjármögnun hans.

„Við kláruðum að semja, en svo hefur það því miður gerst að þetta strandar svona á ráðuneytunum,“ segir Heiðar Örn Arnarson, upplýsingafulltrúi SÍ. - eb / sjá síðu 4




## SPURNING DAGSINS



Stefán, er Nýþýsk plata á leiðinni?

**Ja, die Freiheit ist wunderbar!**

Hljómsveitin Nýdönsk er á leið í upptökuferð til Berlínar. Sveitin gaf síðast út plötu árið 2008, en síðasta plata sem tekin var upp erlendis var Himnasending frá árinu 1992.

Þrír Austur-Evrópubúar ákærðir fyrir að nýta sér erfiðleika níu Rúmena:

# Haldið sem þrælum í Danmörku

**DANMÖRK** Tveir karlar og ein kona frá Austur-Evrópu hafa verið ákærð í Danmörku fyrir að hafa haldið níu Rúmenum um sex ára skeið sem þrælum. Samkvæmt frétt á vef danska ríkisútvarpsins voru Rúmenarnir neyddir til að búa í köldum bílskúr án almennilegrar snyrtingar á Norður-Sjálandi og látnir stunda ræstingastörf í allt að 20 klukkustundir á sólarhring.

Hin ákærðu eru sökuð um að hafa nýtt sér fjárhagslega og persónulega erfiðleika Rúmenanna og vanþekkingu þeirra á dönsku samfélagi. Þau eru sökuð um að hafa tekið við launum Rúmenanna frá ræstingafyrirtækjum og greitt þeim lítinn hluta þeirra. Fæðið sem Rúmenarnir fengu var af skornum skammti.

Svipuð mál hafa áður verið afhjúpuð í Danmörku þar sem Rúmenar og aðrir Austur-Evrópubúar eru hreinlega teknir til fanga af samlöndum sínum sem eru fyrir í landinu, að því er segir í frétt danska ríkisútvarpsins. - ibs



**ÞRIF** Níu Rúmenar voru látnir vinna við ræstingar í allt að 20 klukkustundir á dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Neyðarkall sem var gabb:

# Ábendingar hafa borist

**LÖGREGLUMÁL** „Það hafa komið allnokkrar ábendingar sem verður unnið úr í framhaldinu," segir Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Lögreglan leitar nú að þeim sem hafði samband við Landhelgisgæsluna og tilkynnti um leka í báti á Faxaflóa. Víðamikil leit var gerð á sjó og í lofti, án árangurs.

Lögreglan birti hljóðupptöku af neyðarkallinu á Facebook-síðu sinni í gær og óskaði eftir aðstoð almennings. - fb



**TÓKUST Í HENDUR** Wang Yu-chi, fulltrúi Taívans, og Zhang Zhijun, fulltrúi Kína, hittust í Nanjing. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hátt settir fulltrúar Taívans og Kína áttu með sér fund:

# Taívan og Kína ræða samskipti

**KÍNA, AP Fulltrúar Taívans og Kína hittust í gær til að ræða samskipti ríkjanna og framtíð. Þetta er í fyrsta sinn frá 1949, þegar Taívan klofnaði frá Kína, sem jafn hátt settir fulltrúar ríkjanna hittast. Wang Yu-chi, yfirmaður meginlandsráðs Taívans, og Zhang Zhijun, stjórnandi Taívansmálaskrifstofu Kína, funduðu í Nanjing á meginlandi Kína.**

**Ekki er búist við neinum tímamótaniðurstöðum af þessum fundarhöldum, sem eiga að standa í tvo daga.**

**Taívan klofnaði frá Kína þegar þáverandi Kínastjórn flúði þangað eftir byltingu kommúnista árið 1949.** - gb

# Gjaldheimtan veldur ráðherra vonbrigðum

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, lýsti á þingi yfir vonbrigðum með ákvörðun landeigenda að innheimta gjald af gestum við hverasvæðið í Haukadal. Boðar að tillögur að náttúrupassa verði kynntar á næstu vikum.

**NÁTTÚRA** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði á þingi í gær að ákvörðun landeigenda í Haukadal um að hefja gjaldtöku við Geysissvæðið væri vonbrigði. Hún lét þessi orð falla í sérstakri umræðu um vernd og nýtingu ferðamannastaða.

Brynhildur Pétursdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, var málshefjandi og kastaði meðal annars fram þeirri spurningu hvort óumflýjanlegt væri að hefja gjaldtöku inn á vinsælustu ferðamannastaði landsins til að standa undir kostnaði við aðstöðu og stuðla að sjálfbærni.

Hún sagði að málið væri brýnt enda væri útlit fyrir enn frekari fjölgun ferðafólks hingað til lands á næstu árum með tilheyrandi álagi á vinsælustu staðina, og vísaði til úttektar Umhverfisstofnunar frá árinu 2010 þar sem taldir voru upp tuttugu staðir sem væru í hættu vegna átroðnings.

„Ef við viljum ekki rukka inn verðum við kannski að skattleggja ferðamannaiðnaðinn meira eða láta ríkissjóð standa undir uppbyggingunni. Hinn kosturinn er að gera ekki neitt og þá mun átroðningurinn valda óbætanlegum skaða á náttúrunni sem við erum svo í hinu orðinu að selja ferðamönnunum."



**RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR**

Ragnheiður Elín tók undir margt í málflutningi Brynhildar og sagðist vonast til að kynna í þessum mánuði tillögur að náttúrupassa sem myndi tryggja fjármagn til uppbyggingar á aðstöðu í kringum ferðamannastaði. Hún vék í því sambandi að landeigendum á Geysissvæðinu

„Það hefur valdið mér vonbrigðum að þeir fari af stað með þessum hætti," sagði hún. „Ég held að við getum öll verið sammála um að við viljum ekki að ferðamenn sem koma hingað til lands fái þá upplifun af landinu okkar að þeir þurfi að taka upp veskið á öllum fjölsóttum ferðamannastöðum."

Í umræðunum gagnrýndi stjórnarandstaðan meðal annars hve hægt vinnan gengi og að hækkun virðisaukaskatts á gistinætur hafi verið tekin til baka. Þá var ekki síst deilt á skert framlög til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Ráðherra sagði þó að sjóðurinn sem slíkur skipti ekki meginmáli, enda hefði hann ekki getað komið í veg fyrir að mál Geysis þróaðist líkt og raun ber vitni. thorgils@frettabladid.is



**KERIÐ** Skiptar skoðanir voru um ákvörðun landeigenda að hefja gjaldtöku við Kerið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Hafa þegar hafið umbætur við Kerið

Talsverðar umræður sköpuðust þegar eigendur Kersins ákváðu að hefja gjaldtöku á síðasta ári. Óskar Magnússon, talsmaður eigenda, segir að fyrirkomulagið hafi reynst afar vel og gestum þyki sjálfsagt að greiða gjaldið. Ein af forsendum þess að innheimta gjaldið var að geta staðið undir umbótum á innviðum svæðisins. Sú vinna sé þegar hafin. „Við byrjuðum strax í haust að keyra möl í stíga og laga þá sem voru verst farnir. Eins erum við búnir að setja upp töluvert af merkingum og girðingum til að hlífa viðkvæmum svæðum."

Óskar segir að honum finnist gjaldtaka landeigenda á Geysissvæðinu í Haukadal sjálfsögð. „Menn verða að hafa smá biðlund á meðan verið er að fá inn tekjur, en um leið og þeir hefjast handa við endurbætur munum við sjá hvað þetta er gagnlegt og lífsnauðsynlegt fyrir þessa staði að hafa þessar tekjur."

Vilja myndavél við skólann:

# Reynt að tæla barn upp í bíl

**SAMFÉLAGSMÁL** Á undanförnum vikum hafa þrjú tilvik komið upp í grennd við Laugarnesskóla þar sem fullorðinn einstaklingur reynir að tæla ungt barn upp í bíl til sín. Síðast í fyrradag reyndi kona að tæla sjö ára barn upp í gráan bíl sem konan ók.

Mikill óhugur er meðal foreldra og kennara, og hafa komið fram hugmyndir um að koma upp öryggismyndavélum við skólann.

Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla, segir mikla umræðu vera innan veggja skólans og brýnt sé fyrir börnum að fara alls ekki upp í bíl með ókunnugum. - kak

Heimtað að garði sé lokað:

# Uppnám vegna dauða Maríusar

**DANMÖRK** Aflífun gíraffans Maríusar í dýragarðinum í Kaupmannahöfn hefur vakið mikla reiði.

Hann var 18 mánaða og heilbrigður en var felldur vegna plássleysis og hættu á innræktun.

Ákvörðunin er þó ekki einsdæmi því í garðinum eru 20 til 30 dýr tekin af lífi á hverju ári. Tugþúsundir hafa tíst vegna málsins, hafa starfsmenn dýragarðsins verið nafngreindir, heimtað að yfirmaðurinn sé rekinn og að garðinum verði lokað. Yfirmaðurinn lætur engan bilbug á sér finna og segir að muna verði að dýrin séu villtar skepnur. - hþ






Lögmanni refsað í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir ámælisverð vinnubrögð:

# Sektaður um 300 þúsund krónur

**DÓMSTÓLAR** Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur sektaði í gær Stefán Karl Kristjánsson lögmann um 300 þúsund krónur vegna ámælisverðra vinnubragða. Stefán Karl er verjandi manns sem um leið var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot.



**STEFÁN KARL KRISTJÁNSSON**

Stefán Karl mætti ekki við aðalmeðferð málsins 4. febrúar síðastliðinni. Við þinghaldið kvaðst ákærði í málinu ekki hafa heyrt í verjanda sínum frá því málið var tekið fyrir í desember. Stefán Karl boðaði ekki forföll.

Áður hafði þurft að fresta fyrirtöku málsins vegna þess að Stefán Karl mætti ekki eða lét vita á síðustu stundu að hann kæmist ekki.

Í dómnum segir að ákveða megi verjanda sekt fyrir að valda af ásetningi óþarfa drætti á máli og fyrir að misbjóða virðingu dómsins með framferði í þinghaldi.

Málið var sex sinnum tekið fyrir í dómsal en verjandi eða fulltrúi hans mætti bara í tvö. Einu sinni sendi Stefán Karl tölvupóst og boðaði forföll, en pósturinn var ekki sendur á sækjanda í málinu sem mætti í dómsal.

Í nóvember 2012 fékk Stefán Karl 100 þúsund króna sekt fyrir að kæra gæsluvarðhaldsúrskurð að ófyrirsynju. - hrs



**VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJAVÍKUR** Verjandi mætti bara í tvö skipti af sex í málarekstri sem lauk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.540.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## SVONA ERUM VIÐ



**80 krónur** **kostaði bíómiði á venjulega sýningu árið 1983.**

**Þrjátíu árum síðar, 2013, kostaði sami bíómiði 1.299 krónur.**

*Heimild: Hagstofan.is.*

Tæplega þrjú hundruð skutulsprengjur hafa verið notaðar við hvalveiðar síðastliðin fjögur ár:

# Dauðatími hvala verður mældur í sumar

**SJÁVARÚTVEGUR** Ekki eru til upplýsingar hjá hinu opinbera um hversu margir sprengiskutlar hafa verið notaðir við hvalveiðar hér við land frá 1989.

Þetta kemur fram í svari Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn frá Árna Þór Sigurðssyni, VG, á Alþingi.

Sigurður Ingi segir í svari sínu að skráning skutulsprengja hafi fyrst verið gerð að skilyrði í skráningu veiðidagbóka fyrir fjórum árum. Síðan hafi verið notaðar 285 skutulsprengjur.

Í leyfi Hvals hf. til veiða á langreyði er ekki kveðið á um skyldu til skráningar í veiðidagbók á þeim skutulsprengjum sem teknar eru um borð í hvalveiðiskip og notaðar eru við langreyðarveiðar. Því viti ráðuneytið ekki hversu margar slíkar sprengjur hafi verið notaðar eða fluttar um borð í skipin.

Þá kemur fram í svari ráðherra að hvorki Hafrannsóknastofnun né Fiskistofa hafi safnað vísindalegum gögnum um dauðatíma við veiðar á hrefnu eða langreyði við Ísland. Mælingar á dauðatíma verði hins vegar gerðar næsta sumar í samvinnu við viðurkennda erlenda sérfræðinga. **- jme**



**GÖGNUM SAFNAÐ** Ekki hefur verið safnað vísindagögnum um dauðatíma við veiðar á hrefnu og langreyði við Ísland. Það verður gert í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**SÆSTRENGUR Í VESTMANNAEYJUM** Álit nefndarinnar er að hefja þurfi vinnu við nánari greiningu. MYND/LANDSNET

Nefnd fjallar um sæstreng:

## Beinir málinu til ráðherra

**ALÞINGI** Atvinnuveganefnd hefur fjallað um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu.

Nefndin beinir málinu áfram til ráðherra og leggur til að hafin verði sem fyrst vinna við nánari greiningu á verkefninu og hugað verði að mörgum óvissuþáttum, sem lúta meðal annars að hagrænum og félagslegum áhrifum verkefnisins.

Nefndin leggst því hvorki gegn né mælir með því að lagður verði sæstrengur til Evrópu, sem gæti að mati nefndarinnar, orðið eitt stærsta verkefni sem þjóðin hefur tekist á við í orkufrekum iðnaði. **- ebg**

Allir eiga að læra táknmál:

## Um 250 manns kunna táknmál

**TUNGUMÁL** „Það eru ekki sérlega margir Íslendingar sem tala eingöngu táknmál, ætli það séu ekki um 250 manns,“ segir Margrét Gígja Þórðardóttir, kennslustjóri hjá Samskiptamiðstöð heyrnarskertra og heyrnarlausra. „En heyrnarskertir Íslendingar eru miklu fleiri,“ segir hún og telur að allir eigi að læra táknmál.

Dagur íslenska táknmálsins var haldinn hátíðlegur með fjölbreyttri dagskrá í gær. **- bb, hþ**

# Sjúkratryggingar rúnar trausti

Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra neita að skrifa undir samning sem samninganefnd Sjúkratrygginga Íslands gerði við Félag sjúkraþjálfara. Sjúkraþjálfarar eru nú samningslausir, sem bitnar á notendum þjónustunnar. Samningur við sérgreinalækna er enn ófjármagnaður vegna ágreinings milli ráðuneytanna og SÍ.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er stórfrétt að stjórnvöld séu ekki tilbúin til að samþykkja gjörðir samninganefndar Sjúkratrygginga Íslands. Þá spyr ég, hver er trúverðugleiki samninganefndarinnar?“ segir Unnur Pétursdóttir, formaður Félags sjúkraþjálfara.



**UNNUR PÉTURSDÓTTIR**

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) gengu frá samningi við Félag sjúkraþjálfara fyrr á þessu ári, en heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra neita að staðfesta samninginn.

Unnur segir þetta í fyrsta skipti í þrjátíu ára sögu samninga sjúkraþjálfara við ríkið sem samninganefnd ríkisins er gerð afturreka af ráðherra.

„Ástæða þess að ég hef ekki getað staðfest samning við Félag sjúkraþjálfara er að óbreyttur samningur samræmist ekki verðlagsmarkmiðum fjárlaga,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra. Hann segir stöðuna sem upp sé komin vera mjög óþægilega.

Aðspurður segir Kristján samninginn ekki ganga þvert á markmið ríkisins, heldur séu í honum tæknileg atriði sem þurfi að fara betur yfir. „Lengra komust Sjúkratryggingar ekki í samningunum og nú þarf ráðuneytið að fara yfir stöðuna,“ segir Kristján. Hann gerir ráð fyrir að efnt verði til nýrra viðræðna.

„Við seildumst ansi langt til að koma til móts við þá,“ segir Unnur. Hún segir viðræðurnar hafa byggst á samningstilboði frá stjórnvöldum. Upphafleg krafa sjúkraþjálfara var átta prósent hækkun á gjaldskrám. Niðurstaðan var hins vegar 2,8 prósent hækkun, en aðrir þættir komu á móti svo sem nýir gjaldaliðir í gjaldskrá.

„Undrandi er ekki nógu sterkt orð yfir það hvernig maður upplifir svona. Hvaða samningsumboð hefur samninganefnd SÍ? Eins og staðan er nú er þessi samninganefnd algjörlega rúin trausti í mínum augum,“ segir Unnur.

Samningur við sjúkraþjálfara er ekki eini samningur SÍ í uppnámi. Ráðherra skrifaði undir samning við sérgreinalækna undir lok síðasta árs sem tekið hefur gildi, en enn hefur ekki verið gengið frá fjármögnun hans.

„Það er ekki óskastaða að skrifa undir samning sem ekki er búið að fjármagna. Við kláruðum að semja, en svo hefur það því miður gerst að þetta strandar svona á ráðuneytunum,“ segir Heiðar Örn Arnarson, upplýsingarfulltrúi SÍ.

**eva@frettabladid.is**



**SJÚKRAÞJÁLFUN** Samningsleysi sjúkraþjálfara leiðir til þess að notendur þjónustunnar þurfa að leggja út fyrir fullum kostnaði og sækja sjálfir um endurgreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

## → Greiðir nú árs kostnað á tveimur vikum



„Það er bara þessi óvissa sem setur fólk út af laginu,“ segir Haukur Agnarsson, faðir drengs með CP sem sækir sjúkraþjálfun tvisvar í viku. „Manni verður alltaf hugsað til foreldra barna sem hafa ekki kost á að senda þau,“ segir hann. Sonur Hauks var einn mættur í sjúkraþjálfun í gærmorgun, en venjulega eru fleiri börn sem mæta á sama tíma.

Haukur segist hafa greitt 8.000 krónur fyrir tíma sonar síns í gærmorgun, en hann greiðir venjulega um það bil 35.000 krónur á ári. „Það er svipað og ég myndi borga á tveimur vikum ef ástandið breytist ekki.“

Haukur segir sjúkraþjálfun skipta höfuðmáli fyrir son sinn til að takast á við dagleg verkefni. „Þegar maður er vikulega inni á þessum stöðum sér maður að upp til hópa er þar fólk sem þarf virkilega á þessu að halda.“

## → Foreldrar afboða börn í sjúkraþjálfun



Nokkur fjöldi fólks hafði afboðað sig hjá Sjúkraþjálfun Hafnarfjarðar í gær. Haraldur Sæmundsson sjúkraþjálfari segir það helst foreldra sem hætta við að koma með börn sín. „Það eru alveg 80 til 90 prósent foreldra sem ekki treysta sér til að stíga þessi skref,“ segir hann.

Ný reglugerð, sem tók gildi í gær, leyfir Sjúkratryggingum Íslands að endurgreiða kostnað einstaklinga vegna sjúkraþjálfunar. Breytingin er sú að fólk þarf að leggja út fyrir fullum kostnaði og sækja sjálft um endurgreiðslu, en áður fór endurgreiðslan fram í gegnum sjúkraþjálfara.

Haraldur segir misjafnt hvernig þetta komi niður á fólki. „Fyrir börn, öryrkja og ellilífeyrisþega er þetta meira stökk, þar sem þau fá hærri niðurgreiðslu.“ Aðrir greiði nú þegar 80 prósent af meðferðarkostnaði.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HRÍÐ EÐA SKAFRENNINGUR** víða um norðan og norðvestanvert landið, en það má gera ráð fyrir hvassviðri og ofankomu einkum á Vestfjörðum fram á morgundaginn. Áfram úrkomulaust að mestu á suðvestanverðu landinu.




**Á morgun**
10-18 m/s S- og V-til, annars hægari.




**Föstudagur**
8-15 m/s, hvassast við ströndina.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 5° | Gautaborg | 3° | London | 7° | Orlando | 27° | San Francisco | 15° |
| Basel | 14° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 3° | Mallorca | 18° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 2° |
| Berlín | 6° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 20° | New York | -3° | París | 8° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK

# SILO SVEFNSÓFI
## með tungu og rúmfatageymslu

Mikið úrval svefnsófa
**dorma.is**
Skoðaðu úrvalið!



Stærð: 228x162 H: 83 cm.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Með rúmfatageymslu í tungu.
Svefnsvæði 140x190 cm
**Verð krónur 139.900**

SILO SVEFNSÓFI
**119.900**
Fullt verð kr. 139.900

## Nature's Comfort heilsurúm



140X200 HEILSURÚM
**138.900**
Dýna, botn og lappir

120X200 HEILSURÚM
**119.900**
Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

## Nature's Rest heilsurúm



140X200 HEILSURÚM
**92.900**
Dýna, botn og lappir

120X200 HEILSURÚM
**79.900**
Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

## C&J stillanlegt heilsurúm
### með Shape dýnu

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



2X90X200 STILLANLEGT
**466.800**
Dýnur, botn og lappir

Charlotte & Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

## Shape heilsurúm

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



160X200 HEILSURÚM
**167.900**
Dýna, botn og lappir

180X200 HEILSURÚM
**184.900**
Dýna, botn og lappir

Heilsudýna sem:
- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

## EASY hægindastóll



EASY HÆGINDASTÓLL
**69.900**
Fullt verð kr. 89.900

Fæst í ljósu, brúnu og svörtu bundnu leðri.
Stöðugir fætur.

## AFTON hægindastóll



AFTON HÆGINDASTÓLL
**69.900**
Fullt verð kr. 99.900

Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur.

# DORMA
– býður góða nótt

**Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800** • Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100
**OPNUNARTÍMI HOLTAGÖRÐUM:** Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰, Laugardaga 11⁰⁰–16⁰⁰

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu háa upphæð vilja Bretar og Hollendingar frá innstæðutryggingarsjóði?
**2.** Hvaða danska handboltalið mun Aron Kristjánsson þjálfa út þetta tímabil?
**3.** Hvað tónlistarkonu myndaði Saga Sig á forsíðu Wild Magazine?

**SVÖR:**
**1.** Eitt þúsund milljarða. **2.** KIF Kolding Kaupmannahöfn. **3.** M.I.A.

Íbúar hafa tekið þátt í fjölmennum mótmælum sem staðið hafa yfir í Sarajevo undanfarna viku:

# Krefjast afsagnar stjórnarinnar í Bosníu

**BOSNÍA** Undanfarna viku hafa Bosníubúar fjölmennt út á götur til að krefjast afsagnar stjórnarinnar. Þúsundir manna tóku þátt í mótmælunum á mánudag í höfuðborginni Sarajevo og fleiri borgum landsins.

Ástæður mótmælanna eru raktar til landlægrar spillingar, innbyrðis deilna ráðamanna og 40 prósent atvinnuleysis sem almenningur finnur illilega fyrir.

Óróleikinn í landinu er sá mesti frá því Bosníustríðinu lauk árið 1995, en það hafði þá geisað í fjögur ár og kostað um hundrað þúsund manns lífið.

„Þeir nota alltof mikinn tíma í að kenna hver öðrum um í staðinn fyrir að líta í eigin barm," hefur fréttavefurinn EUObserver eftir Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, um ráðamenn í Bosníu. Þessar innbyrðis deilur hafi orðið til þess að þeir hafi trassað að fara út í efnahagsumbætur.

William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, segir Evrópusambandið nú þurfa að bregðast við og hjálpa Bosníu við að fá aðild að ESB. - gb



**MÓTMÆLI Í BOSNÍU** Afsagnar stjórnarinnar er krafist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tollar á frönskum kartöflum:

## Fimmfaldir á við aðra tolla

**TOLLAR** „Við núverandi kerfi á innflutningstollum verður ekki unað," segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. Landsmenn greiða fimmfalt hærri tolla af innfluttum frönskum kartöflum en á öðrum sambærilegum vörum.



**ALMAR GUÐMUNDSSON**

„Í núverandi kerfi er stór hluti af þeim frönsku kartöflum sem við neytum framleiddur úr erlendu hráefni. Það leiðir af sér að sá verðtollur sem er í gangi missir marks," segir Almar. „Það er ekki verið að vernda innlenda framleiðslu eins og er áskilið. Ofan í það er tollurinn hér 76 prósent á franskar kartöflur frá Evrópusambandinu samanborið við eingöngu 14% þegar við horfum á toll á sambærilega vöru í ESB." - bb

Dönsk forsjármál gagnrýnd:

## Mál Hjördísar í nefnd í Brussel

**DANMÖRK** Forsjármál í meðförum danskra stjórnvalda voru harðlega gagnrýnd á nefndarfundi undir Evrópuráðinu sem fram fór í Brussel í gær.

Nefnd á vegum ráðsins hefur undanfarið haft til skoðunar 27 mál sem snúa að réttindum barna í Danmörku. Þar á meðal var fjallað um mál Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur, sem situr nú í fangelsi í Horsens í Danmörku.

Á fundinum voru flestir á því máli að verulegra úrbóta væri þörf en dönskum stjórnvöldum er gefið að sök að hafa ítrekað brotið gegn barnasáttmálum í meðferðum forsjármála. - mlþ

# Tveir Íslendingar hluti af þreföldu banaslysi í Noregi

Þrír fórust og tveir eru alvarlega slasaðir eftir að flutningabíll með íslenskan ökumann við stýrið ók á rútu í þorpinu Sokna í Noregi. Annar flutningabíll, einnig með Íslending við stýrið, skall á bílunum tveimur.



**Á SLYSSTAÐ** Mikil hálka var á veginum þegar slysið varð í Sokna í Noregi. Lögreglu- og sjúkrabílar voru fljótir á vettvang. MYND/VG

**BÍLSLYS** Þrír fórust í þorpinu Sokna í Noregi þegar flutningabíll með sextugan Íslending við stýrið ók á rútu með níu manns um borð. Rútubílstjórinn, sem var 51 árs, lést ásamt tveimur farþegum. Annar þeirra var sextán ára stúlka en hinn 69 ára karlmaður sem starfaði einnig sem rútubílstjóri. Tveir farþegar rútunnar til viðbótar liggja alvarlega slasaðir á Ullevål-sjúkrahúsinu í Ósló eftir að hafa verið fluttir þangað með þyrlu.

Flutningabíllinn var á leið frá Gardermoen-flugvelli til bæjarins Førde þegar hann rann í hálku, fór yfir á öfugan vegarhelming og lenti á rútunni. Hún var á áætlunarleið á milli Óslóar og Lærdal.

„Þetta er hræðilega sorglegt fyrir fjölskyldur fórnarlambanna en einnig fyrir okkur kollegana," sagði Per Steinar Sviggum, forstjóri rútufyrirtækisins Sogn Billag/Netbuss, eiganda rútunnar sem lenti í slysinu í viðtali við VG. Sviggum fundaði í gær með rútubílstjórunum sem starfa hjá fyrirtækinu til að ræða við þá um slysið. Báðir rútubílstjórarnir voru mjög reyndir í fagi sínu.

Ökumaður hins flutningabílsins, hinn 33 ára Guðjón Guðmundsson, var á leið frá höfuðborginni Ósló til Bergen. „Það var gríðarlega mikil hálka og ég reyndi hvað ég gat til að hægja á bifreiðinni, en allt kom fyrir ekki," sagði Guðjón í samtali við NRK. „Þetta gerðist svo skyndilega og áður en ég vissi af var bifreiðin komin á hliðina." Hann sat fastur í bílnum í stutta stund áður en lögreglan kom á vettvang.

Glerhált var á veginum þar sem slysið varð. Fyrr um kvöldið þótti ekki ástæða til að salta vegarkaflann þar sem slysið varð eða setja á hann sand, að því er kom fram á vefsíðu NRK. Eftir að ástand vegarins hafði verið metið byrjaði að rigna á svæðinu og myndaðist mikil ísing vetrardekkjum, samkvæmt norskum fjölmiðlum. Grunur leikur á að bílstjórinn hafi ekið gáleysislega. „Skýrsla var tekin af manninum, ökuskírteini hans tekið en hann er ekki í varðhaldi," sagði Arne Erik Hakonsen, lögreglumaður í Ringeríki í Noregi, í viðtali við Vísi um stöðu Íslendingsins.

freyr@frettabladid.is

eftir að hratt hafði kólnað. Gríðarleg hálka myndaðist því á veginum.

Ökumaður flutningabílsins sem ók á rútuna var hvorki undir áhrifum áfengis né vímuefna. Flutningabíllinn var jafnframt á góðum




Sokna er þorp á milli borganna Hønefoss og Krøderen í Ringeríki í sýslunni Buskerud. Sokna er 59 kílómetra norðvestur af höfuðborginni Ósló.

### ➜ Tímalína fyrir bílslysið í Sokna á mánudagskvöld

**23.50** Flutningabíll sem ekur eftir þjóðvegi 7 ekur á níu manna rútu.

**23.51** Annar flutningabíll skellur á hinum flutningabílnum og rútunni.

**23.56** Norsku lögreglunni er tilkynnt um slysið.

**00.11** Lögreglu- og sjúkrabílar koma á vettvang.

**04.30** Hinum látnu er náð í burtu úr flaki rútunnar.

**05.45** Yfirheyrslum lýkur yfir ökumanni fyrri flutningabílsins sem ók á rútuna.

weber Hágæða flísalím og fúga
DEITERMANN TECHNOLOGY INSIDE



Weber.xerm. 850 BlueComfort C2TE kr. 2.790



Weber.xerm. BlueComfort 852 C2TE S1 kr. 3.990



Weber.xerm. BlueComfort CE /TE S1 Xtra Flex kr. 5.290



Weber.Fug 870 Fúga 1-6 mm CG1 5 kg kr. 1.690


Weber.Fug 880 Silicone EC.1. plus 310 ml. kr. 1.190



Weber.tec 822 Rakakvoða
8 kg kr. 7.890
24 kg kr. 19.990

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÓDÝR RAFMAGNSVERKFÆRI
Við Fellsmúla - Reykjavík
3996
4995
BORVÉL 500W
7996
9995
HÖGGBOR/BROTVÉL 620W
2396
2995
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
3196
3995
HLEÐSLUBORVÉL 12V
4796
5995
SLÍPIROKKUR 580W
3596
4495
HITABYSSA
1436
1795
LÍMBYSSA
3196
3995
LÓÐBYSSA
3196
3995
SLÍPIMÚS
TILBOÐSDAGAR
Á RAFMAGNSVERKFÆRUM
20%
afsláttur
4796
5995
BÓNVÉL
3196
3995
JUÐARI
7196
8995
FLÍSASÖG
3996
4995
JUÐARI 150W
4796
5995
STINGSÖG
5596
6995
HJÓLSÖG 1200W
4796
5995
SMERGEL
7196
8995
BELTASLÍPIVÉL 900W
8796
10.995
RAFMAGNSHEFILL
7676
9595
VATNSRYKSUGA
21.520
26.900
BÚTSÖG M. SLEÐA 2100W
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16







# Undirbúa gerð laga um stöðu steramála

Margir telja að þyngri refsingar við brotum sem tengjast sterasölu og -innflutningi myndu vinna gegn þróun síðustu tveggja ára þar sem sterainnflutningur hefur stóraukist. Innan velferðarráðuneytisins er unnið að setningu laga um stöðu stera.

**FRÉTTASKÝRING**
Hvernig er lagaumhverfið um sterainnflutning og sölu hér á landi?

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur innflutningur á sterum hingað til lands aukist stórlega síðustu tvö ár. Refsingar eru þó afar vægar.

Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við Fréttablaðið að þar á bæ hafi mál tengd sterum ekki verið í forgangi hjá þeim.

„Forgangsatriðin markast annars vegar af því sem við teljum vera alvarlegustu brotin og hins vegar út frá refsiþyngdinni. Það eru ekki þungar refsingar í þessum steramálum þannig að við höfum fyrst og fremst tekið þau tilvik sem tengjast fíkniefnamálum.“

Refsiramminn í málum sem tengjast sterum felur ekki í sér fangelsisvist heldur fjársektir enda falla steraefni ekki undir ávana- og fíkniefni hér á landi.

Ýmsir hafa þó þrýst á um að lögum eða reglum verði breytt til að þyngja refsingar. Til dæmis segir Skúli Skúlason, formaður lyfjanefndar ÍSÍ, að refsingar hér á landi hafi lítinn sem engan fælingarmátt.

„Það er bara einhver smá sekt og slegið á puttana fyrir utan að það er enginn hvati fyrir lögregluna til að sækja þessi mál. Aukinn refsirammi ætti að geta haft einhvern fælingarmátt, sérstaklega gagnvart minni aðilum sem hefðu hugsað sér að flytja inn stera til að drýgja tekjurnar. Þeir myndu þá kannski hugsa sig betur um.“

Einar Magnússon, lyfjamálastjóri hjá velferðarráðuneytinu, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi mál séu til skoðunar en engin ákvörðun hafi verið tekin. Spurður hvort eitthvað mæli gegn því að sterar séu á listanum yfir ávana- og fíkniefni segir Einar að í raun séu skiptar skoðanir um málið og bendir meðal annars á að sterar eru ekki flokkaðir sem ávana- og fíkniefni hjá fíkniefnanefnd Sameinuðu þjóðanna.

„Sumar þjóðir taka þá samt með, til dæmis Bretar sem víkka skilgreininguna út í eftirlitsskyld efni. Svo eru til vísindagreinar sem sýna fram á ávana og fíkn í stera. Þannig að sumir eru þeirrar skoðunar að sterar gætu fallið undir svokölluð skyld efni í lögum um ávana- og fíkniefni, en um það eru menn ekki sammála, að minnsta kosti ekki frá lögfræðilegu sjónarmiði.“

Einar segir mikilvægt að skýra málið og að því hafi verið unnið innan ráðuneytisins. „Til að taka af vafa í þessum málum teljum við rétt að tryggja málið í lögum frekar en að bæta sterum inn á bannlistann í reglugerð.“

> **Aukinn refsirammi ætti að geta haft einhvern fælingarmátt, sérstaklega gagnvart minni aðilum sem hefðu hugsað sér að flytja inn stera til að drýgja tekjurnar.**
> *Skúli Skúlason, formaður lyfjanefndar ÍSÍ*

Hann bendir á að lagabreytingar séu mun þyngra ferli en reglugerðarbreytingar, og mikilvægt sé, í ljósi þess að um sé að ræða refsimál, að vanda til verka.

Aðspurður segir Einar að í ljósi þeirra mála sem liggja fyrir á þessu þingi sé ljóst að frumvarp muni ekki koma til umræðu fyrr en í fyrsta lagi á næsta þingi.

thorgils@frettabladid.is



**STERAR** Á síðustu tveimur árum hefur aukist stórlega það steramagn sem tollgæslan hefur lagt hald á. MYND/TOLLURINN

## Tekin með 27.000 töflur en fór úr landi

Erlend kona var í síðasta mánuði staðin að tilraun til að flytja inn 27.000 steratöflur í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Henni var gerð sekt fyrir brot sitt, en fór af landi brott skömmu eftir að rannsókn lauk.

Til samanburðar lagði tollurinn á árunum 2010 og 2011 hald á innan við 40.000 töflur í heild hvort árið.




PÓSTURINN
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ PÓSTINN RAFRÆNT
Með Skönnunarþjónustu Póstsins nýtir þú þér nútímatæknina og minnkar pappírsflóðið. Við skönnum inn nafnamerktan póst og sendum þér rafrænt. Þú kemur skipulagi á póstinn þinn og getur nálgast hann þegar þér hentar.
Kynntu þér málið á www.postur.is
VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA – RAFRÆNT
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2830

GULLMOLAR 2012-2013

Eigum frábært úrval af nýlegum lítið eknum bílum á frábæru verði! Tryggðu þér eintak strax í dag!

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




OPEL ASTRA ENJOY TURBO
Nýskr. 07/13, ekinn 2 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 270443.
Frábært verð 3.850 þús.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 08/12, ekinn 43 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.990 þús.
Rnr. 141819.



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/13, ekinn 22 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.290 þús.
Rnr. 141889.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/13, ekinn 25 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.270 þús.
Rnr. 141913.



RENAULT MEGANE SP.TOURER
Nýskr. 05/13, ekinn 29 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr. 141914.



RENAULT TRAFIC 9 manna
Nýskr. 11/12, ekinn 40 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 5.220 þús.
Rnr. 141683.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 05/13, ekinn 24 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.860 þús.
Rnr. 141826.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna hefur tilnefnt verkefni til verðlauna:

# Fimm öndvegisverkefni valin

**IÐNAÐUR** Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur valið fimm verkefni sem öndvegisverkefni sjóðsins og þar með tilnefnt þau til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2014.

Öndvegisverkefnin eru Hjólaleiðir á Íslandi, en markmið verkefnisins var að koma einni hjólaleið á Íslandi inn á kort EuroVelo og verkefnið Hönnun á rafsegulfastefni fólst í athugun á notkun segulvirkra elastómera til að gera stífni stoðtækja breytilega.

Með Myndrænni framsetningu uppskrifta á að auðvelda skilning og aðgerðir sem mataruppskriftir fela í sér og í verkefninu Myndræn málfræði fyrir börn greind með einhverfu og málhömlun var búið til námsefni sem þjálfar málkunnáttu á myndrænan hátt.

Með Útsetningum á íslenskum þjóðlögum fyrir einleiksfiðlu og fiðludúó var leitast við að vekja áhuga á íslenskri þjóðlagahefð og glæða hana nýju lífi.

- ebg



**FORSETI ÍSLANDS** Ólafur Ragnar Grímsson afhendir Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands á morgun, fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HITTUST** Nicos Anastesiades, forseti Kýpur-Grikkja, og Dervis Eroglu, leiðtogi Kýpur-Tyrkja, en á milli þeirra stendur Lisa Buttenheim, erindreki framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á Kýpur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Viðræður hafnar á ný um sameiningu

Fulltrúar Kýpur-Grikkja og Kýpur-Tyrkja eru aftur byrjaðir að ræða sameiningu og hafa komið sér saman um drög að fyrirkomulagi nýs sambandsríkis. Fyrri viðræður hafa jafnan farið út um þúfur og hafa nú legið niðri síðan um mitt ár 2012.

**KÝPUR, AP** Leiðtogar Kýpur-Grikkja og Kýpur-Tyrkja hittust í gær og ræddu saman í hálfa aðra klukkustund. Þeir komu sér saman um skjal, sem lýsir drögum að fyrirkomulagi nýs sambandsríkis á eyjunni.

„Það sem nú þarf er framtíðarsýn og staðfesta af hálfu leiðtoga og almennings á Kýpur til þess að endurreisa gagnkvæmt traust sín á milli, en einnig til þess að komast að samkomulagi sem felur í sér að enginn tapar og enginn sigrar,“ sagði Nicos Anastadiades, forseti Kýpur-Grikkja, við upphaf fundar síns með Dervis Eroglu, leiðtoga Kýpur-Tyrkja.

Hugmyndir þeirra nú um sambandsríki eru ekki ýkja frábrugðnar þeim hugmyndum, sem áður hefur verið unnið eftir í fyrri viðræðum, nema hvað að í þetta skiptið er öll áhersla lögð á að viðræðurnar dragist ekki á langinn. Leiðtogar Evrópusambandsins, þeir Herman van Rompuy, forseti ráðherraráðsins, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu í gær þar sem þeir fögnuðu því að viðræður væru hafnar á ný. Þeir sögðu yfirlýsingu þeirra Anastadiades og Eroglu leggja „traustan grunn“ að friðarsamkomulagi.

Þá sagðist Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, vonast til þess að ekkert bakslag komi í viðræðurnar. Eyjan klofnaði í tvennt árið 1974 eftir að grískir íbúar hennar höfðu reynt að gera uppreisn og sameina eyjuna Grikklandi. Tyrkland brást við með því að senda herlið til eyjunnar og lögðu Tyrkir þá hinn tyrkneska hluta hennar undir sig.

Tyrkneski hlutinn lýsti svo yfir sjálfstæði árið 1983, en nýtur ekki viðurkenningar neins staðar sem sjálfstætt ríki nema af hálfu Tyrklands.

Stjórn gríska hlutans samdi svo um aðild eyjunnar að Evrópusambandinu, og varð sú aðild að veruleika árið 2004. Kýpur tók svo upp evruna í ársbyrjun árið 2008.

gudsteinn@frettabladid.is




**KÝPUR** Hefur verið tvískipt milli grískra og tyrkneskra íbúa hennar síðan 1974.


MATREIÐSLU-NÁMSKEIÐ
EINFALT, HOLLT OG FLJÓTLEGT – AF ÞVÍ AÐ ÞÚ SKIPTIR MÁLI!

Miðvikudagurinn 19. feb.
7.600 kr.



SIF GARÐARSDÓTTIR
Sif Garðarsdóttir er heilsumarkþjálfi og einkaþjálfari með yfir 15 ára reynslu.

Nánari upplýsingar og skráning:
sifg@hotmail.com
www.sifgardars.is

LANGAR ÞIG AÐ LÆRA AÐ BÚA TIL NÆRINGARRÍKA OG FLJÓTLEGA FÆÐU?

**Hráfæði – Þeytingar – Ofurfæði**
Lærðu að búa til kraftmikinn morgunmat, millimál, þeytinga, mjólkurlausa mjólk, hráfæði, aðalrétti, eftirrétti og ís.

**Sýnikennsla og fræðsla.**
Eingöngu er notast við algeng eldhúsáhöld, matvinnsluvél og blandara við matseldina.

Allir fara saddir og sælir heim með glænýtt uppskriftasafn auk þess sem Facebook-hópur verður stofnaður þar sem hægt er að spyrja spurninga og deila reynslu eftir námskeiðið.

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30-21:00

„Fróðlegt og skemmtilegt námskeið sem sýnir manni að það þarf alls ekki að vera flókið eða tímafrekt að útbúa hollan og bragðgóðan mat og millimál.“
– Karen Lilja Sigurbergsdóttir



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979



ÄÄB EINKUNN
1400 SNÚNINGA
XL 7 KG
AEG
L-62470FL Lavamat þvottavél
Sérlega vönduð AEG þvottavél, hlaðin þægindum og nýrri tækni. Býður upp á sveigjanlegan þvottatíma.
Hraðval á helstu kerfum - 30-50% tímasparnaður.
1400 sn. stillanlegur vinduhraði.
14 þvottakerfi þ.á.m. ullar- og silkikerfi, handþvottakerfi, gallabuxnakerfi og ofnæmisskolun.
Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
Tímaskjár sem sýnir eftirstöðvar tíma.
Mishleðsluskynjun.
Sérstök blettameðhöndlun.
Einföld og þægileg í allri notkun.
A+++/A/B einkunn f.orkunýtni þvott og vindu.
Fullt verð kr. 139.900.-
KYNNINGARVERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 40.000
AAC EINKUNN
6 KG
exquisit
WM-6810 Þvottavél
Einföld og þægileg þvottavél með 15 þvottakerfum og hraðþvotti.
Tekur allt að 6 kg.
Kerfa- og hitaval með einum valrofa.
Ullarkerfi og handþvottakerfi.
1000 snúninga stillanlegur vinduhraði.
A+A/C einkunn f.orkunýtni þvott og vindu.
Fullt verð kr. 69.900.-
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
49.900
SPARAÐU 20.000
exquisit
TAE-62 Þurrkari
Þurrkari með barka og rakaskynjara.
15 mismunandi þurrkkerfi fyrir nær allar gerðir af þvotti.
Tekur allt að 6 kg.
Framstillt ræsing um allt að 12 klst.
Hljóðmerki í lokin.
Stór lúga með glugga.
Fullt verð kr. 64.900.-
RAKA-SKYNJARI
XL HURÐAR-OP
HLJÓÐ-MERKI
KYNNINGARVERÐ KR.
49.900
SPARAÐU 15.000
13-33%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM UPPÞVOTTAVÉLUM
Veldu á milli 30 mismunandi gerða með 13-33% afslætti. Venjulegar 60 cm uppþvottavélar, mjórri 45 cm, borðuppþvottavélar eða innbyggðar í innréttingu frá AEG, Electrolux, Zanussi, Exquisit, Siemens og Fischer & Paykel.
VERÐ FRÁ KR.
49.900
13-33% AFSLÁTTUR
AEG ZANUSSI exquisit Electrolux SIEMENS
Electrolux
EN-13600AOW Kæli- og frystiskápur
Stór kæli- og frystiskápur með rúmgóðum SpacePlus frysti og vandaðri innréttingu.
245 lítra kælir og 92 lítra frystir.
Glerhillur, flöskurekki og 2 grænmetisskúffur.
Sjálfvirk affrysting í kæli.
Björt og endingargóð LED lýsing.
HxBxD: 185 x 59,5 x 63 cm.
Fullt verð kr. 139.900.
185 CM HÁR
LED LÝSING
KYNNINGARVERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 40.000
144 CM HÁR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
55.555
SPARAÐU 9.345
exquisit
KGC-270/45 Kæli- og frystisk.
Með 171 lítra kæli og 41 lítra frysti.
HxBxD: 144 x 55 x 58 cm
Fullt verð kr. 64.900.
GÁMASALA
Electrolux
Eloisa serían í svörtu/silfurlit
Flott 1100W kaffivél - skilar rjúkandi heitu kaffi
Tveggja sneiða brauðrist
1,7 lítra 2200W hraðsuðukanna.
Fullt verð. 7.990 pr. stk.
VERÐ PR. STYKKI
4.444
45% AFSLÁTTUR
A+ ORKA
95 LÍTRAR
VERÐ PR STK KR.
39.900
GÁMASALA!
A+ ORKA
80 LÍTRAR
exquisit
GT-111 Frystikista
95 lítra frystikista í A+ orkuflokki með hitastilli
HxBxD: 86 x 54 x 54,5 cm.
Fullt verð kr. 54.900.
GS-80A Frystiskápur
80 lítra frystiskápur í A+ orkuflokki með 3 skúffum
HxBxD: 85 x 54,5 x 54 cm.
Fullt verð kr. 49.900.
PARKETHAUS
2200W MÓTOR
9,5M VINNU-RADÍUS
KYNNINGARVERÐ KR.
15.990
27% AFSLÁTTUR
AEG
ACE-4122BP Vampyr ryksuga
Kraftmikil og vönduð 2200W AEG ryksuga með stillanlegum sogkrafti og stillanlegu stálskafti.
Fyrir utan venjulegan ryksuguhaus fylgir parkethaus með mjúkum hárum og gúmmíhjólum.
Örtrefjapokar sem taka meira og rifna síður.
Fullt verð 21.990.
KYNNINGARVERÐ KR.
149.900
SPARAÐU 50.000
AEG
HK-764400XB Spanhelluborð
71 cm breitt spanhelluborð með 4 XXL hellum sem hentar fyrir allar stærðir af pottum/pönnum.
Orku- og tímasparnaður með spansuðu.
DirectTouch beinval á hraða.
Booster háhraðahellur, Stop&Go aðgerð og suðusjálfvirkni.
Fullt verð kr. 199.900.-
SPANSUÐA
4 XXL MAXI ZONE HELLUR
SNERTI-TAKKAR
HRAÐ-HELLUR
BLÁSTUR
XXL 74 L
ZANUSSI
ZOB-20601XK Ofn
Einfaldur og góður ofn frá Zanussi með blæstri og stórum ofni.
6 eldunarkerfi þ.á.m. blástur, pizzakerfi, stórt/lítið grill/gratínering og affrysting
Fullt verð kr. 79.900.
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
59.900
SPARAÐU 20.000
Rafha ehf
Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is
Kynningarverð gilda t.o.m. 21. feb 2014.

Herflugvél fórst í Alsír:

## Yfir hundrað létust, einn lifði

**ALSÍR** Að minnsta kosti 102 fórust þegar herflugvél fórst í austanverðu Alsír í gær, skammt frá bænum Oum El Bouaghi.

Einn lifði þó slysið af, að sögn yfirmanns almannavarna landsins.

Um borð í vélinni voru hermenn og fjölskyldur þeirra. Vélin var bandarísk herflutningavél af gerðinni Hercules C-130.

Veðurskilyrði voru slæm og sjónarvottar segja vélina hafa rekist í fjallshlíð og hrapað til jarðar. - gb

Hagnaður 150 milljarðar:

## Mikil verðhækkun á laxi



**NOREGUR** Hagnaður átta stærstu laxeldisfyrirtækjanna sem skráð eru í kauphöllinni í Noregi var í fyrra 8,1 milljarður norskra króna, jafngildi rúmlega 150 milljarða íslenskra króna, en var 1,3 milljarðar árið 2012 eða jafngildi rúmlega 24 milljarða íslenskra króna.

Í frétt á vef Aftenposten segir að verð á laxi hafi hækkað vegna mikillar eftirspurnar erlendis.

Hátt verð á laxi hefur valdið vinnslufyrirtækjum í Noregi erfiðleikum og hafa mörg þeirra orðið gjaldþrota. - ibs

# Skólar bjóða ekki kennslu í móðurmáli erlendra barna

Samkvæmt lögum og námskrá grunnskóla skal styðja við börn sem eiga annað móðurmál en íslensku til að rækta málið. Skólum er stuðningurinn í sjálfsvald settur. Peninga skortir og mannskap til að sinna verkinu.

**MENNTUN** Þrátt fyrir að mikilvægi þekkingar á móðurmáli sé viðurkennt í íslenskum lögum, aðalnámskrá grunnskóla og hafi verið staðfest í rannsóknum, er framboð á móðurmálskennslu á erlendum tungumálum afar takmarkað.

Skólastjórnendur í sveitarfélögum með hæsta hlutfall innflytjenda eru ekki sammála um hvort þeim beri skylda til að veita kennslu í móðurmáli nemenda.

„Það er engin skylda í íslensku menntakerfi að grunnskólar sjái um móðurmálskennslu,“ segir Halldór Sigurðsson, skólastjóri Grunnskóla Þorlákshafnar. Skólinn býður ekki upp á móðurmálskennslu í erlendum tungumálum, öðrum en norðurlandamálum, en Halldór segir skólann hvetja börnin til þess að skoða efni frá heimalandinu á netinu.

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal stefnt að „virku tvítyngi“ nemenda sem eiga annað tungumál en íslensku. Í aðalnámskrá grunnskóla má finna markmið á borð við að „mikilvægt sé að hafa í huga að nemendur með annað móðurmál en íslensku viðhaldi og rækti eigið móðurmál“.

„Við eigum að gera þetta. Þetta er í námskránni og er eitthvað sem á að gera. Rannsóknir sýna líka að börnum, sem ná góðum tökum á eigin tungumáli, gengur betur að læra önnur mál. Við gerum því allt sem í okkar valdi stendur til að bjóða kennslu hér,“ segir Berglind Einarsdóttir, staðgengill skólastjóra Grunnskóla Djúpavogs, en þar hefur ekki tekist að manna kennslu í nokkur ár.

Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri Flúðaskóla í Hrunamannahreppi, segir skólann gjarnan vilja bjóða meiri móðurmálskennslu en það vanti mannskap og fjármagn. „Við finnum að við þurfum að koma til móts við börnin. Þau eru orðin svo mörg,“ segir hún.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segist hafa orðið var við það strax við efnahagshrunið að móðurmálskennsla var skorin niður. „Fyrir hrun var almennt viðurkennt út frá kennslufræðilegum sjónarmiðum að það ættu sem flestir skólar að sinna þessum málum. En þegar minni peningur er til þá breytist öll forgangsröðun.“

eva@frettabladid.is



**Í PRÓFI** Mikilvægi þekkingar á móðurmáli er almennt viðurkennt en fáir skólar bjóða upp á kennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Á ábyrgð foreldra



**SOFFÍA VAGNSDÓTTIR** skólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur.

Nei, okkar skóli býður ekki upp á móðurmálskennslu fyrir erlenda nemendur. Við leggjum mikla áherslu á það við foreldra að þeir taki ábyrgð á tungumálakennslu barna sinna. Þeir tóku ákvörðunina um að flytja til annars lands og þurfa að taka ábyrgð á því.

Við buðum upp á pólskukennslu fyrir nokkuð mörgum árum, en hættum því svo. Matið á sínum tíma var að það fæli í sér misrétti ef ekki væru kennd öll tungumálin. Því var niðurstaðan að leggja allt í íslenskukennsluna og fela foreldrunum að sjá um móðurmálið.

### Sjálfsöryggi eykst



**MAGNÚS ÞÓR JÓNSSON** skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Við höfum ekki haft ráð á því síðustu árin. Það var hluti af niðurskurðinum og nú erum við ekki með formlega kennslu. Við fundum greinilegan mun. Sjálfsöryggi krakkanna eykst þegar þau fá móðurmálskennslu líka.

Þau eru mörg hver að fara inn í hluti sem krefjast mikils af þeim, en þarna kemur námsfag sem stendur þeim nær. Við höldum að það styrki sjálfsmynd þeirra.

Önnur hindrun er að við erum ekki með menntaða kennara í þessum tungumálum. Við reynum því að leysa þetta í samráði við foreldra sem hafa á því tök.





i30

Nettur og sparneytinn

Hyundai i30 - Verð: 2.990.000 kr.

1,4 bensín, beinskiptur / Brekkubremsa (HAS) / Hiti í sætum / Hiti í rafstýrðum hliðarspeglum eldsneytisnotkun 6,0 l/100 km*.

Bjóðum álfelgur og vetrardekk með öllum i30 í takmarkaðan tíma!

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61219

B|L Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080







NÝTT FRÁ ELEA
OMBRÉ LITUN

- Fáðu hár eins og Hollywood stjörnurnar. Notaðu ELEA OMBRÉ EFFECT til þess að lýsa enda hársins.

Íslenskar leiðbeiningar fylgja.

ELEA
PROFESSIONAL
COLOUR & CARE

ELEA háralitirnir fást í stórmörkuðum og verslunum um land allt.

Skólagjöld vega ekki að jafnrétti til náms:

# Tabúið ógurlega

Meirihluti landsmanna, eða 51 prósent, er hlynntur því að skólagjöld séu innheimt í háskólum, samkvæmt könnun sem Capacent gerði fyrir Viðskiptaráð og Fréttablaðið sagði frá í gær. Aðeins rúmur þriðjungur var andvígur slíkri fjármögnun háskóla og 16 prósent tóku ekki afstöðu.

Þessi niðurstaða þarf ekki að koma á óvart, í ljósi þess að hér á landi er góð reynsla af einkareknum háskólum sem innheimta skólagjöld. Það er hins vegar ógurlegt pólitískt tabú að leggja til að það sama eigi við um ríkisháskólana.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sagði þannig í Fréttablaðinu í gær að engin umræða væri um að taka upp skólagjöld; hingað til hefði verið afstaðan að gera það ekki „á þeim grundvelli að allir eigi að hafa jafnan aðgang að námi“. Þessi yfirlýsing er ekki sízt merkileg fyrir þær sakir að Unnur er þingmaður fyrir flokk sem hefur á stefnuskrá sinni að heimila ríkisháskólum að innheimta skólagjöld.

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, er sömu skoðunar og segir að ekkert megi vega að jöfnu aðgengi að menntun. „Við í Stúdentaráði teljum skólagjöld í raun vera ósýnilega hindrun, sem erfitt er að mæla og við vitum ekki almennilega hverjar afleiðingarnar gætu orðið.“

Þetta hefði hugsanlega verið rétt staðhæfing fyrir nokkrum áratugum, þegar fólk átti ekki val um annan háskóla en þann sem er kenndur við Ísland. Nú hafa einkareknir háskólar innheimt skólagjöld í á annan áratug. Ekkert bendir til að þau séu hindrun í vegi nokkurs manns sem vill stunda þar nám, eða að inn í þá skóla veljist fremur fólk úr efnameiri fjölskyldum.

Enda lánar Lánasjóður íslenzkra námsmanna fyrir skólagjöldunum að fullu. Vextir námslána eru niðurgreiddir, sem þýðir að hluti þeirra er í raun styrkur. Endurgreiðslurnar eru tekjutengdar, þannig að þeir sem fóru í dýrt nám en hafa lágar tekjur greiða sumir námslánið aldrei til baka. Fullyrðingin um að skólagjöld vegi að jöfnum aðgangi að menntun heldur þannig ekki vatni. Og af hverju ætti annað að gilda um til dæmis læknanám eða flugnám? Síðarnefnda námið greiða nemendur að fullu, en geta reyndar fengið lánað fyrir því.

Ef einhver munur er á stúdentum í einkareknu skólunum og þeim ríkisreknu er hann fremur að nemendur í fyrrnefndu skólunum eru iðnari við námið, af því að þeir vita hvað það kostar og vilja ekki hækka lánið sitt að óþörfu. Þeir eru líka kröfuharðari á gæði námsins af því að þeir borga hluta þess sjálfir. Í Háskóla Íslands á sér stað gegndarlaus sóun á fé skattgreiðenda, með því að allir eru teknir inn burtséð frá getu og áhuga á náminu og leyfist að slugsa við það jafnvel árum saman. Upptaka skólagjalda í HÍ og öðrum ríkisháskólum myndi draga úr þessari sóun og gerði skólunum kleift að bæta námið.

Ríkisháskólarnir eru í fjársvelti sem ekki sér fyrir endann á. Með því að banna þeim að innheimta skólagjöld eru þeir settir í vonda stöðu í samkeppninni, bæði gagnvart einkareknu skólunum hér innanlands og ekki síður gagnvart erlendum háskólum sem raðast mun ofar á listann yfir beztu háskóla heims. Það er merkilegt að hagsmunasamtök stúdenta við HÍ skuli ekki sjá kostina í því að nemendur borgi sjálfir hluta af kostnaðinum, eins og í einkareknu skólunum, en fái í staðinn betri menntun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Löður

Löður er með rain-x á allan bílinn

Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn

Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi

Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu

www.lodur.is - Sími 544 4540

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fækkun opinberra starfsmanna**

Steingrímur J. Sigfússon virðist áhyggjufullur yfir því að það þurfi að fækka opinberum starfsmönnum. Hann hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um hversu mörgum starfsmönnum ráðuneyta hafi verið eða verði sagt upp störfum vegna fimm prósenta niðurskurðarkröfu á ráðuneytin. Síðasta ríkisstjórn sætti gagnrýni fyrir að ráða aðstoðarmenn og sérfræðinga tímabundið til að koma sínu fólki að í ráðuneytunum. Sú stjórn sem nú situr sætir sömu gagnrýni enda vill Steingrímur fá svör við því hversu marga aðstoðarmenn, starfsmenn og sérfræðinga ríkisstjórnin hefur ráðið. Skynsamlegast væri auðvitað að Alþingi setti lög um að ákveðinn hluti starfsmanna stjórnarráðsins væri ráðinn af ríkisstjórn á hverjum tíma og hætti störfum um leið og stjórnin færi frá.

**Gáttaður þingmaður**



Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, er gáttaður á fréttamati RÚV ef marka má orð hans á Alþingi. Hann segir að RÚV og aðrir fjölmiðlar þegi þunnu hljóði yfir því að á Alþingi hafi verið rætt að verð á innfluttum vörum lækki ekki þrátt fyrir styrkingu krónunnar. Hins vegar hafi verið upplýst í kvöldfréttum RÚV, fjölmiðils allra landsmanna, að stór hluti þjóðarinnar búi í ofvæni eftir því að sökkva tönnunum í ost úr buffla-, geita- og ærmjólk. Hann hafi ekki vitað af þessari þörf. Þingmaðurinn vill fá að vita hvað ræður þessu fréttamati RÚV að fjalla um ost en þegja yfir hinu.

**Kallaðir sjóræningjar**



Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður er fúll út í Norðmenn og segir þá koma sérkennilega fram við Íslendinga í makríldeilunni. Í Noregi séu Íslendingar nú kallaðir sjóræningjar á opinberum vettvangi. Norðmenn vilji veiða 50 til 60 prósent umfram ráðgjöf sem sé þvert á yfirlýsta stefnu um sjálfbærni veiða. johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR



# Norrænt samstarf í öryggismálum

NORRÆN SAMVINNA



**Gunnar Bragi Sveinsson**
utanríkisráðherra

Norræn samvinna byggir á gömlum merg en á síðustu árum hefur samstarfi í utanríkis- og öryggismálum vaxið fiskur um hrygg. Í þessu sambandi mörkuðu skýrsla Thorvalds Stoltenbergs um aukið samstarf landanna á þessu sviði og norræn samstöðuyfirlýsing um gagnkvæma aðstoð á hættu- og neyðartímum tvímælalaust þáttaskil.

Það fer vel á því að í dag hittist utanríkisráðherrar og varnarmálaráðherrar Norðurlandanna í Keflavík á sama tíma og flugsveitir Norðmanna, Svía og Finna stunda æfingar á Íslandi. Æfingarnar byggja á tillögum Stoltenbergs um norræna loftrýmisgæslu og gefa þátttökulöndunum tækifæri til að samhæfa aðgerðir og efla tengslin sín á milli. Þannig styrkja Norðurlöndin samvinnu sína á heimaslóð en efla jafnframt getu sína til að starfa saman í alþjóðlegum verkefnum.

Aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin gegna lykilhlutverki í varnarmálum Íslands. Norræna samstarfið er mikilvæg viðbót vegna þess að það nær til margra og ólíkra áhættuþátta, m.a. hernaðarógna, skipulagðrar glæpastarfsemi, hryðjuverka, umhverfisöryggis og netöryggis, svo fátt eitt sé nefnt. Samstarf og æfingar með grannríkjunum gera okkur betur í stakk búin til að vinna með frændþjóðunum og styrkir jafnframt staðarþekkingu erlendu gestanna en hvort tveggja getur reynst mikilvægt ef hætta steðjar að.

**➜ Það fer vel á því að í dag hittist utanríkisráðherrar og varnarmálaráðherrar Norðurlandanna í Keflavík á sama tíma og flugsveitir Norðmanna, Svía og Finna stunda æfingar á Íslandi. Æfingarnar byggja á tillögum Stoltenbergs um norræna loftrýmisgæslu og gefa þátttökulöndunum tækifæri til að samhæfa aðgerðir og efla tengslin sín á milli.**

Dagskrá ráðherrafundarins í dag endurspeglar þessa auknu breidd í samvinnu landanna. Við munum ræða framtíðarþróun norræna samstarfsins, öryggishorfur á norðurslóðum, verkefni Atlantshafsbandalagsins og hvernig Norðurlöndin geta í sameiningu lagt sín lóð á vogarskálar alþjóðlegrar friðaruppbyggingar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Aukin alþjóðaviðskipti undirstaða lífskjarabóta

Í dag fer árlegt Viðskiptaþing Viðskiptaráðs fram á Hilton Reykjavík Nordica. Umfjöllunarefni þingsins er alþjóðageirinn en undir hann fellur öll sú starfsemi sem ekki er háð aðgengi að náttúruauðlindum með beinum hætti, nýtur ekki samkeppnisverndar og keppir á alþjóðlegum mörkuðum.

FJÁRMÁL



Hreggviður Jónsson
formaður Viðskiptaráðs Íslands

**➜ Til að ná sem bitastæðustum sneiðum á alþjóðlegum mörkuðum þarf að leggja aukinn kraft í eflingu menntunar, rannókna og nýsköpunar.**

### Alþjóðageirinn býr ekki við vaxtarskorður

En til hvers að velta alþjóðageiranum fyrir sér þegar við Íslendingar búum við gjöfular náttúruauðlindir? Sterkar auðlindagreinar hafa jú myndað hryggjarstykkið í verðmætasköpun og útflutningi landsins í langan tíma, enda höfum við borið gæfu til að nýta auðlindirnar á sjálfbæran hátt. Það er hins vegar vel þekkt að vöxtur innan þessara greina er takmörkunum háður. Frekari verðmætasköpun og þar með lífskjaraumbætur verða því að koma í ríkari mæli úr öðrum áttum. Þar kemur til kasta alþjóðageirans.

Góðu fréttirnar eru þær að við búum enn að ágætum grunni á þessu sviði. Síðastliðin 20 ár hefur sífellt stærri hluti íslensks atvinnulífs keppt með beinum og óbeinum hætti á alþjóðlegum mörkuðum. Fyrirtæki innan alþjóðageirans eiga sér rætur í mörgum greinum og eru jafnframt af ýmsum stærðum og gerðum. Vonandi munu sem flest þeirra eiga eftir að vaxa og dafna hérlendis með því að skapa alþjóðlega samkeppnishæfar vörur og þjónustu.

### Öflugur mannauður er grunnhráefnið

En til þess að fyrirtæki hérlendis geti keppt á erlendum mörkuðum þarf umgjörð atvinnulífsins að vera samkeppnishæf í alþjóðlegum samanburði. Stöðugleiki í efnahagsmálum og rekstrarumhverfi fyrirtækja, ábyrg stjórn peningamála, aðgengi að fjármagni, öflugt nýsköpunarstarf, hagkvæmt skattaumhverfi, skilvirkt regluverk og aðgengi að mörkuðum ráða þar einna mestu. Auðnist okkur að færa þessa þætti til betri vegar er ekki aðeins traustari stoðum skotið undir alþjóðageirann heldur munu allir aðrir hlutar hagkerfisins samhliða njóta umbótanna.

Stærsta tækifæri okkar Íslendinga hvað varðar eflingu alþjóðageirans felst þó í uppbyggingu framúrskarandi mannauðs. Til að ná sem bitastæðustum sneiðum á alþjóðlegum mörkuðum þarf að leggja aukinn kraft í eflingu menntunar, rannsókna og nýsköpunar. Án öflugs mannauðs og nýrrar þekkingar nýtist ábati hagfellds fjárfestingar- og rekstrarumhverfis aðeins að hluta. Stefna stjórnvalda í menntamálum kemur þannig til með að ráða úrslitum um langtímasamkeppnishæfni þjóðarinnar og þar með lífskjör í landinu.

### Sagan sýnir ábata alþjóðavæðingar

Frelsi til viðskipta, sér í lagi utanríkisviðskipta, hefur ráðið miklu um efnahagslega framvindu þjóðarinnar. Alþjóðavæðing og aukin utanríkisviðskipti hafa gert okkur kleift að skapa sérhæfingu á ýmsum sviðum og auka verðmæti innlendrar framleiðslu svo um munar. Þetta hefur gjörbreytt öllum sviðum samfélagsins og verið undirstaða þeirra lífskjarabóta sem Íslendingar hafa orðið vitni að á undanfarinni öld.

Leiðir til að viðhalda þessari vegferð næstu áratugina fela í sér eflingu alþjóðageirans – þetta er umfjöllunarefni Viðskiptaþingsins í ár.





## Aðalfundur Marel hf. 2014

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, miðvikudaginn 5. mars nk., kl. 16:00.

**Dagskrá:**

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
- Breytingar á samþykktum félagsins:
  - Grein 4.20 varðandi form og tímafresti á tillögum frá hluthöfum til hluthafafundar verði aðlöguð að breytingum sem gerðar hafa verið á 86. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995;
  - Grein 5.1 varðandi fjölda stjórnarmanna í félaginu verði breytt á þann hátt að fjöldi þeirra fari úr 7-9 í 5-7;
  - Grein 11.1 varðandi eigin hluti verði aðlöguð að breytingum sem gerðar hafa verið á 2. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995;
  - Grein 15.1 verði breytt þannig að stjórn félagsins hafi heimild til útgáfu nýrra hluta í tengslum við kauprréttarsamninga starfsmanna að nafnverði allt að kr. 35.000.000 og gildi heimildin í fimm ár frá samþykki hennar;
  - Grein 15.2 verði breytt þannig að stjórn félagsins hafi heimild til útgáfu nýrra hlutabréfa að nafnverði allt að 100.000.000 og gildi heimildin í fimm ár frá samþykki hennar.
- Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- Önnur mál, löglega borin fram.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Frekari upplýsingar um tímafresti þá sem gilda í tengslum við rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, o.fl. er að finna á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm. Þar er jafnframt að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2013, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 11. febrúar 2014, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða aðgengilegar hluthöfum sjö dögum fyrir fundinn á framangreindum aðalfundarvef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15.30.

Stjórn Marel hf.

marel.com marel





✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, ömmu og langömmu,

**LYDÍU ÞORKELSSON**
**Hamrahlíð 29, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Eirar, Reykjavík, fyrir góða umönnun.

**Oddur Carl Einarsson** | **Sigríður Elín Sigfúsdóttir**
**Rannveig Alma Einarsdóttir** | **Ellert Kristján Steindórsson**
**Gunnlaug Helga Einarsdóttir** | **Helgi Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**EYRÚN GUÐMUNDSÓTTIR**
**Kálfhóli, Skeiðum,**

lést á Ljósheimum Selfossi laugardaginn 8. febrúar.

**Elsa Aðalsteinsdóttir**
**Guðmundur Þórðarson**
**Gestur Þórðarson** | **Margrét J. Ólafsdóttir**
**Valgeir Þórðarson** | **Kristín Hjálmarsdóttir**
**Hrafnkell Baldur Þórðarson** | **Siril Iren Sagstad**
**Elín Þórðardóttir** | **Sigurður Guðmundsson**
**Gunnar Már Þórðarson** | **Kolbrún Björnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAFSTEINN SIGURÞÓRSSON**
**Eyktarsmára 8, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 2. febrúar. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ 14. febrúar kl. 13.00.

**Ingibjörg Birna Þorláksdóttir**
**Sigurþór N. Hafsteinsson**
**Laufey Hafsteinsdóttir** | **Bjarni Hauksson**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Elskulegur sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

**JÓN HÓLM SIGRÚNARSON**

er látinn. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Sigrún Jónsdóttir**
**G. Mjöll Stefánsdóttir** | **Gunnar Kjartansson**
**Inga Rún Sigrúnardóttir** | **Ragnar Ingi Ingason**
**Hólmar Loki Ragnarsson**
**Alda Pálmadóttir** | **Viðar Þórarinsson**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**TRAUSTI ÁRNASON**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 8. febrúar. Útför fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Erna Markúsdóttir**
**Edda Traustadóttir**
**Árni Traustason** | **Arna María Hálfdánardóttir**
**Trausti Árnason**



Davíð
útfararstjóri


Jóhanna Erla
guðfræðingur
útfararþjónusta


Óli Pétur
útfararstjóri

ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is




**ÞÝÐINGAR** Áhuga Skandínava á að þýða íslenskar bókmenntir hefur verið ábótavant, að sögn Þorgerðar Öglu Magnúsdóttur hjá Miðstöð íslenskra bókmennta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Átak til að fjölga þýðingum á norræn mál

**Þýðingum úr íslensku yfir á sænsku og finnsku hefur fækkað á sama tíma og þeim hefur fjölgað annars staðar eftir Bókamessuna í Frankfurt 2011.**

Áhuga Skandínava á að þýða íslenskar bókmenntir hefur verið ábótavant að undanförnu að sögn Þorgerðar Öglu Magnúsdóttur hjá Miðstöð íslenskra bókmennta. „Það verður að segjast eins og er að þýðingum yfir á sænsku og finnsku hefur fækkað, en á heildina litið hefur fjöldi þýðinga yfir á norðurlandamál staðið í stað. Hver sem ástæðan er ætlum við að beita öllum brögðum til að snúa því við,“ segir Þorgerður Agla. „Reyndar höfum við fundið fyrir auknum áhuga í Noregi, og alltaf er töluvert þýtt yfir á dönsku,“ segir Þorgerður Agla „En við ætlum í átak til að fjölga þýðingum yfir á norræn mál.“

Eftir Bókamessuna í Frankfurt 2011 þar sem Ísland var heiðursgestur fjölgaði þýðingum úr íslensku víðast hvar nema á Norðurlöndum. „Við sjáum það á fjölda umsókna um þýðingarstyrki hjá okkur. Þar standa Norðurlöndin í stað á meðan þeim hefur fjölgað annars staðar. Það er erfitt að skýra þetta. Í þessum bransa kreppir reglulega að. Svo er talað um svokallaðan „bestsellerisma“ í Svíþjóð, og sumir kenna frjálsu bókaverði um. Reynslan í Frankfurt sýnir okkur að átaksverkefni á einu menningarsvæði geta skilað góðum árangri,“ segir Þorgerður Agla.

„Fyrsta mál á dagskrá er að hitta útgefendur á þeirra heimavelli.“ Fundað verður með útgefendum í sendiráðum Íslands í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi í maí. „Andri Snær Magnason, nýkrýndur bókmenntaverðlaunahafi, kemur með okkur til Svíþjóðar og talar við útgefendur. Þorgerður E. Sigurðardóttir bókmenntafræðingur kemur einnig með og talar við útgefendur um íslenskar samtímabókmenntir.“

Ekki verður látið staðar numið við utanferð til Svíþjóðar. „Við ætlum að fara til Finnlands og Noregs og vonandi Grænlands og Færeyja á næsta ári,“ segir Þorgerður Agla. „Síðan tökum við Hollendinga og Norðmenn okkur til fyrirmyndar, en þeir standa framarlega í bókmenntakynningu, og útbúum lista yfir bækur til að kynna fyrir erlendum útgefendum. Eins ætlum við að kynna þýðingarstyrki sem í boði eru, en norræna ráðherranefndin styrkir þýðingar á milli norðurlandamála. Svo ætlum við að gera okkar til að auka sýnileika íslenskra bókmennta í dagskrá Bókamessunnar í Gautaborg, en hana sækja árlega um 100.000 gestir,“ segir Þorgerður Agla.

ugla@frettabladid.is



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL GUÐMUNDSSON**
**verkfræðingur,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 7. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 14. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hans vinsamlegast láti líknarstofnanir njóta þess.

**Ásta Hannesdóttir**
**Rósa Karlsdóttir** | **John Fenger**
**Hólmfríður Karlsdóttir** | **Elfar Rúnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁSTA S. INDRIÐADÓTTIR REYNIS**
**Hólastekk 7, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, þriðjudaginn 28. janúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem hafa sýnt okkur samúð og vinarhug.

**Jósef S. Reynis**
**Lárus Þór Pálmason** | **Dana Jóhannsdóttir**
**Einar Haukur Reynis**
**Edda Kristín Reynis** | **Jóhann Stefánsson**
**Anna Þórunn Reynis** | **Sigurður Sveinsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,

**SVEINBJÖRG JÓNSDÓTTIR**
**(Anný)**
**Rjúpufelli 42,**

lést á kvennadeild Landspítalans mánudaginn 3. febrúar. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 14. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líf styrktarfélag.

**Þorvaldur Stefánsson**
**Stefán Þorvaldsson** | **Anna Friðbertsdóttir**
**Júlíana Þorvaldsdóttir** | **Gísli Jónsson**
**Hrund Þorvaldsdóttir**
**Sigurborg Þorvaldsdóttir** | **Agnar Norðfjörð Hafsteinsson**
**Þórdís Þorvaldsdóttir** | **Guðjón Þór Ólafsson**
**Birna Dís Benediktsdóttir** | **Birgir Ingimarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞRÁINN JÓHANNESSON**
**Bollagötu 8, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 7. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 17. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Barnaspítala Hringsins. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Guðný Aðalsteinsdóttir**
**Tómas Þráinsson** | **Kolbrún Kvaran**
**Ari Þráinsson** | **Valdís Þorsteinsdóttir**
**Árni Þráinsson** | **Hrafnhildur Á. Reynisdóttir**
**og barnabörn.**





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. febrúar 2014 | 19. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is


GÖNGUM HREINT TIL VERKS!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## GJALDEYRISHÖFT LÍKLEGA ALDREI AFNUMIN AÐ FULLU

➜ Varúðarreglur og hraðahindranir á leið peninga úr landi eru sagðar höft í breyttri mynd.

➜ Sérfræðingar AGS töldu að átta ár gæti tekið að skrúfa niður gjaldeyrishöftin.

➜ Áhyggjuefni að lífeyrissjóðirnir séu aftastir í biðröð þeirra sem flytja vilja fjármuni úr landi.

síða 6

## Karlar sitja lengur í stjórnum

39 prósent stjórnarmanna í félagi eða sjóði hafa setið þar í eitt til þrjú ár en 26 prósent hafa verið sjö ár eða lengur í stjórninni. Þetta kemur fram í könnun KPMG og félagsvísindasviðs Háskóla Íslands meðal stjórnarmanna.

37 prósent karlkyns stjórnarmanna og 41 prósent kvenkyns stjórnarmanna hafa verið eitt til þrjú ár í stjórn viðkomandi félags/sjóðs. 29 prósent kvenkyns stjórnarmanna hafa verið í stjórn viðkomandi félags/sjóðs í minna en eitt ár samanborið við sex prósent karlkyns stjórnarmanna. 34 prósent karlkyns stjórnarmanna hafa verið í sjö ár eða lengur í viðkomandi stjórn en þrettán prósent kvenkyns stjórnarmanna hafa verið þann tíma í stjórninni. - fbj

## Lánshæfismat ríkisins hækkar

Bæði lánshæfismatsfyrirtækin Fitch Ratings og Standard & Poor's segja horfur ríkissjóðs stöðugar. Greiningardeild Arion banka segir horfur í ríkisfjármálum og skýra ríkisfjármálaáætlun stjórnvalda til lengri tíma skipta sköpum fyrir lánshæfismat ríkissjóðs og jafnframt aðgengi að fjármálamörkuðum.

Þá hefur áhættuálag á skuldbindingar ríkissjóðs farið lækkandi. „Segja má að áhættuálag á erlendum skuldbindingum ríkissjóðs hafi þróast nokkurn veginn í takt við lánshæfismat ríkissjóðs, allavega ef litið er til hækkana á lánshæfismati Fitch, en áhættuálagið mælist sem vaxtamunur á íslensku og bandarísku ríkisskuldabréfi með gjalddaga 2016 og 2022," segir í greiningu Arion banka. - fbj

## QuizUp í 2. sæti á Crunchies



**ÞORSTEINN B. FRIÐRIKSSON,** framkvæmdastjóri Plain Vanilla.

Snjalltækjaleikurinn QuizUp varð í öðru sæti á Crunchies Award í nótt en um er að ræða mjög virta verðlaunahátíð í Bandaríkjunum.

Stærstu tæknimiðlarnir í Kísildalnum standa fyrir verðlaununum á ári hverju en þetta er í áttunda sinn sem verðlaunin eru veitt. Íslenska fyrirtækið Plain Vanilla, sem gaf leikinn út í nóvember, varð í öðru sæti í flokknum Fastest Rising Startup, eða það fyrirtæki sem óx hraðast á árinu.



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3** Á UPPLEIÐ Félög sem hækkuðu í verði

**9** Á NIÐURLEIÐ Félög sem lækkuðu í verði

**2** STÓÐU Í STAÐ Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
HAGAR 12,0% frá áramótum
ÖSSUR 9,9% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
BANK NORDIC -8,5% frá áramótum
HB GRANDI -8,5% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | -2,7% |
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | -8,5% | -8,5% |
| Eimskipafélag Íslands | 252,00 | -3,8% | -0,6% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 30,05 | 10,3% | -0,7% |
| Hagar | 43,00 | 12,0% | 0,0% |
| Icelandair Group | 19,15 | 5,2% | -2,8% |
| Marel | 122,50 | -7,9% | -4,1% |
| N1 | 18,75 | -0,8% | -0,3% |
| Nýherji | 3,65 | 0,0% | 0,0% |
| Reginn | 15,85 | 1,9% | -0,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 30,60 | -4,5% | 0,5% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,65 | -1,3% | 0,9% |
| Össur | 267,00 | 16,6% | 9,9% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.264,01 | 0,4% | -1,9% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 14,00 | 5,7% | 5,7% |
| HB Grandi | 24,00 | 9,1% | -11,1% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 12. febrúar**
- Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála

**Fimmtudagur 13. febrúar**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir

**Föstudagur 14. febrúar**
- Atvinnuleysistölur fyrir janúar
- Fiskafli í janúar 2014

**Þriðjudagur 18. febrúar**
- Verðmæti sjávarafla janúar-nóvember 2013
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Miðvikudagur 19. febrúar**
- Vinnumarkaður í janúar 2013
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

**Fimmtudagur 20. febrúar**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir mars 2014
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni

**Föstudagur 21. febrúar**
- Mánaðarleg launavísitala í janúar 2014
- Greiðslujöfnunarvísitala í mars 2014
- Vísitala kaupmáttar launa í janúar 2014
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í janúar 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*


FÉLAG FASTEIGNASALA

**AÐALFUNDUR 2014**

**Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn fimmtudaginn 27. febrúar kl. 17:00 síðdegis á Grand Hótel Reykjavík.**

**Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:**
1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Skýrsla eftirlitsnefndar Félags fasteignasala vegna liðins starfsárs
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
4. Ákvörðun um ávöxtun sjóða félagsins.
5. Staða mála varðandi breytingar á lögum 99/2004
6. Kjör skoðunarmanna reikninga
7. Breyting á siðareglum
8. Kjör laganefndar
9. Kosning stjórnar.
10. Önnur mál, er upp kunna að vera borin.

Stjórnin

**Aðalfundur Fasteignaleitar ehf fimmtudaginn 27. febrúar kl. 18:30 á Grand Hótel**

**Dagskrá:**
1. Ársskýrsla fasteignaleitar ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Önnur mál.




**MÖGULEIKARNIR ÓENDANLEGIR** Sæmundur Sævarsson, sölustjóri hjá Ísmar, segir hitamyndavélarnar vera nýttar í auknum mæli á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# „Hitamyndavélarnar eru galdratæki“

*Fyrirtækið Ísmar selur vélar sem nema breytingar á hitastigi sem geta að sögn umbylt iðnaði ýmiss konar, á sjó og landi. Söluráðgjafi segir vitneskju um tækifærin sem fylgja tækninni aukast.*

**VIÐSKIPTI**
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is




**UMBYLTING** Hitamyndavélarnar geta numið 0,05 gráðu breytingar á hita. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Hitamyndavélarnar eru galdratæki, þær nema innrauðar bylgjulengdir sem eru í rauninni bara útgeislun og þannig er hægt að sjá ýmsa hluti sem ekki sjást með berum augum,“ segir Sæmundur Sævarsson, söluráðgjafi hjá Ísmar.

Ísmar hefur selt yfir 100 hitamyndavélar sem vekja sífellt meiri áhuga hérlendis og geta umbylt iðnaði ýmiss konar.

„Í raun og veru er hægt að nota þessa tækni í hvað sem er þar sem skiptir einhverju máli að nema mun á hitastigi. Á vélunum er skynjunarnæmið aðeins 0,05 gráður á Celsius,“ segir Sæmundur. „Hér hefur þetta mikið verið notað í kringum heilsufar húsa, til að meta kuldabrýr eða ákjósanleg skilyrði fyrir myglu og gró eða slíkan óþverra,“ segir Sæmundur og bætir við að útgerðar- og sjóiðnaðurinn hafi einnig nýtt sér þessa tækni með auknum hætti. „Þetta hefur töluvert verið sett um borð í skip og báta til að fylgjast með sjólagi og eins fyrir öryggisþáttinn ef það skyldi verða eitthvert óhapp, til að mynda ef maður færi fyrir borð og þetta er sama tækni og Landhelgisgæslan er að nota hjá sér,“ segir Sæmundur.

Sæmundur segir möguleikana í raun óendanlega og að vitneskja um tækifærin sem fylgja þessari tækni sé að aukast. „Fyrstu árin voru erfið, þá vorum við að kynna þetta fyrir markaðnum en nú eru menn farnir að prófa sig áfram og nota þetta í mun fleira en það sem þeir sáu fyrir í upphafi.“

Til dæmis um það sem tæknin nýtist í og kemur á óvart eru lækningar eða líkaminn og segir Sæmundur að læknar geti notað vélarnar til að nema blóðflæði, til dæmis til að sjá hvort blætt hefur inn á vöðva með því að meta óeðlilega hitamyndun sem verður í kringum meiðsli. „Erlendis hafa þeir einnig verið að nota vélarnar í hrossarækt þar sem þeir skoða blóðflæði niður í hófa á hrossunum til að sjá hvort járningin sé rétt,“ segir Sæmundur.

Hitamyndavélarnar sem Ísmar selur geta kostað á bilinu 250 þúsund og upp í sex milljónir og fer það þá eftir upplausn og skynjunarnæmi vélanna ásamt því hvernig þær eru búnar í tengslum við hugbúnað til að lesa úr gögnum sem þær afla. Vélarnar eru framleiddar í Svíþjóð og Eistlandi en félagið sem Ísmar kaupir þær af er amerískt.

Sæmundur segir það aðallega vera fyrirtæki sem kaupa búnaðinn en auk þess einyrkja, til dæmis pípulagningameistara, ásamt verkfræðiskrifstofum, útgerðarfélögum og í raun öllum stóriðnaðinum.

Heildarupphæð til yfirstjórnenda hækkar um 10 prósent milli ára:

# Barclays rekur 12.000 manns

Næststærsti banki Bretlands, Barclays, sér fram á að segja upp á bilinu 10.000 til 12.000 starfsmönnum en eftir að síðasta ársfjórðungsuppgjör sýndi fram á að hagnaður bankans hafði dregist saman um 86 prósent milli fjórðunga. Þó eru kaupaukar til starfsmanna hækkaðir á sama tíma.

Líkur eru leiddar að því að um 7.000 manns verði sagt upp á Bretlandseyjum en starfsfólk bankans er ríflega 140.000 á heimsvísu.

Stjórnendum verður einnig fækkað um rúmlega 820 og þrátt fyrir að margir helstu forkólfa bankans hafi lýst því yfir að þeir muni ekki þiggja bónusgreiðslur fyrir síðasta ár hefur heildarupphæð til yfirstjórnenda bankans hækkað um 10 prósent á milli ára.

Bankastjórinn, Antony Jenkins, ætlar ekki að þiggja bónusgreiðslur í ár. Bankinn er til rannsóknar vegna gruns um að hafa ekki farið að lögum varðandi viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Heildarbónusgreiðslur munu samt sem áður nema um 2,4 milljörðum punda eða um 4.500 milljörðum íslenskra króna.




**UPPSAGNIR** Stjórnendum bankans verður fækkað um rúmlega 820. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barclays-bankinn var rekinn með hagnaði í fyrra og nam hagnaðurinn 540 milljónum punda, 102 milljörðum króna. Árið 2012 nam tap bankans 624 milljónum punda.

- fbj



# Til Leigu

## Skrifstofuhæð á besta stað

Reitir fasteignafélag býður til leigu skrifstofuhæð í hinu reisulega „Kauphallarhúsi“ við Laugaveg 182. Húsnæðið er 733 m² á þriðju hæð og verður hún endurnýjuð að innan í samráði við nýja leigutaka. Frábært útsýni og næg bílastæði. Möguleiki á stæðum í lokaðri bílageymslu.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson, forstöðumaður sölusviðs, í 840 2100 eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12    103 Reykjavík    www.reitir.is    575 9000

REITIR

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**SEÐLABANKASTJÓRI** Janet Yellen var með öryggisverði sér til halds og trausts þegar hún flutti ræðu sína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr seðlabankastjóri Bandaríkjanna flytur sína fyrstu ræðu:

# Yellen mun fylgja fyrri stefnu

Janet Yellen, nýskipaður aðalseðlabankastjóri Bandaríkjanna, hélt sína fyrstu ræðu í gær frá því hún tók við stöðunni á fundi með öldungadeildarþingmönnum.

Yellen gaf til kynna að hún myndi fylgja stefnu fráfarandi seðlabankastjóra, Bens Bernanke, í peningamálum þjóðarinnar og væri sammála þeim áherslum sem Bernanke hefði lagt í starfi sínu. Hún gaf einnig í skyn að hún myndi halda stýrivöxtum lágum í Bandaríkjunum og dregið yrði úr stuðningi við efnahagslífið í skrefum.

Yellen sagði atvinnumarkaðinn ekki hafa náð bata frá efnahagshruni og ræddi um hversu brothætt alþjóðahagkerfið væri þó það stefndi ekki efnahag Bandaríkjanna í hættu. - fbj

# Beðið eftir ákvörðun um útboð Alibaba

***Talið er líklegt að kínverski netrisinn Alibaba Group verði skráður á markað á árinu. Fyrirtækið er annað verðmætasta netfyrirtæki heims, metið á um 190 milljarða dala, um 22.000 milljarða króna.***

**FRÉTTASKÝRING**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Líklegt þykir að stjórnendur kínverska netrisans Alibaba Group, sem meðal annars á sölusíðuna AliExpress, ákveði að skrá fyrirtækið á markað á árinu. Afkoma Alibaba á þriðja ársfjórðungi 2013, þegar reksturinn skilaði tekjum upp á 1,78 milljarða Bandaríkjadala, um 204 milljarða króna, þótti renna stoðum undir fyrri spár sérfræðinga á hlutabréfamarkaði um að hlutafjárútboð væri á næsta leiti. Útboðið yrði að öllum líkindum það stærsta síðan Facebook fór á markað vorið 2012.

Þriðji ársfjórðungur síðasta árs var fjórði fjórðungurinn í röð þar sem Alibaba skilaði meiri hagnaði en síðustu þrjá mánuðina á undan. Fyrirtækið hagnaðist þá um 801 milljón dala, um 92 milljarða króna. Bæði Ebay og Facebook skiluðu minni tekjum en Alibaba á fjórðungnum og Amazon var rekið með tapi.

Alibaba er nú verðmetið á um 190 milljarða Bandaríkjadala, um 22 þúsund milljarða króna. Facebook var metið á 104 milljarða dala fyrir hlutafjárútboðið 2012. Alibaba er því annað verðmætasta netfyrirtæki heims á eftir Google.





**Í HÖFUÐSTÖÐVUNUM** Fyrirtækið er með um 24 þúsund starfsmenn. NORDICPHOTOS/AFP

Jack Ma, 49 ára gamall fyrrverandi enskukennari og einn ríkasti maður heims, stofnaði fyrirtækið árið 1999. Hann hefur frá þeim tíma byggt upp netveldi sem rekur margar ólíkar sölusíður á borð við Taobao Marketplace og Tmall.com. Hann hætti sem forstjóri fyrirtækisins í maí á síðasta ári en hann er sagður vera enn við stjórnvölinn.

Ma er sagður horfa á hlutafjárútboð Twitter frá því í nóvember síðastliðnum sem einhvers konar mælikvarða á eftirspurn fjárfesta eftir hlutabréfum í tæknifyrirtækjum. Spár sérfræðinga gera ráð fyrir að hlutafjárútboðið geti skilað fyrirtækinu um fimmtán milljörðum dala, um 1.700 milljörðum króna. Að lokum velta sérfræðingarnir fyrir sér hvort Ma og félagar hans ákveði að skrá fyrirtækið vestanhafs eða í Hong Kong. Líklegt þykir að New York verði fyrir valinu.



**FJÖLGUN** Hamborgarafabrikkan fyllir í skarð Hard Rock í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Opna þriðja staðinn:

# Fabrikkan opnar í Kringlunni

Hamborgarafabrikkan mun opna nýjan stað í Kringlunni í vor. Staðurinn verður af svipaðri stærð og þeir sem fyrir eru og matseðillinn verður sá sami. Fabrikkan nýja mun koma í stað veitingastaðarins Portið en sá er á svipuðum slóðum og Hard Rock Café var á í eina tíð. Eigendurnir eru Sigmar Vilhjálmsson og Jóhannes Ásbjörnsson. - fbj

Starfsmenn framkvæmdastjórnar ESB, Seðlabanka Evrópu og AGS fóru til Kýpur:

# Endurreisn Kýpur er á áætlun

Ágætlega gengur að rétta efnahag Kýpur við og leysa úr skuldavanda landsins. Þrátt fyrir það eru ýmsar hættur enn til staðar.

Þetta er mat starfsmanna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB), Seðlabanka Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Þeir heimsóttu Níkósíu, höfuðborg Kýpur, dagana 29. janúar til 11. febrúar, í þeim tilgangi að gera þriðju endurskoðun á efnahagsáætlun landsins. Áætlunin byggir á stuðningi frá evrópska stöðugleikakerfinu (ESM) og AGS. Stofnanirnar stigu inn á síðasta ári og veittu Kýpur neyðarlán þegar bankakerfi landsins riðaði til falls.

Efnahagsáætlunin hefur meðal annars þau markmið að endurheimta stöðugleika kýpverska fjármálakerfisins og samþykkja skipulagsbreytingar sem styðja við langtímavöxt, án þess að stefna velferðarkerfi landsins í hættu.



**KÝPUR** Margir Kýpverjar mótmæltu neyðarláninu sem landið fékk á síðasta ári. MYND/AP

Evrópusambandið og AGS þurfa nú að samþykkja þriðju endurskoðunina. Fáist samþykkið mun það þýða frekari fjárveitingar frá EMS og AGS. - hg

Árlegt þing Viðskiptaráðs:

# Uppselt á Viðskiptaþing

Uppselt er á hið árlega Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands sem verður haldið í dag, miðvikudag á Hilton Reykjavík Nordica.

Yfirskrift þingsins er „Uppbygging alþjóðageirans á Íslandi“ þar sem fjallað verður um hvort Ísland sé nægjanlega opið fyrir alþjóðlegum viðskiptum og hvernig efla megi alþjóðageirann á Íslandi.

Formaður Viðskiptaráðs mun ávarpa þingið ásamt Sven Smit, framkvæmdastjóra McKinsey & Company í Evrópu, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra, Helga Valfells, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, og Árna Oddi Þórðarsyni, forstjóra Marel.



# ASUS PRO ADVANCED




14“ mattur HD skjár sem minnkar endurkast í dagsljósi. 178° Wide-view fyrir breiðara sjónarhorn.

Örþunn til að ferðast með og aðeins 1.64 kg.

Stórt og þægilegt chicklet lyklaborð sem auðveldar áslátt og er vökvahelt.

Fingrafaraskanni tryggir skjótan aðgang og notendaöryggi.

Harðgerður SSD diskur sem þolir meira hnjask en í hefðbundnum fyrirtækjafartölvum og stenst ítrustu kröfur um gagnaöryggi.

## STERKBYGGÐ OG ÖRUGG

Ný Ultrabook Pro tryggir öryggi gagna fyrirtækisins í fartölvunni. Dulkóðaður SSD diskur með TPM, vökvahelt lyklaborð og fingrafaraskanni. Umgjörð úr magnesíum, ál- og koltrefjablöndu sem þolir meira hnjask en er jafnframt mjög létt og meðfærileg.

Traust fartölva fyrir fyrirtæki sem gera kröfur um gæði, gagnaöryggi og lága bilanatíðni.

## HAFÐU SAMBAND

Fyrirtækjaþjónusta Tölvulistans leggur áherslu á að bjóða fyrirtækjum gæðabúnað frá þekktum og traustum framleiðendum í öllum vöruflokkum.

Hægt er að fá tilboð og nánari upplýsingar hjá fyrirtækjaþjónustunni í s. 414-1710 eða sala@tl.is.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# Höftin eftir gjaldeyris-höftin



*Gjaldeyrishöft virðast komin til að vera í einhverri mynd á meðan hér er áfram notast við krónuna. Sérstakar hömlur verða áfram á fjárfestingum lífeyrissjóða í útlöndum. Á meðan hleðst þar upp fjárfestingarþörf. Gísli Hjálmtýsson, stjórnarformaður Thule Investments, segir ljóst að krónan henti ekki nema til brúks innanlands.*

EFNAHAGSMÁL
Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Fáir virðast hallast að því að krónan verði aftur frjáls gjaldmiðill þótt höftum verði aflétt. Bæði seðlabankastjóri og sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa rætt um að þegar höftum sleppir þurfi að koma til „þjóðhagsvarúðarreglur“ eða „hraðahindranir“ á vegi útflæðis gjaldeyris úr landinu. Án aðgerða er agnarsmár gjaldmiðill landsins jafnútsettur fyrir spákaupmennsku og sveiflum og hann var á meðan hann fékk að fljóta.

Meðal aðgerða sem lýst var í sérriti Seðlabankans, „Peningastefnan eftir höft“, í árslok 2010 eru takmarkanir á erlendar lántökur heimila og fyrirtækja sem ekki eru með tekjur í erlendri mynt, takmarkanir á afleiðusamninga og mögulegur skattur á fjármagnsflutninga.

### EKKI TÖFRALAUSN

Aðrar mögulegar aðgerðir sem nefndar eru til þess að draga úr hættunni á bólumyndun er að hlutir á borð við stimpilgjöld á lán, sem til þessa hefur fremur verið þrýst á að verði aflögð, verði notaðir til þess að hafa áhrif á eftirspurn. Hugsa mætti sér kerfi þar sem hlutfall stimpilgjalda væri breytilegt yfir hagsveifluna. „Þannig væri ef til vill hægt að styrkja mótvægisáhrif skattsins,“ segir í ritinu. Eins mætti hugsa sér sveiflujafnandi fasteignagjöld sem myndu hækka með kerfisbundnum hætti tengdum fasteignavísitölu.

Mögulegar aðgerðir sem Seðlabankinn kynni að grípa til eftir höft hafa hins vegar ekki verið útfærðar og í ritinu fremur settar fram sem hugmyndir. Þá er einnig bent á að framkvæmd þjóðhagsvarúðarreglnanna, sem eru hluti af því sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri kallaði á sínum tíma „Verðbólgumarkmið plús“, gætu haft í för með sér vandkvæði og ekki væri um að ræða töfralausn sem tryggði að fjármálaáföll heyrðu sögunni til.

„Markaðsaðilar munu bregðast við með því að reyna að sveigja fram hjá reglunum með ýmsu móti. Einnig er mögulegt að hvatar brenglist og áhættusækni aukist á þeim mörkuðum sem falla ekki undir reglurnar,“ segir í riti Seðlabankans. Það er líka bent á að mjög erfitt geti verið að greina hvort eignabóla sé að myndast eða hvort um eðlilega verðhækkun sé að ræða. „Ef um eðlilega verðhækkun er að ræða gæti beiting tækja sem taka á bólumyndun haft brenglandi áhrif á þjóðarbúskapinn.“

### ÁTTA ÁR AÐ LOSA HÖFTIN

Í greiningu sérfræðingahóps Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var í ágúst í fyrra, er líka talað um „hraðahindranir“ til þess að koma í veg fyrir flæði fjármagns úr landi. Þar er bent á að þegar „snjóhengju“ sleppi þá sé hér innanlands uppsöfnuð þörf til fjárfestinga og áhættudreifingar utan landsteinanna sem geti orðið til þess að verulega halli á greiðslujöfnuð þjóðarinnar.

Ef eignasafn þjóðarinnar yrði nálægt því sem gerist hjá norrænum nágrannaþjóðum okkar þá biðu um ellefu hundruð milljarðar þess að flýja land (miðað við nýlegt gengi Bandaríkjadals og hlutfall af þjóðarframleiðslu 2011 sem AGS notar til útreikninga). Í greiningunni er rætt um að 700 til tæplega 3.500 milljarðar króna gætu verið á leið úr landi. Ekki er þó horft til þess að erlend fjárfesting kynni að aukast hér eftir höft og því talið líklegt að „krónuflóttinn“ væri nær neðri mörkunum en þeim efri.

Sérfræðingar AGS telja hins vegar að vegna þessa þurfi að setja hömlur á útflæði fjármagns og þá sér í lagi á erlenda fjárfestingu lífeyrissjóðanna svo næmi sjö til átta prósentum af landsframleiðslunni í átta ár á meðan dregið væri úr höftum. Miðað við þessa greiningu virðast höft trauðla á förum í bráð.

# Forminu bara breytt á gjaldeyrishöftunum

„Ég hef ekki trú á því að við horfum fram á að gjaldeyrishöft hverfi í bráð,“ segir Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Thule Investments og stjórnarmaður í Emerald Networks.

„Það er alveg ljóst að gjaldmiðillinn okkar er ekki nothæfur í alþjóðaviðskiptum og þar af leiðandi er hann ónothæfur fyrir allt atvinnulíf Íslands sem ekki horfir eingöngu til þess að kaupa og selja vörur innanlands. Um leið og maður þarf að kaupa aðföng erlendis eða selja útlendingum þá er íslenska krónan ekki gjaldmiðill sem hægt er að nota. Þetta er engin skoðun. Svona er þetta bara.“

### AÐLÖGUN AÐ HÖFTUNUM ER STÓRI VANDINN

Gísli segist telja að hér verði gjaldeyrishöft í einhverri mynd þangað til tekinn verði upp annar gjaldmiðill og er vantrúaður á að hægt verði að búa til haftaregluverk sem ekki valdi skaða. „Við vorum auðvitað í höftum í sextíu ár og í einhverjum skilningi virkaði það. Og ég trúi því að menn vinni af heilindum og með það að markmiði að breyta gjaldeyrishöftunum og gera þau þannig að fólk rekist minna á þau dagsdaglega.“

Hins vegar sé hætt við að íslensk fyrirtæki, sem falla undir alþjóðlega geirann, eins og hann sé nefndur í skýrslu McKinsey-ráðgjafarfyrirtækisins, yfirgefi krónuna í auknum mæli, líkt og íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafi fengið heimild til að gera fyrir um 30 árum. „Við sjáum hvað gerist með þessi fyrirtæki í alþjóðlega geiranum. Eftir því sem þau stækka í útlöndum draga þau úr áhættu sinni á Íslandi. Og það er auðvitað mjög slæmt fyrir Ísland.“

Gísli bendir á að þau vaxtakjör sem íslenskum fyrirtækjum bjóðist séu mun verri en fyrirtækjanna sem þau keppa við. „Við það geta þau ekki keppt og verða að flytja sig úr landi til að fá sambærileg vaxtakjör og aðrir,“ segir hann og bendir á að í dag fái íslensk fyrirtæki verri vaxtakjör en íslenska ríkið. Íslenska ríkið sé svo aftur með verri vaxtakjör en sæmilega stórt fyrirtæki í Evrópu eða Bandaríkjunum. „Þetta er auðvitað ekki hægt.“

Um leið segist Gísli telja að bara sé skilgreiningaratriði hvað kallist varúðarreglur og hvað gjaldeyrishöft. „Menn eru bara að búa til flóknari og flóknari gjaldeyrishöft, sem eru kannski með fleiri undantekningum en að sama skapi eykst flækjustigið.“

Skaðsemi haftanna segir Gísli þegar augljósa. „Sumir segja að þetta sé ekkert mál því atvinnulífið sé að laga sig að gjaldeyrishöftunum, en í því felst einmitt raunverulega vandamálið. Fyrir vikið er íslenskt atvinnulíf, fyrirtæki og heimili, að taka ákvarðanir sem eru óeðlilegar og óhagkvæmar til lengri tíma, en ganga upp í þessu skekkta umhverfi sem búið hefur verið til. Þetta er í rauninni versti hluti gjaldeyrishaftanna.“

### KRÓNUÁLAG SKERÐIR SAMKEPPNISSTÖÐUNA

Afnám gjaldeyrishaftanna segir Gísli fela meira í sér en að leysa bara snjóhengju, jöklabréf og kröfuhafa bankanna, þótt það megi oft skilja af opinberri orðræðu um höftin. „Stóri vandinn er að lífeyrissjóðirnir þurfa að geta fjárfest í útlöndum. Núna hefur verið lokað fyrir það og það veldur offramboði af peningum á Íslandi,“ segir hann og veltir fyrir sér hvaða raunverulega verðmætasköpun eigi sér stað þegar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur hækki um 40 prósent, líkt og gerst hafi. „Það eina sem hefur gerst er að of mikið af peningum leitar að geymslustað og það keyrir upp verðið.“



GÍSLI HJÁLMTÝSSON „Sumir segja að þetta sé ekkert mál því atvinnulífið sé að laga sig að gjaldeyrishöftunum, en í því felst einmitt raunverulega vandamálið,“ segir Gísli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gísli bendir á að á meðan höft séu við lýði vaxi bara þörf lífeyrissjóðanna á að koma fé úr landi til fjárfestingar og áhættudreifingar. Þá verði líka hættara við því að almenningur hlaupi til með fjármuni úr landi vegna uppsafnaðs vantrausts á efnahagskerfinu þegar höftum léttir. „Þrýstingurinn á að koma peningum úr landi er ekkert að hverfa og verður í eðli sínu alltaf til staðar á meðan við erum með einhver höft,“ segir hann, en árétttar um leið að hann gagnrýni ekkert þá vinnu sem eigi sér stað í Seðlabankanum. „Menn ætla að breyta forminu á höftunum. En þessi höft munu ekkert fara á meðan við erum með krónu því það vill enginn kaupa hana.“ Þá sé bara hættuleg leið að ætla að hækka vextina til að ýta undir brask með krónuna, líkt og gerst hafi með jöklabréfin. „Þetta er gríðarlega kvikt fjármagn og alveg óljóst hvernig það stuðlar að hagvexti á Íslandi. Þar fyrir utan held ég að þessi vaxtamunur þurfi að vera svo mikill að við munum í rauninni aldrei ráða við það til lengri tíma.“

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## Á NETINU Í HÁLOFTUNUM

**Stöðugt fjölgar þeim flugfélögum sem leyfa notkun snjallsíma og spjaldtölva um borð. SAS opnaði fyrir þennan möguleika í desember en nú hefur Ryanair einnig leyft notkunina svo framarlega sem tækin séu sett á flugstillingu. Með þessari breytingu geta farþegar verið á netinu á meðan á flugi stendur.**

Lionssalurinn Lundur
Í janúar 2014 **lækkuðum** við alla matseðla um **kr. 300-500***
*nema fermingarmatseðla sem lækkuðu umtalsvert vorið 2013 fyrir veislu 2014 og verða óbreyttir 2015
Stöndum saman
Lækkum verð
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

friendtex
LOKADAGAR LAGERSÖLUNNAR
Lagersölunni lýkur á laugardaginn
Komdu og gerðu frábær kaup
Verðdæmi
Jakki áður ~~18.900,-~~ nú 5.000,-
Buxur áður ~~19.900,-~~ nú 5.000,-
Peysa áður ~~15.900,-~~ nú 5.000,-
Eða þú velur 4 mismunandi flíkur og greiðir kr. 10.000
Friendtex á Íslandi
Bonito ehf. • Friendtex • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mánud. - föstud. 11:00-18:00, laugard. 11-16



**LÍF OG FJÖR** Það eru alltaf líflegar umræður á Facebook-síðu Texasborgara og matseðilinn og tilboð sem eru í gangi er að finna á vefsíðunni texasborgarar.is.
MYND/GVA

# SKULDALEIÐRÉTTING Á TEXASBORGURUM!

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Frá og með deginum í dag verður hægt að gæða sér á Sigmundi og Bjarna Ben. með frönskum á Texasborgurum.*

Sigmundur er 90 g nautaborgari og Bjarni Ben. 90 g djúpsteiktur fiskborgari, nýjustu réttirnir á Texasborgurum. Allir Texasborgarar hafa fram að þessu verið stórir, 140 g, og verða það áfram að undanskildum þessum tveimur og það er ástæða fyrir því. „Ég, eins og aðrir landsmenn, er orðinn þreyttur á að bíða eftir skuldaleiðréttingunni frá Sigmundi og Bjarna Ben. Við viljum lækkun strax! Til að minna þá á loforðin sem þeir gáfu fyrir kosningar og sýna sjálfur gott fordæmi ákvað ég því að byrja að bjóða upp á einfalda og ódýra borgara fyrir fólk í skuldaánauð,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Þetta eru góðir borgarar úr gæðahráefni, eins og piltarnir, en minni og miklu ódýrari en við höfum boðið upp á hingað til, 690 kr. með frönskum.“

Fiskborgarinn Bjarni er djúpsteiktur í deigi og borinn fram í hamborgarabrauði með jöklasalati og tartarsósu ásamt frönskum. Kollegi hans, Sigmundur nautaborgari, er sömuleiðis í brauði með Texas-hamborgarasósu, jöklasalati og frönskum.



„Ég vona að sem flestir geti notfært sér þessa leiðréttingu á meðan við bíðum eftir hinni einu sönnu,“ segir Magnús Ingi, sem er sífellt að brydda upp á nýjungum. Í liðinni viku byrjaði hann með Herra Akureyri, rétt til heiðurs Akureyringum. Það er djúpsteikt pylsa í brauði með frönskum, osti og bernaisesósu. Sama verð er á Akureyringnum og Sigmundi og Bjarna Ben., 690 kr.

2 FYRIR 1
af Herra Akureyri gegn framvísun þessa miða. Aðeins 690 kr. fyrir tvo. Gildir til 15.3.
Texasborgarar.is
s: 517-3130

Enskuskóli Erlu Ara - enskafyriralla.is
Enska í Englandi fyrir 13-16 ára
Tvær vikur í Kent School of English Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann. Skráning í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com Tæplega 1000 nemendur hafa komið með frá árinu 2000. Nánari upplýsingar á enskafyriralla.is



Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sótthreinsunar og þurrkunar.Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!
Hreinsandi sérhæfir sig í :
• Mygluгró
• Djúphreinsun
• Lyktareyðingu
• Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.




Hreinsandi notar efni frá kemi
Hreinsandi fyrir alla muni
Eldshöfða 1 S: 577-5000 Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is













# FERÐAST MEÐ HEYRNARLAUSA

**FERÐIR** *Trausti Jóhannesson stendur fyrir Ferðaþjónustunni Döff sem býður heyrnarlausum erlendum ferðamönnum upp á ferðir um Ísland. Með í för verður leiðsögumaður sem veitir leiðsögn á táknmáli.*

Trausta þekkja margir úr sjónvarpinu enda hefur hann sagt táknmálsfréttir um árabil. Hann starfar einnig hjá Táknsmiðjunni sem sérhæfir sig í þýðingum úr íslensku yfir á táknmál. Nú hefur enn eitt verkefnið fangað hug Trausta en hann hefur stofnað Ferðaþjónustuna Döff og undir merkjum hennar ætlar hann að bjóða heyrnarlausum erlendum ferðamönnum upp á styttri eða lengri bílferðir um Ísland.

„Það sem er erfiðast fyrir heyrnarlausa þegar þeir eru á ferðalagi er að nálgast upplýsingar og fá viðeigandi leiðsögn. Ég hef sjálfur upplifað að vera á ferðalagi án þess að vera með leiðsögumann sem kann táknmál. Mér fannst ég hálf missa af ferðinni enda fékk ég engar upplýsingar um það sem fyrir augu bar," segir Trausti en hann hefur heyrt svipaða hluti frá erlendu fólki sem hefur komið til Íslands.

Trausti hafði nokkrum sinnum tekið að sér að fara með erlenda heyrnarlausa gesti í bíltúra, til dæmis að Gullfoss og Geysi. „Fólk var almennt mjög ánægt með að fá leiðsögn innfædds Íslendings sem kann táknmál og ég fann fyrir þrýstingi að gera meira af þessu," segir Trausti. Hann tók ákvörðun um að gera eitthvað í málinu og dreif í að fá sér meirapróf og leyfi til að aka með farþega. Hann festi kaup á forláta jeppa sem tekur mest sjö farþega. „Draumurinn er síðan að eignast litla rútu," segir Trausti sem býður bæði upp á styttri og lengri ferðir. Með honum í för er Steinunn • • • sem sér um táknmálsleiðsögn á leiðinni. „Það verðmætasta í þessari þjónustu Döff er að vera með framúrskarandi leiðsögumenn," segir Trausti, sem hefur unnið að því undanfarið að kynna ferðaþjónustuna úti í löndum og á von á tveimur hópum í vor.



**FERÐAÞJÓNUSTAN DÖFF** Trausti við jeppann sem hann notar til að ferðast um með heyrnarlausa erlenda ferðamenn. MYND/VALLI

# RÍKIR KÍNVERJAR VILJA FLYTJA

**BREYTINGAR** *Efnahagur Kínverja hefur gjörbreyst á undanförnum árum og milljarðamæringum fjölgar. Ríka fólkið kýs að flytja frá föðurlandinu.*

Sífellt fleiri lönd freista Kínverja, eftir því sem CNN greinir frá. Tveir þriðju Kínverja sem eiga yfir einn milljarð geta hugsað sér að flytja burt frá Kína. Tekið er fram að þeir sem eru allra auðugastir hafi þó minni áhuga á flutningum en hinir minna ríku. Bandaríkin eru númer eitt á lista yfir þau lönd sem ríka fólkið hefur augastað á. Nær 82 þúsund Kínverjar fengu fasta búsetu í Bandaríkjunum árið 2012. Aðeins Mexíkóar eru fleiri þegar kemur að innflytjendum þangað en mögulegt er að greiða um 50 milljónir fyrir græna kortið sem veitir búsetu- og atvinnurétt í landinu. Aðgangur að góðri menntun dregur marga Kínverja til Bandaríkjanna.

Evrópa er að sækja í sig veðrið hjá Kínverjum og margir þeirra sækjast eftir að kaupa jarðir, til dæmis á Kýpur, í Portúgal og í Grikklandi. Það þarf hins vegar að greiða háar fjárhæðir fyrir búsetu í þessum löndum eftir efnahagshrunið.

Þegar Bretar afhentu Kínverjum Hong Kong fluttu margir þaðan til Bretlands og Kanada. Kínverskum íbúum fjölgar mikið í Vancouver og Toronto þar sem risið hafa stór Kínahverfi.

Ástralía hefur einnig hleypt af stað svipuðu „búsetulottói" og Bandaríkin fyrir þá sem eru tilbúnir að greiða gríðarlegar fjárhæðir eða 4.500.000 Bandaríkjadala, um fimm milljarða króna. Flestir þeirra sem hafa verið tilbúnir til að greiða svo mikið eru Kínverjar. Langflestir vilja vera í Sidney en allt þetta útlenda fé hefur hækkað húsnæðisverð í borginni.



**SÆKJA ANNAÐ** Kínverjar hafa margir efnast mikið og þeir sækjast eftir búsetu fjarri heimahögum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Reykjavík Cocktail Weekend

MIÐVIKUDAGUR 12. FEBRÚAR 2014

**Fjölbreytt dagskrá**
**Reykjavík Cocktail Weekend og Íslandsmót barþjóna 13.–16. febrúar er haldið af Barþjónaklúbbi Íslands, í samstarfi við vínbirgja og veitingastaði í Reykjavík.**

# Bragðlaukarnir beittasta vopnið

Guðmundur Sigtryggsson er fjórfaldur Íslandsmeistari barþjóna og sá fyrsti sem nær þeim heiðri hér á landi. Guðmundur lagar kokteila á VOX Bar á Hilton Reykjavík Nordica og hefur titil að verja um helgina þegar Íslandsmeistaramótið fer fram í 50 ára afmæliskeppni Barþjónaklúbbs Íslands.

Fyrirmynd að Reykjavík Cocktail Weekend kemur frá heimsborgunum London og New York þar sem sambærilegar hátíðir hafa verið haldnar við góðan orðstír undanfarin ár," segir Guðmundur, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

„Kokteilhelgin í New York er stíluð inn á efnameira fólk sem sýpur Manhattan-kokteila í galleríum og á listasöfnum, en í London er hátíðin haldin um alla borg með tilheyrandi uppákomum, fyrirlestrum, smakkstöðum og skemmtilegheitum fyrir almenning," útskýrir Guðmundur, sem starfar sem barþjónn á VOX Bar á Hilton Reykjavík Nordica.

„Hátíðin Reykjavík Cocktail Weekend fer fram í miðbæ Reykjavíkur þar sem stutt er að rölta á milli staða. VOX Bar er vinsæll og rómaður kokteilbar sem stendur svo alveg í jaðri miðbæjarins og tekur því vitaskuld þátt í hátíðahöldunum," upplýsir Guðmundur.

Á hátíðinni útbýr hver og einn kokteilbar fimm áfenga kokteila sem eru lýsandi fyrir staðina.

„Nú er mikil gróska í íslenskri kokteilmenningu og barþjónar að hanna sín eigin hráefni sem skapa þeim sérstöðu. Á hátíðinni gefst tækifæri til að koma því á framfæri og ævintýri fyrir gesti og gangandi að tylla sér yfir góðum kokteil á spennandi kokteilbar," segir Guðmundur.

„Á VOX Bar verða tilboðsdrykkir á boðstólum frá klukkan 17 til 23 þar sem ég tefli fram sumum af verðlaunakokteilum mínum í bland við aðra kokteila sem eru lýsandi fyrir alþjóðlegt andrúmsloft VOX Bar, sem er eins og fyrr segir staðsett á Hilton Reykjavík Nordica."

### Meistari meistaranna

Guðmundur er núverandi Íslandsmeistari barþjóna og hefur því titil að verja á Íslandsmeistaramótinu sem fram fer á Hilton Reykjavík Nordica á sunnudag.

„Ég er engan veginn sigurviss en vona það besta og fer yfirvegaður til keppni," segir Guðmundur, sem varð fyrst Íslandsmeistari árið 2006 og svo aftur 2010, 2011 og 2013. Þá hlaut hann silfurverðlaun fyrir kokteilinn Litlu fluguna á heimsmeistaramótinu í Prag 2013.

„Galdurinn við gerð góðra kokteila eru bragðlaukarnir, að vita hvað markaðurinn vill og hvað bragðast vel. En þótt drykkurinn vegi þyngst er útlit, skreyting, vinnubrögð og fagmennska einnig tekið með í reikninginn."

Guðmundur byrjaði fyrst að vinna á bar með námi árið 1979 og lærði síðar til þjóns. Hann á því 35 ára starfsafmæli í ár.

„Ég er fyrir löngu hættur að prófa mig áfram með endalaust nýtt hráefni og í dag koma hugmyndir að nýjum kokteilum fullmótaðar í höfuð mér," segir Guðmundur, sem í gegnum langan starfsaldur er farinn að þekkja hráefnin vel og vita hvað passar saman.

„Varast ber of bragðsterk hráefni sem yfirkeyra kokteilinn og í raun á kokteill að vera þannig að maður veit ekki hvað í honum býr. Góður kokteill er því leyndardómsfullur en svo er jafn snúið að finna kokteilnum nafn við hæfi og stundum meiri hausverkur en uppskriftin," segir Guðmundur um grípandi og skemmtilegar nafngiftirnar.

„Barþjónastarfið er ánægjulegt og gaman að vera innan um fólk sem er að skemmta sér. Maður hittir svo marga, engir tveir dagar eru eins og alltaf líflegt í vinnunni. Þá er maður alltaf að læra eitthvað nýtt og skapa nýjungar sjálfur."

VOX Bar er á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2. Sjá nánar á www.vox.is



„Reykjavík Cocktail Weekend er nú haldin í fyrsta sinn og við stefnum að því að gera hana að árlegum viðburði sem eflist enn og dafnar. Það er skemmtileg dægradvöl fyrir gesti og gangandi að geta rölt á milli staða og smakkað mismunandi kokteila á hverjum stað," segir Guðmundur sem hefur veg og vanda af því að setja hátíðina á fót ásamt félögum í Barþjónaklúbbi Íslands. MYND/GVA

## LITLA FLUGAN

**Guðmundur hlaut** silfurverðlaun fyrir þennan fallega og freistandi kokteil á Heimsmeistaramóti barþjóna í Prag 2013 (World Cocktail Championship).



2 cl Bombay Saffire Gin
1 cl Amaretto-líkjör
1 cl Bols Raspberry-líkjör
½ cl Monin Rasperry-síróp
Fyllt upp með kampavíni

*Hrært saman og hellt í kampavínsskál. Skreytt með appelsínusneið og blæjuberi.*

## *Nýtt VOX Lounge, bar og móttaka*



Hilton Reykjavík Nordica skartar nú nýrri og ferskri ásýnd í framhaldi af glæsilegum endurbótum á jarðhæð hússins sem miða að því að skapa aukin þægindi fyrir gesti. Rýmið hefur verið brotið upp á einkar smekklegan hátt og rammar inn skemmtilegar setustofur með vönduðum húsgögnum og fallegri hönnun sem nýtast einstaklingum jafnt sem hópum. Umhverfið er hlýlegt og verður án efa til þess að auka enn frekar á vinsældir hótelsins.

Auk þessa opnar hótelið nú nýtt og stórglæsilegt rými; VOX Lounge á jarðhæð hússins. VOX Lounge kemur til með að nýtast hótelgestum sem viðbót við setustofu og alrými auk þess sem rýmið er kjörið fyrir minni viðburði og fundi þrátt fyrir að ekki sé um hefðbundinn fundarsal að ræða. Á sama tíma er VOX Lounge ákveðin framlenging á VOX bar og fléttast við forrými á jarðhæð sem gjarnan er nýtt fyrir stærri ráðstefnur og fundi. Á VOX Lounge er hljóðkerfi, tjald og skjávarpi og hentar rýmið því einkar vel til mannfagnaðar.



K-Martini-kokteillinn inniheldur Bulldog-gin, Gocchi Americano Vermouth og gúrku. MYND/GVA



„Við bjóðum upp á frábæru kokteilana okkar öll kvöld," segir Axel Aage Schiöth, rekstrarstjóri K-bars á Laugavegi. MYND/GVA

# Góðir kokteilar á notalegum stað

**Gestir K-bars geta valið úr úrvali ljúffengra kokteila, bragðgóðra bjóra og gómsætra rétta af matseðli hússins sem er innblásinn af kóreskri matargerð. Það er vinsælt hjá hópum sem heimsækja staðinn að panta úrval smárétta og deila saman yfir góðum drykkjum.**

K-bar við Laugaveg hefur á skömmum tíma stimplað sig inn í veitingahúsaflóru borgarinnar með ljúffengum matseðli, góðu úrvali af bjór og bragðgóðum kokteilum. Matseðill K-bars er innblásinn af kóreskri matargerð með kalifornísku ívafi, að sögn Axels Aage Schiöth, rekstrarstjóra K-bars. „Á meðan Reykjavík Cocktail Weekend stendur yfir munum við bjóða upp á fjölbreytta og vandaða kokteila. Við höfum frá upphafi boðið upp á smáan en vandaðan kokteilaseðil og hafa drykkirnir svo sannarlega slegið í gegn hjá okkur. Þar má helst nefna kokteilinn Kim Jong-Collins sem er vinsælasti kokteill okkar frá opnun. Hann inniheldur Bulldog-gin, appelsínu, sítrónu, engifer og engiferbjór."

K-bar er til húsa á Laugavegi 74, andspænis gamla Landsbankahúsinu. „K-bar er lítill og notalegur staður og þar myndast oft mjög góð stemning, sérstaklega um helgar, enda er þá þétt setið. Við bjóðum upp á frábæru kokteilana okkar öll kvöld og barinn leggur líka mikið upp úr góðu úrvali af bjór, bæði á krana og í flöskum. Það eru átta bjórdælur á barnum með breytilegu úrvali. Staðnum hefur verið mjög vel tekið og hefur til dæmis verið fullbókað allar helgar frá upphafi."

Vinsældir kokteila hafa aukist mikið hérlendis undanfarin ár eins og víðast hvar annars staðar. Axel segir að fólk á öllum aldri njóti þeirra og þá helst þeir sem séu tilbúnir að prófa eitthvað nýtt. „Fyrstu vikurnar eftir að staðurinn var opnaður stóðum við í miklli tilraunastarfsemi þegar kom að kokteilum. Nokkrir þeirra kokteila hafa síðan þá endað á kokteilalista okkar við góðar undirtektir."

Hádegismatseðillinn samanstendur af úrvali léttra rétta, til dæmis góðum samlokum, salötum og úrvali smárétta. „Á kvöldin bjóðum við svo upp á voldugri matseðil með stærri réttum þar sem allir ættu að geta fundið sér eitthvað við hæfi. Það hefur verið sérstaklega vinsælt hjá hópum sem koma hingað að panta úrval smárétta sem hægt er að deila saman."

Allar helstu upplýsingar um matseðilinn og drykki má finna á Facebook-síðu K-barsins, kbarreykjavik.

# Íslandsmót barþjóna

**Íslandsmót barþjóna verður haldið á Hilton Hótel Nordica á sunnudaginn. Barþjónaklúbbur Íslands stendur fyrir því en hann hefur starfað í hálfa öld.**

Barþjónsstarfið er eitthvað sem ekki er hægt að sinna með hangandi hendi ef vel á að vera. Brennandi áhugi er ekki bara plús, það má segja að hann sé nauðsyn," segir Tómas Kristjánsson, forseti Barþjónaklúbbs Íslands. Klúbburinn varð fimmtíu ára nýverið en hann var stofnaður árið 1963 og eru meðlimir hans í dag nærri áttatíu.

„Klúbburinn hefur í gegnum tíðina staðið fyrir kynningum á borð við „Vín og drykkir" í Perlunni fyrir almenning. Þá er klúbburinn vettvangur fyrir meðlimi til að fræðast hver af öðrum," segir Tómas og bendir á að félagar í klúbbnum hafi náð góðum árangri á alþjóðlegum stórmótum erlendis í gegnum árin. „Til dæmis varð Margrét Gunnarsdóttir heimsmeistari í faglegum vinnubrögðum og Bárður Guðlaugsson heimsmeistari í þurrum drykkjum. Hreinn Hjartarson hreppti silfur árið 2012 og nú síðast fékk Guðmundur Sigtryggsson silfurverðlaun fyrir drykk sem hann skapaði," segir Tómas.

Um helgina verður blásið til veislu. „Íslandsmót barþjóna verður haldið í fimmtugasta sinn og í fyrsta skipti höldum við Reykjavík Cocktail Weekend, hanastélshelgi í henni Reykjavík. Þetta er liður í að fá fleiri gesti á þennan viðburð sem fram að þessu hefur verið aðeins of mikil „bransahátíð", segir Tómas glaðlega og bætir við; „Barþjónar eru félagsverur og það væri takmarkað gamanið ef engir væru gestirnir."



Tómas Kristjánsson forseti Barþjónaklúbbs Íslands hlakkar til Íslandsmeistaramóts barþjóna um helgina.

Tómas segir að hanastélið hafi gleymst svolítið í seinni tíð, sérstaklega eftir að bjórinn var leyfður á ný og tilbúnir blandaðir drykkir komu á flöskum. „En nú er það að koma aftur af fullum krafti," segir hann og líkir kokteilum til klæðskerasniðinn föt. „Það er jafn mikill munur á kokteilum og tilbúnum drykkjum eins og fjöldaframleiddum fötum og klæðskerasniðnum."

Tómas segir mikla og gamla speki liggja að baki kokteilum. „En raunar hávísindi líka því staðir eins og Slippbarinn og Loftið leggja mikið upp úr kokteilum þar sem kemur saman skemmtileg samsuða gamalla gilda og eðlis- og efnafræði sem skilar sér í einstökum drykkjum."

Tómas er bjartsýnn á framtíð barþjóna. „Áhuginn er mikill og við stefnum á fleiri keppnir og stærri sigra. Meðal okkar er margt ungt fólk með ferskar hugmyndir auk eldri reynslubolta og öll vinnum við að því að bæta árangur, auka fagmennsku og gera lífið aðeins skemmtilegra."




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Bourbon-námskeið á Slippbarnum

Jonatan Östblom-Smedje er sendiherra Jim Beam á Norðurlöndunum og er hann sá fyrsti til að gegna þessari stöðu á vegum fyrirtækisins. Hann mun halda sérstakt Jim Beam Bourbon Master Class-námskeið á Slippbarnum á laugardaginn í tilefni Reykjavík Cocktail Weekend 2014.

Jonatan er 34 ára gamall og á farsælan feril að baki á mörgum af flottustu börum Svíþjóðar. Meðfram barvinnunni stundaði hann háskólanám en það var einmitt áhugi hans á sögu sem fékk hann til að sökkva sér dýpra niður í barþjónafagið. „Saga Norður-Ameríku er líklega sú saga sem mest áhrif hefur haft á heiminn síðustu 300 ár, saga hennar er bæði heillandi og áhugavert," segir Jonatan. Þessi áhugi hans varð til þess að hann fór að lesa sér til um áfengisiðnaðinn í Ameríku og sögu hans í gegnum styrjaldir og áfengisbannið sem flestir þekkja.

Í dag er Jonatan búsettur í Stokkhólmi. Starfinu fylgja fjölmörg ferðalög um hin Norðurlöndin þar sem hann heldur námskeið og fyrirlestra um Jim Beam Bourbon, eða bandarískt viskí, fyrir fagmenn jafnt sem áhugamenn um viskí. Einnig fjallar hann um kokteila en kokteilmenning er á hraðri uppleið í heiminum í dag.

„Ég hef einnig haft þau forréttindi að fá að ferðast mikið um Bandaríkin og þá sérstaklega um svæði bourbon-viskí framleiðenda eins og í Loretto og Kentucky," er haft eftir Jonatan. Jim Beam á mikið af verðugum keppinautum á svæðinu og hefur Jonatan einnig eytt miklum tíma hjá þeim til að auka þekkingu sína enn frekar.



Jonatan mun starfa sem gestabarþjónn á Slippbarnum föstudags- og laugardagskvöld en á Slippbarnum verða sérstakir „Bourbon-dagar" með sérstökum mat- og kokteilaseðli.

„Þetta er sérstakur hluti af Bandaríkjunum og hafa þessar ferðir mínar verið þær bestu og fróðlegustu sem ég hef farið, enda hin sanna gamla Ameríka."

Í tilefni af Reykjavík Cocktail Weekend 2014 mun Jonatan halda sérstakt Jim Beam Bourbon Master Class-námskeið fyrir áhugasama. Tvö Námskeið fara fram á Slippbarnum á laugardaginn. Hið fyrra kl.12-14 og hið síðara kl. 15-17. Skráning fer fram í gegnum netfangið atlih@karlsson.is og er fólk hvatt til að láta þetta tækifæri ekki fram hjá sér fara.

## Bourbon-dagar

**Á Slippbarnum verða sérstakir „Bourbon-dagar" um helgina og eftirfarandi matog kokteilaseðill verður í gangi.**


Ásgeir Már Björnsson eða Ási, mun standa vaktina á barnum ásamt Jonatan Östblom-Smedje sem mun starfa sem gestaþjónn á föstudags- og laugardagskvöld.

**Matseðill:**

**Grilluð hörpuskel með beikon- og Bourbon-marmelaði.**
*Grilled scallops with bacon and Bourbon marmalade.*

**Stökkir kjúklingavængir í Bourbon „hot sauce" með jógúrtdressingu.**
*Crispy chicken wings in Bourbon hot sauce with yoghurt dip.*

**Cheddar- og serrano-krókettur með Bourbon mæjó.**
*Cheddar cheese and serrano croquettes with Bourbon mayo.*

**Tættur grís í Bourbon „bbq" á mjúkri hveitiköku með súrsætu káli.**
*Bourbon BBQ pulled pork on soft tortilla with sweet & sour cabbage.*

**Allir réttir á 1.290 kr. stk.**

**Kokteilaseðill:**

**RATTLESNAKE**
**Jim Beam viskí, hunang, absint, eggjahvítur, sítrónusafi og creole bitter** *(Bourbon, honey, absinth, egg white, lemon juice, creole bitter)*

**WINTER SOUR**
**Jim Beam Red Stag-viskí með epla- og kanilbragði, peru- og timjansíróp, sítrónusafi, múskat** *(Apple and cinnamon infused red stag, pear and timian simple syrup, lemon juice, nutmeg)*

**BLOOD AND SAND (RYE)**
**Jim Beam rúgviskí, rauður vermút, Heering-kirsuberjalíkjör, appelsínusafi** *(Rye, red vermuth, Cherry Heering, orange juice)*

**SMOKEY OLD FASHONED**
**Jim Beam viskí, bitterbrennivín, reykt te-síróp**
*(Bourbon, bitters, smoked tea simple syrup)*

# Bulldog-kokteilaseðill á K-bar

K-bar við Laugaveg hefur vakið athygli fyrir afar bragðgóða kokteila. Um helgina býður barinn upp á fjölbreytta og vandaða kokteila og sérstakan Bulldog-kokteilaseðil. Hér getur að líta nokkrar uppskriftir að ljúffengum kokteilum af þeim seðli.



**Bulldog-kokteilar sem eru í boði á K-bar um helgina verða:**

**K-MARTINI**
**Bulldog, cocchi americano, gúrka**

**KIM-JONG COLLINS**
**Bulldog, appelsína, sítróna, engifer & engiferbjór**

**CILANTRO SOUR**
**Bulldog, lime, sykur, kóríander og eggjahvíta**

**FRENCH-74**
**Bulldog, lime, lemongrass og freyðivín**

Axel Aage Schiöth, barþjónn og rekstrarstjóri K-bars, með einn af þeim fjölmörgu Bulldog-kokteilum sem verða á boðstólum um helgina. MYND/GVA

**BULLDOG COLLINS**
- **6** cl. **Bulldog gin**
- **4** cl. **sítrónusafi**
- **6** cl. **sódavatn**
- **1** tsk. **flórsykur**

**Glasið fyllt með ís og skreytt með kirsuberi & lime**



**BULLDOG G&T**
- **6** cl. **Bulldog gin**
- **12** cl. **Fever Tree Tonic**

**Glasið fyllt með ís & skreytt með lime**



**LONDON BLOSSOM**
- **52 ml Bulldog gin**
- **52 ml trönuberjasafi**
- **8 ml Lychee Juice eða litkasafi**
- **8 ml jarðarberjasíróp.**

**Hristið allt með ís og sigtið ofan í kælt martini-glas. Skreytið með rósarblaði.**







Aðalsteinn Bjarni Sigurðsson (til vinstri) og Hilmar Alexander Steinarsson tóku þátt í Absolut Invite Iceland í fyrra ásamt Gunnsteini Helga Maríussyni (fyrir neðan). MYND/ÚR EINKASAFNI

# Absolut Invite Iceland hefst í kvöld

Sænska gæðavodkað frá Absolut er landsmönnum vel kunnugt. Í kvöld hefst kokteilkeppnin Absolut Invite Iceland þar sem flestir færustu barþjónar landsins keppa sín á milli. Glæsileg verðlaun eru í boði fyrir sigurvegara keppninnar.



Flestir færustu barþjónar landsins mæta á kokteilkeppnina Absolut Invite Iceland sem haldin er í kvöld, miðvikudaginn 12. febrúar kl. 19, á hinum margrómaða veitingastað Loftinu sem stendur við Austurstræti í Reykjavík. Fókus keppninnar í ár verður eingöngu á lúxus vodkann Absolut ELYX sem aðalefnishluta. Keppendur eru einnig hvattir til að nota önnur „handcraft“ hráefni og að búa til og nota eigin íblöndunarefni eða rekjanlega vöru eins og hunang, marmelaði, sultur, ávexti, síróp og líkjöra. Fjölda barþjóna hefur verið boðið að taka þátt og verðlaunin eru glæsileg en sigurvegarinn hlýtur ferð til Svíþjóðar og þátttökurétt til að etja kappi við bestu barþjóna Norður-Evrópu.

Absolut Invite er mjög krefjandi keppni fyrir barþjóna því áður en þeir stíga inn fyrir barborðið á Loftinu og blanda tvo drykki verða þeir búnir að taka skriflegt próf um sögu Absolut og kokteila, ásamt því að að finna út með blindsmökkun tíu áfengistegundir.

Dómarar í ár verða þau Tómas Kristjánsson, forseti Barþjónaklúbbs Íslands, Hrefna Rósa Sætran matreiðslumeistari, Steingrímur Sigurgeirsson vínrýnir á www.vinotek.is og snillingurinn Ólafur Örn Ólafsson, sem verður einnig kynnir kvöldsins.

### Ólíkar og bragðmiklar útgáfur

Hið sænska Absolut vodka er eingöngu unnið úr náttúrulegum afurðum ólíkt mörgum öðrum vodka-tegundum en það er eingöngu unnið úr vetrarhveiti frá Skáni í suðurhluta Svíþjóðar. Í raun er Absolut vodka eins tært og vodka getur mögulega verið. Þrátt fyrir að vera svona tært og hreint þá hefur það samt sem áður eigin karakter í bragði, er ríkulegt með góða fyllingu, mjúkt og milt en nokkuð flókið í senn í bragði.

Absolut er fáanlegt í ýmsum útgáfum og þá tónað með bestu hugsanlegu náttúrulegum bragðtegundum, þó ekki þannig að það hafi áhrif á upprunalega áferð eða tærleika drykkjarins. Þar sem nánast enginn sætleiki er til staðar hentar Absolut vel sem grunnur í alla kokteila og ýmsa aðra drykki. Það er um að gera að nota hugmyndaflugið og finna sinn uppáhaldsdrykk.

Sumar bragðtegundir eru ávallt á boðstólum en aðrar í takmörkuðu magni. Þær þekktustu eru til dæmis Absolut Citron, Absolut Raspberri, Absolut Mandrin og Absolut Vanilia. Fleiri tegundir gera það gott á veitingahúsum og börum, eins og Absolut Gräpevine, Absolut Mango, Absolut Pears og Absolut Orient Apple þar sem tekist hefur skemmtilega að draga fram ferskt einkenni grænna og rauðra epla ásamt engiferrót.

Fólk er velkomið að mæta og fylgjast með keppninni en ekkert kostar inn.

## Sigurdrykkir keppninnar frá síðasta ári

### Absolut Amazing

Eftir Gunnstein Helga Maríusson.

4 cl. Absolut Gräpevine
2 cl. engifers- og hunangssíróp
2 cl. sykursíróp
2 cl. eplasafi
1,5 cl. Dekuyper Lemongrass
1 cl. Dekuyper Ginger
Hrist með ferskum chili og gúrku. Skreytt með þunnri gúrkusneið og svörtum pipar




### Vanillu-Passion Paradís

Eftir Hilmar Alexander Steinarsson.

4 cl. Absolut Elyx
2,5 cl. Peach-líkjör
2 cl. Passion purée
1 cl. vanillusíróp
1 cl. lime safi
Dass af eggjahvítu og skreytt með vanillustöng og sítrónubarkarblómi.



# Endurskapa gamla og góða tíma

**Slippbarinn í Reykjavík býður gestum Reykjavík Cocktail Weekend upp á úrval bragðgóðra og ljúffengra kokteila. Barinn á stærstan þátt í vexti kokteilmenningarinnar undanfarin tvö ár. Tveir nýir kokteilar verða kynntir til sögunnar yfir hátíðina.**

Segja má að kokteilmenningin hérlendis hafi fyrst komist á flug þegar Slippbarinn var opnaður í Reykjavík, sumardaginn fyrsta árið 2012. Yfirbarþjónn Slippbarsins, Ásgeir Már Björnsson sem er betur þekktur undir nafninu Ási, hefur haft veg og vanda af uppbyggingu kokteilmenningarinnar undanfarin tvö ár og segir hann þá henta fyrir allar árstíðir og alla daga vikunnar. „Að drekka góðan kokteil er ekki eins og að drekka venjulegan drykk. Sá sem blandar hann er kannski búinn að leggja mikla vinnu í að þróa hann, jafnvel marga mánuði. Hjá okkur er allt unnið frá grunni og eingöngu notað ferskt hráefni, til dæmis ferskir ávextir þar sem við á. Mikil áhersla er lögð á notkun réttra tóla og tækja auk vandaðra vinnubragða. Þannig snýst þetta meira um að búa til upplifun fyrir viðskiptavininn frekar en að búa til einhvern drykk. Sá sem pantar til dæmis kokteil hjá okkur á Slippbarnum er mjög líklega að njóta drykkjar sem er hvergi í boði annars staðar.“

Sjálfur hefur Ási verið í bransanum í fjöldamörg ár. Hann starfaði lengi á kokteilbörum í Danmörku og segist fyrst hafa kynnst kokteilsenunni þar. „Kokteilmenning undanfarinna ára leitar aftur til fortíðar þegar starf barþjóna var talsvert frábrugðið því sem þekkst hefur undanfarin ár. Segja má að vinsældir þeirra hafi farið á flug í Bandaríkjunum 1992-1993 og breiðst þaðan um heiminn næstu árin. Fram að þeim tíma voru kokteilar bara eitthvað sem gamalt fólk drakk og barþjónar í hlutastörfum reiddu fram. Þetta hefur allt breyst og nú drekkur fólk á öllum aldri kokteila og fagfólk blandar þá frá grunni.“



„Að drekka góðan kokteil er ekki eins og að drekka venjulegan drykk,“ segir Ási, yfirbarþjónn á Slippbarnum. MYND/VILHELM

## Ketel One Vodka

Ketel One Vodka kemur frá Hollandi og hefur í rúmlega 30 ár verið þekkt fyrir tæran og góðan karakter. „Ég mundi segja að Ketel One-vodkað sé afskaplega mjúkt og aðgengilegt, vodka í góðu jafnvægi. Það truflar ekkert bragðið hér og þessi tegund hentar í alla kokteila sem innihalda vodka. Sjálfur nota ég sjaldan vodka í kokteila mína en þegar ég geri það nota ég hiklaust Ketel One enda hefur hann þessa mýkt og fyllingu sem nauðsynleg er.“

Kokteillinn sem Ási býður hér upp á er útúrsnúningur af hinum þekkta White Russian-kokteil. „Við buðum áður upp á kokteil sem hét Dead Russian en hann innihélt malt. Nú notum við Myrkva bjór í nýjum kokteil sem er sérstaklega í boði yfir Reykjavík Cocktail Weekend. Hann inniheldur líka súkkulaðibitter og hrálakkrís, virkilega spennandi og góður drykkur.“

## Dead Russian 2.0

30 ml Ketel One Vodka
45 ml. Myrkvi bjór
1 bsk. fínmalaður sykur
2 döss súkkulaðibitter
¼ bsk. hrálakkrísрúður
Léttþeyttur rjómi með smá Grand Marnier-dropa.

### Aðferð

*Allt nema rjóminn sett í hristara og hrært saman án klaka þangað til sykur og lakkrís hefur leyst upp. Klaka bætt út í og hrært þar til gott jafnvægi næst. Klakinn er næst síaður frá og rjómanum fleytt ofan á í kokkteilglasi.*

## Tanqueray TEN

Í tæplega tvær aldir hefur Tanqueray-gin verið á boðstólum. Það hefur hlotið mörg gullverðlaun og er eitt mest selda gæðagin heims. Tanqueray TEN kom á markað árið 2000 en það flokkast sem Ultra Premium-gin. Það inniheldur ferska ávexti og er framleiðsluferlinu handstýrt. „Tanqueray TEN hefur flott sítrusbragð og með einiberið undir niðri. Þetta er svakalega gott gin fyrir bæði byrjendur og lengra komna. Það hefur góða fyllingu og hentar vel í góða kokkteila. Tanqueray TEN er sterkara en hefðbundið gin, eða 47,3% sem gefur því enn meira bragð fyrir vikið.“

Kokteillinn T.Bird hefur verið til sölu á Slippbarnum lengi og notið mikilla vinsælda. „Hér stílum við inn á einfaldleikann og bjóðum upp á skemmtilegan drykk með hárfínt jafnvægi milli sætu og sýru. Í kokteilnum er íslensk hvönn sem hentar vel með gini og blómalíkjör, sítrónusafi og hvannarsíróp leika stórt hlutverk.



Ketel One er vodka í góðu jafnvægi. MYND/VILHELM

Stórgóður drykkur með balanserað blómabragð og hvannarbragð.“

## T.BIRD

45 ml hvannartrekkt (infused) Tanqueray TEN
30 ml June-líkjör
15 ml ferskur sítrónusafi
10 ml hvannarsíróp
Eimuð sítrónuolía

### Aðferð

*Allt nema olían sett í hristara og hrist, síað í kokkteilglas. Olíunni spreyjað yfir.*

## Grand Marnier

Franski koníakslíkjörinn Grand



Tanqueray TEN er gin fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. MYND/VILHELM

Marnier hefur lengi notið mikilla vinsælda hérlendis sem annars staðar. Líkjörinn er byggður á koníaki og appelsínum og hentar einstaklega vel í marga kokteila, að sögn Ása, og raunar eftirrétti líka. Líkjörinn var fyrst settur á markað árið 1880.

Hér býður Slippbarinn upp á nýjan kokteil sem nefnist Side Kick. Hér er Grand Marnier og Campari blandað saman ásamt appelsínu- og sítrónusafa og eggjahvítu.

„Grand Marnier og Campari fara mjög vel saman. Þetta er fisléttur og dúnmjúkur kokkteill og



Grand Marnier hentar í marga ljúffenga kokteila auk eftirrétta. MYND/VILHELM

raunar óður til gamaldags kokteila þar sem sykur er í lágmarki.

## Side Kick

40 ml Grand Marnier
20 ml Campari
15 ml ferskur appelsínusafi
15 ml sykursíróp
30 ml ferskur sítrónusafi
1 eggjahvíta

### Aðferð

*Allt sett í hristara og hrist duglega án klaka. Klakanum bætt í, hrist og síað í kokkteilglas. Olía úr appelsínuberki kreist yfir.*



Gunnar Rafn Heiðarsson opnar KOL Restaurant á Skólavörðustíg á morgun.

MYND/STEFÁN

KOL Whiskey Sour, sérblandaður kokteill á KOL.

# Eigin kokteilar á krana

**KOL er nýr veitingastaður og bar á Skólavörðustíg 40. Staðurinn verður opnaður á morgun og býður upp á fjölbreyttan matseðil og sérstakan kokteilaseðil um helgina**

„Við köllum þetta „casual fun dining“ en við bjóðum upp á mjög fjölbreyttan matseðil,“ segir Gunnar Rafn Heiðarsson, einn eigenda KOL, glænýs veitingastaðar á Skólavörðustíg.

Á matseðli KOL eru smáréttir í fingurfæðisformi en einnig forréttir eins og risotto með hörpuskel og andasalat með karamellu.

„Miðpunktur eldhússins er kolaofninn okkar. Þar grillum við nautalundir, rib-eye-steikur og lúxusborgara, ástamt því að bjóða upp á humar, risarækjur, ostrur, salöt og gott úrval fiskrétta. Þá bjóðum við að sjálfsögðu líka upp á eftirrétti og góðan vínseðil,“ segir Gunnar. Á KOL er einnig mikill metnaður lagður í góða drykki og verða tveir sérblandaðir kokteilar fáanlegir á krana.

„Við verðum með Red Monroe og Donkey á krana, sem við útbúum sjálf frá grunni, úr ferskum engifersafa, engiferbjór og vodka. Við bjóðum einnig upp á kraftkokteila úr hráefni sem við útbúum mikið til sjálf en við notum ekki neitt með tilbúnu bragði eða litarefnum og kreistum til dæmis allan ávaxtasafa á staðnum. Við útbúum okkar eigið síróp, leggjum ferskar jurtir í lageringu í gini og pikklum trönuber í vínblómalíkjör og notum sírópið sem verður til við það í kokteila. Þá lögum við okkar eigið ananassíróp úr ferskum ananas,“ segir Gunnar.

KOL verður opnaður á morgun og tekur fullan þátt í kokteilhátíðinni um helgina með sérstökum kokteilaseðli. Opið verður öll kvöld vikunnar og í hádeginu á virkum dögum.






# Dagskrá Reykjavík Cocktail Weekend

## *Á vegum Glóbus*

**Miðvikudagur:**

Flestir færustu barþjónar landsins mæta á kokteilkeppnina Absolut Invite Iceland sem er á miðvikudaginn 12. febrúar kl. 19, á veitingastaðnum Loftinu sem stendur við Austurstræti í Reykjavík.

## *Á vegum Karl K. Karlsson*

**Fimmtudagur:**

**18-20**

Hótel Plasa: Axel Aage Schiöth veitingastjóri K-bar býður gestum og gangandi upp á sérvalinn kokteil.

**18-22**

Sérstakir Jim Beam Bourbon-dagar á Slippbarnum í tilefni hátíðarinnar.

**20-23**

Bulldog og K-bar kynna sérstakan kokteilseðil í tilefni hátíðarinnar.

**Föstudagur:**

**18-20**

Hótel Plasa: Fulltrúar Karls K. Karlssonar bjóða gestum og gangandi upp á sérvalinn kokteil, ásamt fræðslu og smökkun

**18-22**

Jim Beam Bourbon-dagar á Slippbarnum þar sem fulltrúi frá Jim Beam, Jonatan Östblom-Smedje, verður sérstakur gestabarþjónn á Slippbarnum og töfrar fram Jim Beam kokteila ásamt Ásgeiri Má Björnssyni.

**20-23**

Patron og 101 Hótel kynna Patron kokkteila í tilefni hátíðarinnar.

**21-23**

Kapteininn ásamt Morganettum startar kvöldinu á Big Lebowski bar.

**Laugardagur:**

**12 – 14**

Jim Beam Bourbon Master class námskeið. Jonatahn Östblom-Smedje, fulltrúi Jim Beam á Norðurlöndunum, heldur Jim Beam Masterclass námskeið fyrir alla áhugasama í Slippbíói Marina Hótels. Almenn skráning fer fram í gegnum netfangið atlih@karlsson.is

**15 – 17**

Jim Beam Bourbon Master class námskeið. Jonatahn Ostblom-Smedje, fulltrúi Jim Beam á Norðurlöndunum heldur Jim Beam Masterclass námskeið fyrir alla áhugasama í Slippbíói Marina Hótels. Almenn skráning fer fram í gegnum netfangið atlih@karlsson.is

**18 – 20**

Hótel Plasa Jonatan Ostblom – Smedje sérstakur fulltrúi Jim Beam býður gestum og gangandi uppá sérvalinn kokteil úr Jim Beam hráefnum ásammt almennri fræðslu um Bourbon og eftirtaldar vörur: Jim Beam, Jim Beam Black, Jim Beam Red Stag og Jim Beam Devils Cut.

**18-23**

Jim Beam Bourbon-dagar á Slippbarnum þar sem fulltrúi frá Jim Beam á Norðurlöndunum, Jonatan Östblom-Smedje, verður sérstakur gestabarþjónn á Slippbarnum og töfrar fram Jim Beam kokteila ásamt Ásgeiri Má Björnssyni.

**20-23**

Patron og 101 Hótel kynna Patronkokteila í tilefni hátíðarinnar.

## *Á vegum Ölgerðarinnar*

**Fimmtudagur-laugardagur frá 17-23**

Kokteilar á sérstöku tilboði ásamt fræðslu og fróðleik frá barþjónum staðarins.

**B5**

Barþjónar B5 töfra fram Tanqueray kokteila ásamt öðrum drykkjum á seðli og fræða fólk um Tanqueray eðal gin.

**Loftið**

Franski gestabarþjónninn Alexandre Lambert verður með sérstaka áherslu á viskíkokteila frá Johnnie Walker. Lambert er margverðlaunaður meistarabarþjónn sem sérhæfir sig í kokteilgerð. Einnig verða kokteilar úr koníaki kynntir til leiks.

**Austur**

Barþjónar Austur töfra fram seiðandi kokteila og verða með sérstaka áherslu á Grand Marnier og fræða gesti um þennan franska eðalborna líkjör.

**TASTING ROOM á Hótel PLAZA 18-20**

**Fimmtudagur:** GIN – Gordons, Tanqueray og Tanqueray TEN fræðsla og smakk.

**Föstudagur:** ROMM – Hágæðarommið Ron Zacapa kynnt í fyrsta sinn fyrir Íslendingum.

**Laugardagur:** VISKÍ – Sendiherrar Johnnie Walker kynna mismunandi útgáfur og nokkrar gerðir af maltviskíi.

## *Á vegum Barþjónaklúbbs Íslands*

**Sunnudagur**

Íslandsmeistaramót barþjóna verður haldið á Hilton Hótel Nordica. Keppnin verður í tveimur hlutum og þetta árið er keppt í „Fancy cocktail“.

*Eftirtaldir birgjar taka þátt í Reykjavík Cocktail Weekend*

*Globus*

*Mekka wine & Spirits*

*Vífilfell*

*Haugen*

*Ölgerðin*

*Karl. K Karlsson*

## TILBOÐ Á KOKTEILUM UM HELGINA



**Eftirtaldir staðir** verða með sértilboð á kokteilum frá klukkan 17 til 23 frá 13. til 16. febrúar.

**Loftið** Austurstræti
**Austur Bar** Austurstræti
**Nora Magasin** Pósthússtræti
**B 5** Bankastræti
**Sushi Samba** Þingholtsstræti
**101 hótel** Hverfisgötu
**Kol Kitchen** Skólavörðustíg
**Vínsmakkarinn** Laugavegi
**K-bar** Laugavegi
**Hilton Reykjavík Nordica**
**Lebowski Bar** Laugavegi
**Ský Bar** Ingólfsstræti

# Suðræn stemning á Sushi Samba

Feikna stuð og stemning verður á kokteilbar Sushi Samba frá fimmtudegi til sunnudags þar sem boðið verður upp á fjölbreytt úrval framandi kokteila.



Orri Páll Vilhjálmsson og Gunnsteinn Helgi Maríusson með suðræna og svala kokteila. MYND/GVA

Meðal þess sem boðið verður upp á hjá Sushi Samba á Kokteilhátíðinni um helgina er mexíkóskur Mojito, svalur keppnisdrykkur sem er sérlega vinsæll um þessar mundir en alla drykki má sjá hér fyrir neðan.

Sushi Samba er eftirsóttur staður sem býður upp á glæsilegan kokteilbar þar sem fólk getur komið inn og fengið að njóta suðrænnar stemningar hvort sem er með eða án matar.

Sushi Samba býður auk þess einstaka blöndu af japanskri og suður-ameríski matargerð, sushi eða grillrétti.

Að sögn Gunnsteins Helga Maríussonar hafa viðtökur verið framúrskarandi frá því staðurinn var opnaður fyrir tveimur árum. Þeir sem vilja bjóða elskunni sinni út á Valentínusardaginn á föstudag ættu því að panta borð tímanlega. „Við opnum klukkan 17 alla daga og erum með opið fram á nótt. Fólk getur heimsótt kokteilbarinn okkar þótt það ætli sér ekki að borða og þá er óþarfi að panta borð. Sushi Samba er einn af fáum veitingastöðum sem eru með slíkan kokteilbar," segir Gunnsteinn og bætir við að fólk komi í kokteil á hverjum degi. „Það er alltaf ástæða til að fá sér góðan kokteil," segir hann. „Þessi helgi verður hins vegar einstök og mjög skemmtileg."

*Sushi Samba, Þingholtsstræti 5, borðapantanir í síma 568 6600. Heimasíðan er sushisamba.is en þar er hægt að skoða matseðil. Sushi Samba er einnig á Facebook og Instagram#sushisambarvk*

### Glæsilegir kokteilar hjá Sushi Samba um helgina. Allir á 1.490 krónur.

**El Mexicano Mojito**
Orange Patron Tequila, appelsína, kóríander, jalapeño, hrásykur, sódavatn

**Copacabana**
Finlandia Mango, hálft avocado, engifer, vanillu- og passion-síróp, lime-safi

**Vínberja Ciprianne**
Absolut Acai, Elderflower-líkjör, vínber, sítrónusafi, sykur

**Japanese**
Nikka Black, Pure Malt Whiskey, Maraschino Cherry-líkjör, sykur, appelsínubitter, sódavatn

**Scandinavian Viking**
Hendrick's Gin, birkisíróp, grænepla-mauk, gúrku-dillsafi, heimatilbúinn bitter

**Ríó / Óáfengur Kr. 850**
Hálft avocado, engifer, vanillu- og passion-síróp, epla- og ananassafi




Vínsmakkarinn
er stoltur þátttakandi í fyrsta
Reykjavík Cocktail Weekend




smakkarinn.is | Vínsmakkarinn - Vín og Ölstofa | Laugaveg 73
GSM: 693-6526 | info@smakkarinn.is


# Dýrindis kokteilar

Á 101 hótel og bar verður boðið upp á gómsætan mat og girnilega kokteila um helgina í tilefni af Reykjavík Cocktail Weekend. Glænýr kokteilaseðill verður kynntur.

Barinn og veitingastaðurinn á 101 hótel taka þátt í Reykjavík Cocktail Weekend sem fram fer um næstu helgi. „Í tilefni af hátíðinni Reykjavík Cocktail Weekend ætlum við að bjóða upp á gott úrval af dýrindis kokteilum á sanngjörnu verði," segir Gyða Dan Johansen, rekstrarstjóri 101 hótel, veitingadeildar.

„Veitingastaðurinn á 101 hótel hefur ávallt þótt framúrskarandi og á nýjum matseðli hjá okkur eru samankomnir vinsælustu réttirnir í gegnum tíðina en með spennandi nýjungum. Þar má meðal annars nefna speltpitsu með humri og tígrisrækjum og bakaðan saltfiskhnakka með hægelduðum kirsuberjatómötum, stökkri parmaskinku og krömdum hvítlaukskartöflum. Sá réttur hefur einmitt gjörsamlega slegið í gegn."

Á 101 hótel er boðið upp á svokallaðan „Showtime menu" alla daga á milli klukkan fimm og sjö. „Á þeim seðli er hægt að velja einn aðalrétt og einn eftirrétt á aðeins 4.900 krónur. Á barnum hjá okkur hefur ávallt verið boðið upp á girnilegan kokteilseðil og verður glænýr kokteilseðill kynntur um komandi helgi," segir Gyða.

### Ferskur og freyðandi

**Cherry Fizz**
**3 cl Southern Comfort**
**6 cl goji-safi**
**Fyllt með freyðivíni – skreytt með kirsuberi og lime.**




Á 101 bar verður meðal annars boðið upp á þennanfallega drykk, Cherry Fizz, um helgina.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.



Þeir Haraldur og Helgi á Lebowski verða á léttu nótunum um helgina og ætla að bjóða upp á kokteilinn Hoffman. MYNDIR/STEFÁN

# Lebowski bar með sigurdrykkinn

**Á Lebowski bar verður boðið upp á kokteila á hlægilegu verði alla helgina. „Við verðum meðal annars með kokteilinn Hoffman, Hoffman er sigurvegari.“**

Lebowski bar verður með í Reykjavík Cocktail Weekend og verða þar nokkrir kokteilar á tilboði. „Við verðum með fjóra kokteila á hlægilegu verði eða á þúsund krónur glasið,“ segir Helgi Tómas Sigurðarson, vaktstjóri á Lebowski bar. „Við verðum á léttu nótunum hér á Lebowski og bjóðum upp á þetta svakalega tilboð bæði á föstudag og laugardag frá klukkan átta.“

### Girnilegir kokteilar á tilboði

Kokteilarnir verða hverjir öðrum betri að sögn Helga en þeir bera allir skemmtileg nöfn. „Fyrstan skal nefna kokteilinn Hoffman en hann er til minningar um leikarann Philip Seymour Hoffman sem lést á dögunum. Hoffman lék í myndinni Big Lebowski sem barinn er nefndur eftir þannig að hann átti stað í hjörtum okkar hér á Lebowski. Síðan er það Holy Moly sem er risastór, ferskur, bleikur drykkur. Það fyrsta sem fólk hugsar þegar það sér drykkinn er einmitt „hólímólí“, þaðan kemur nafnið. Svo er það drykkurinn Jesus en það var persóna í myndinni sem var kölluð Jesus. Fjórði kokteillinn er svo Darth Vader sem er ein aðalpersónan í Stjörnustríðsmyndunum en strákurinn sem bjó drykkinn til er mikill aðdáandi þeirra mynda. Sá drykkur er svartur enda með dassi af pepsí í. Við verðum einnig með einn óáfengan drykk en hann er mjög einfaldur hjá okkur, hann heitir Preggó og er stórt sódavatnsglas með sítrónu,“ segir Helgi.

### Hoffman sigurvegari

Helgi segir Hoffman vera það góðan kokteil að ef Lebowski bar tæki þátt í barþjónakeppninni sem haldin verður í lok Reykjavík Cocktail Weekend yrði hann sigurvegari. „Við erum ekki faglærð hérna á Lebowski en ef við værum með myndum við taka titilinn. Hoffman er sigurvegari.“

### Flott tónlist og góður matur

Á Lebowski bar er hægt að fá sér að snæða til klukkan tíu á kvöldin alla daga. „Við erum með flottan matseðil og meðal annars tvo hamborgara sem allir verða að smakka, HoneybooBBQ og Steikarborgara. Hjá okkur er alltaf mikið stuð og á fimmtudögum er hér Movie-Quiz og þá er allt troðfullt. Við erum með tvær hæðir og efri hæðin er opnuð á miðnætti. Hún er hentug fyrir hópa og er gott að panta hana snemma þar sem hún er uppbókuð hverja helgi. Það er mikið að gera öll kvöld og viðskiptavinirnir eru á breiðu aldursbili. Við spilum líka fjölbreytta og skemmtilega tónlist sem allir geta dansað við,“ segir Helgi.



Það er alltaf gaman á Lebowski bar og á því verður engin undantekning um helgina þegar Reykjavík Cocktail Weekend-hátíðin verður haldin.

# KOKTEILAR - LEBOWSKI BAR



**Jesus**
3 cl Smirnoff Green Apple
3 cl Sourz grænn
3 cl CuraÇao Blue½
6 cl appelsínusafi
Fyllt upp með Red Bull
Lime á brúnina



**Holy Moly**
3 cl Baccardi Razz
1½ cl Cointreau
1½ cl Smirnoff Green Apple
1½ cl Peach-líkjör
1½ cl jarðarberjasíróp
15 cl trönuberjasafi
6 cl ananassafi
2 lime-sneiðar
Dass eggjahvíta
*Hrist*
Hátt kokteilglas með kirsuberi á toppnum
Lime á brúnina



**Darth Vader**
3 cl Southern Comfort Lime
3 cl Smirnoff Green Apple
1½ cl Amaretto
Dass lime-safi
*Hrist*
Fyllt upp með pepsi



**Hoffman**
3 cl rjómi
3 cl Kahlúa
3 cl Kaniltá
*Hrist*
Hellt í viskíglas
Þeyttur rjómi og kanill á toppnum

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



MMC Pajero Dakar 3.2 Diesel 10/2005 ek.104þús. Sjálfskiptur. Leður. Upphækkaður. Nýleg dekk. Nýlegar bremsur. Ásett verð 3.490.000.-



BMW 325I S/D E90 12/2005 ek.57þús. Sjálfskiptur. Topplúga. Ásett verð 2.990.000.- Rnr.286363



Toyota Corolla H/B Terra 5/1998 ek.182þús. Beinskiptur. Nýr altenator, nýr rafgeymir, nýjir demparar að aftan. Ásett verð 480.000.- Rnr.286424

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



M.BENZ R 350 4matic panorama. Árgerð 2007, ekinn 129 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.leður ofl. skipti od Verð 4.790.000. Rnr.223106. Bílamarkaðurinn 5671800



TOYOTA Aygo h/b. Árgerð 2010, EKINN 17 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.105777. Bílamarkaðurinn 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2010, ekinn 69 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Tilboð 1.530.000 Rnr.181551. Toyota Kletthálsi 570-5220



TOYOTA Aygo terra. Árgerð 2012, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.590.000. Rnr.181548. Toyota Kletthálsi 570-5220

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex-3,5 bensín. Árgerð 2006, ekinn 102 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.990729.



MERCEDES BENZ Citan 109 cdi kb. Árgerð 2014, ekinn 350 KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.220.000. Rnr.160884. 5 manna með flutningsrými.



BMW 320 s/d e90 sjálfsk.. Árgerð 2005, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.990682.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

STÓRA BÍLASALAN



HONDA Civic 5dr. Árgerð 3/2011, ekinn aðeins 22 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð stgr 2.690.000. - Er á staðnum.Rnr.155565

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



TOYOTA Corolla. Árgerð 2003, ekinn 240 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 650.000. Rnr.110991. GSM 899-0555

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



BMW 520i e60. Árgerð 2008, ekinn 76 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.Umboðsbíll og Ein eigandi. Rnr.113750.



SUBARU Impreza wagon gx 4wd. Árgerð 2006, ekinn aðeins 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690. Rnr.219578.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



Toyota Yaris árg ,06 ek 132 þús fimm dyra topp bíll. Verð 970 þús gsm 8682352



Til sölu Toyota Raf árg.'04 ek. 114þús. Ný dekk krókur, í topp standi. V. 1.5milj. Uppl. í s. 8680737/5676438



**TIL SÖLU**
Citroen C-Zero rafmagnsbíll árgerð 6/2011. Ekinn 29.600 km. Verð 2.600.000.- (kostaði nýr 3.890.000). Drægni á hleðslu allt að 130 km. Uppl í síma 660 0230 Magnús




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000



Mazda 3, árg. ,04,ek. 83.000km,sjálfsk. einn eigandi.V. 980þús.Uppl.í S.8668195

## 250-499 þús.



**2005 SPARIBAUKUR -TILBOÐ 499 ÞÚS!**
OPEL CORSA 1,2 COMFORTLINE árg ,05 ek174 þús, 5 d, bsk, ný vetrardekk, ný tímakeðja og ný sko, eyðir um 5ltr/100 ásett verð 800 þús TILBOÐ 499 ÞÚS möguleiki á 100% visaraðgreiðslum í allt að 36 mánuði s.841 8955



**GLÆSILEGUR - TILBOÐ 480ÞÚS !**
PEUGEOT 307 XR árg.'02 ek. 139þús beinsk. vel með farin bíll sem eyðir litlu. Ásett verð 650þús tilboð 480þús möguleiki á 100% visa/euro 36 mán. s.841 8955.

## 500-999 þús.



**!!! FRÁBÆRT EINTAK !!!**
Nissan Primera 1.6 árg 02" ekinn aðeins 106þ !!! bsk nýskoðaður 15" nýtt í bremsum ofl. negld dekk og sumardekk verð 590þ TILBOÐ 399þ! uppls 666-0675



**SJÁLFSKIPTUR SMÁJEPPI**
SUZUKI JIMNY 1,3 árg 2002 ek.140 þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, eyðir litlu og lítur vel út ásett verð 720 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á allt að 100% láni s.841 8955



**DISEL JEPPI - TILBOÐ 890 ÞÚS!**
MMC PAJERO GLX DID 3,2 TURBO DISEL 165 hö árg'00 ek 232 þús, ssk, dráttarkr, leður stór lúga ofl. vel útbúinn bíll sem hefur fengið gott viðhald, aðeins 2 eigendur ásett verð 1290 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á allt að 100% visa láni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**
98-05"árg. á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Jeppar



**VERÐ AÐEINS 990ÞÚS !**
Toyota landcruiser ,38 vel breyttur, aukatankur og fl. árg 1997 disel, bsk 5 gíra, 8 manna. Flott eintak Verð 990þús. Uppl. í s. 895 4444 skipti ath. ( er til sýnis Túngötu 31, 101 )

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alagluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.




HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

## Varahlutir

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## til sölu

# Lágvöruverðsverslunin DOMTI er til sölu



**Af sérstökum ástæðum er verslunin DOMTI til sölu.**
**Verslunin starfar eftir sérleyfi, frá DOMTI á Spáni, sem er geysivinsæl þar í landi. Sérleyfið býður upp á einkaleyfi á Íslandi og einnig í Skandinavíu. Verslunin er nú til húsa í verslunarmiðstöðinni Firði Hafnarfirði, 2.hæð. og er þekkt fyrir að bjóða góða vöru á aðeins 3-4 verðflokkum. Verslunin býður góða heimilisvörur á ótrúlega góðu verði..**

*Útsöluverð vörubirgða er rúmlega 50 millj. Býðst á 20 millj og helming verðs má greiða með eignaskiptum.*

*Mikil tækifæri felast í rekstrinum.* Upplýsingar gefur:

**Fyrirtækjasala Ísl. Ármúla 19, R. S: 520-3500, www. atv.is**
**Óskar Mikaelsson löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali.**

## Varahlutir

**EIGUM VARAHLUTI Í PESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323,Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Málameistari getur bætt við sig verkefnum, bæði innanhús og utan (í sumar). Fagmennska og vönduð vinnubrögð. S. 6619046 Jóhann.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Smiður með reynslu í húsaviðgerðum ó.e vinnu. Hurðir, parket, flísar, gipsveggir og fl. s. 7718013.

**MYGLUHREINSUN**
sérhæfðir verktakar fyrir kröfuharða. Mannvist&mannvirki mannvist@ mannvist.is 5195700

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

## Til sölu

FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !
Húsgögn og fleira til sölu
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

KABA
ASSA
Höfuðlyklakerfi fyrir fyrirtæki og húsfélög
Neyðarþjónustan
Skútuvogur 11 • ☎ 510-8888

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )
Upplýsingar í síma 661 7000.

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

## Verslun

Arena
Ármúla 34
Fatnaður fyrir samkvæmisdans fyrir dömur og herra frá YourBenefit.
Kolbrún Birna fatahönnuður verður í verslun-inni fimmtud. 13. feb milli kl. 15 og 18 að kynna fatnaðinn og taka mál.
15% afsláttur af öllum dans-skóm þennan dag
Arena Dansverslun



**WE-VIBE II, III OG IV**
Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land. www.hush.is


# Hljóðlátar VENTS VIFTUR



Tilboð í febrúar frá 7990

15 daga skilaréttur
Full endurgreiðsla
Engin inneignarnóta

**Ekki láta raka og óhreinindi safnast fyrir í lofti íbúðarinnar. Rétt loftun tryggir hreint, þurrt og gott loft.**

# íshúsið

**Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata**

## Þurrktæki



Er raki í gluggunum? Stjórnaðu rakanum og bættu loftið.
**Tilboð 39.990 kr.**
Á meðan birgðir endast

## Röraviftur



Röraviftur með börkum, hlífum og grindum.
Verð frá **11.990 kr.**
Á meðan birgðir endast

## Hesthúsablásarar



Útsogsblásarar og þakblásarar. Verð frá **29.900 kr**
Margar útfærslur.
Á meðan birgðir endast

# viftur.is




**FRAMTÍÐARSÝNIN MEÐ AUGUM SKOPMYNDATEIKNARANS** Fáir telja að krónan hljóti á ný fullt frelsi, jafnvel þótt brotinn verði niður haftamúrinn sem um hana hefur verið reistur. Við taki regluverk Seðlabankans þar sem áfram verði settar skorður á hvaða krónur fái fararleyfi og hverjar ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR KARLSSON

# Vonast eftir skrefum í losun gjaldeyrishafta á þessu ári

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir liggja fyrir að við losun gjaldeyrishafta taki við þjóðhagsvarúðarreglur sem Seðlabankinn hafi birt. „Seðlabankinn hefur birt varúðarreglur sem hann telur að sé æskilegt að verði til staðar við losun hafta. Þar er að einhverju leyti verið að reyna að koma í veg fyrir að sömu mistök og áttu sér stað fyrir hrun endurtaki sig. Varúðartækin eru meðal annars tengd útlánum, fjármögnun og eiginfjárgrunni fjármálastofnana. Meðal annars er lagt til að skorður verði settar á skuldsetningu í erlendri mynt, þá er einnig lagt til að tímabundnar hraðahindranir verði settar á lífeyrissjóði.“

Hömlur á lífeyrissjóðina segir Ásdís hins vegar þann þátt sem helst sé tilefni til að setja spurningarmerki við. „Þegar horft er til þess að það eigi að afnema höftin, þannig að innlendir og erlendir aðilar megi fara úr landi með fjárfestingar sínar þá er verið að gefa sér að farsælasta lausnin sé að setja á sama tíma hömlur á fjárfestingar lífeyrissjóða.“ Hún bendir á að erlendar eignir lífeyrissjóðanna í heildareignasafni þeirra hafi farið minnkandi frá hruni og áhættudreifing þeirra minnki með hverju ári sem líður innan hafta. „Vænt útflæði lífeyrissjóðanna vegna vilja þeirra til að fjárfesta á erlendum mörkuðum er ekki síður hluti af hinni svokölluðu snjóhengju sem við verðum að horfa til þegar við finnum leiðir til að opna hagkerfið á nýjan leik.“

Nýjum reglum, sem taki við af þeim fjármagnshöftum sem nú eru til staðar segir Ásdís ekki endilega þurfa að fylgja fælingaráhrif á erlenda fjárfesta. „Ef horft er til þess hvað gerðist fyrir hrun þá er mjög eðlilegt að reynt sé að koma böndum á hluti sem Seðlabankinn gat ekki ráðið við. Með varúðarreglunum er meðal annars verið að fjölga stjórntækjum Seðlabankans og það þarf ekki endilega að virka fráhrindandi fyrir erlenda fjárfesta.“ Unnið sé að því að fjölga vopnum Seðlabankans þannig að hann hafi möguleika til að beita sér gegn óæskilegri þróun sem hann telji að ógni peningalegum og

> Vænt útflæði lífeyrissjóðanna vegna vilja þeirra til að fjárfesta á erlendum mörkuðum er ekki síður hluti af hinni svokölluðu snjóhengju.



**SEGIR VARÚÐARREGLUR TIL BÓTA** Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, hefur ekki trú á því að gjaldeyrishöft hverfi hér að fullu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fjármálalegum stöðugleika í íslensku efnahagslífi. „Það held ég að séu til lengri tíma mun mikilvægari þættir fyrir erlenda fjárfesta, það er að sú sýn sé skýr, þannig að horfið sé frá þeim óstöðugleika sem einkennt hefur efnahagslífið.“

Ásdís segist telja að með varúðarreglum Seðlabankans sé verið að reyna að taka á þáttum sem hefði þurft að ná betri stjórn á. „En við megum heldur ekki ganga of langt og beita boðum og bönnum á alla hluti. Við þurfum að finna einhvern milliveg og líklega verður það mikil áskorun fyrir stjórnvöld að finna þennan milliveg. Hins vegar er alveg ljóst að fyrir hrun var ýmislegt í regluverkinu sem hefði mátt bæta og vegna þessa var ekki hægt að koma í veg fyrir margt af því sem hér átti sér stað.“

Þó að í varúðarreglunum sé lagt til að setja ætti hömlur á erlenda lántöku heimila og fyrirtækja sem eru ekki með tekjur í erlendri mynt, þá segist Ásdís ekki telja að neinar hömlur yrðu settar á þau fyrirtæki sem hasla vildu sér völl utan landsteinanna. „Við viljum reyna halda okkar fyrirtækjum hér innanlands eins mikið og mögulegt er þrátt fyrir að þau kjósi einnig að stækka út fyrir landsteinana. Í þessu efni skipta höftin mjög miklu máli því við erum auðvitað að sjá fyrirtæki hverfa úr landi vegna þeirra.“

Ásdís segist vera vongóð um að á þessu ári verði stigin einhver skref í losun fjármagnshaftanna, þótt hún trúi því ekki að þau fari nokkurn tímann að öllu leyti. „Og það sést á því hvaða reglur eru að taka hér við.“ Nauðsynlegt sé hins vegar fyrir atvinnulífið að hreyfing komist á afnám haftanna. „Það gerðist voða lítið á árinu 2013 og vonandi förum við að sjá einhverjar fréttir í þessum málum.“

SENDIBÍLL ÁRSINS 2013
FORD TRANSIT CUSTOM
Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.




FORD TRANSIT CUSTOM
VERÐ ÁN VSK FRÁ
3.498.008 KR.
VERÐ MEÐ VSK FRÁ
4.390.000 KR.

KOMDU OG PRÓFAÐU SENDIBÍL ÁRSINS

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gíra. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 183 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Samdi um borverkefni í Malasíu

***Baldvin Þorsteinsson tók við forstjórastöðu Jarðborana fyrir ári og stýrir nú fyrirtæki með starfsemi í þremur heimsálfum. Hann spilaði handbolta í efstu deild í tólf ár og útilokar ekki endurkomu á völlinn.***

**SVIPMYND**
**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is

Baldvin Þorsteinsson, forstjóri Jarðborana, flaug til Malasíu í gær til að undirrita samning um að fyrirtækið sjái um borhluta jarðvarmaverkefnis malasíska fyrirtækisins TGE Power. Um er að ræða fyrsta jarðvarmaverkefni í sögu Malasíu þar sem reisa á þrjátíu megavatta virkjun. „Það hefur farið töluverður tími í að setja okkar starfsemi á fót í Malasíu og ég fór þangað til að hitta verkkaupann og leggja lokahönd á samninginn. Menn halda að svæðið beri allt að níutíu megavött og því er þetta vonandi fyrsti áfangi af þremur," segir Baldvin.

Hann var ráðinn forstjóri Jarðborana í febrúar í fyrra. Baldvin tók þá við fyrirtæki með um 150 starfsmenn og verkefni hér heima, á Filippseyjum, Nýja-Sjálandi og eyjunum Dóminíku og Montserrat í Karíbahafi. Einnig er í skoðun hugsanlegt verkefni í Eþíópíu í samstarfi við Reykjavík Geothermal.

„Þetta var allt nýtt og mjög margt sem ég þurfti að læra enda hafði ég aldrei áður gegnt stöðu forstjóra. Rekstur er svo sem alltaf rekstur og ég nýt þess að starfa hérna og tel mig heppinn að hafa fengið þetta tækifæri."

Baldvin útskrifaðist af eðlisfræðibraut Menntaskólans á Akureyri áður en hann hóf BS-nám í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands sem hann lauk árið 2007. Eftir nám lá leiðin í greiningardeild Glitnis og þaðan til Samherja, þar sem hann var síðar gerður að framkvæmdastjóra Kaldbaks, dótturfélags Samherja sem heldur utan um fjárfestingar útgerðarfyrirtækisins utan sjávarútvegs.

Baldvin er í sambúð með Þóru Kristínu Pálsdóttur, fjármálaráðgjafa hjá Arion banka. Hann spilaði handbolta í tólf ár í efstu deild, síðast með Fimleikafélagi Hafnarfjarðar.

„Mig langar að spila meira og ég er búinn að segja við Einar, þjálfara FH, að ef ég hafi tækifæri til, og ef hann vill mig á annað borð, þá muni ég reyna að spila eitthvað."




**FORSTJÓRINN** Baldvin býr að talsverðri stjórnunarreynslu þrátt fyrir að vera enn á þrítugsaldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ósérhlífinn keppnismaður



„Baldvin Þorsteinsson er duglegur og ósérhlífinn. Hann er einbeittur og árangursdrifinn. Eins og ungra manna er háttur er hann óhræddur og viljugur að takast á við breytingar og leggja út í ný verkefni. Baldvin gæti virst við fyrstu kynni frekar feiminn, en hann hefur þann kost að hlusta vel og er viljugur að taka leiðbeiningum og ráðleggingum og vinna vel úr þeim."

**Rannveig Rist,**
forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi.



„Baldvin er einkar fylginn sér og metnaðarfullur maður. Hann er einn af þeim sem ná þeim markmiðum sem þeir setja sér. Þessi lífsspeki hefur nýst honum bæði í leik og starfi í gegnum tíðina. Á uppvaxtarárunum fyrir norðan æfðum við handbolta saman og hafði hann það fyrir reglu að æfa meira en við hinir. Maður gat hreinlega ekki litið af honum öðru vísi en að hann væri að æfa. Ég er ekki frá því að undir lokin hafi hann verið við það að ná mér í getu."

**Arnar Þór Sæþórsson,**
lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu.






# Virðing og Auður Capital sameinast undir nýju merki

**Virðing hf. og Auður Capital hf. hafa sameinast undir nýju merki Virðingar og verða í kjölfarið eitt stærsta og öflugasta verðbréfafyrirtæki landsins.**

Virðing er alhliða verðbréfafyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta auk þess að reka fjölda verðbréfa-, fagfjárfesta- og framtakssjóða.

Ábyrg ávöxtun, traust þjónusta og sjálfstæði hafa einkennt rekstur beggja félaga og með samrunanum skapast skilyrði fyrir aukna og bætta þjónustu við viðskiptavini.

Öll starfsemi félagsins hefur nú verið flutt í Borgartún 29.

BORGARTÚNI 29 • 105 REYKJAVÍK • VIRDING@VIRDING.IS • WWW.VIRDING.IS

VIRÐING

# Hvenær fáum við hreindýrabjór?

Laugardaginn 1. mars næstkomandi verða liðin tuttugu og fimm ár síðan sala á bjór var heimiluð í verslunum ÁTVR og á veitingastöðum. Margt hefur breyst á þeim tíma. Rótgróin fyrirtæki keppa nú við nýja kynslóð örbruggara sem sumir hverjir hafa náð góðum árangri á tiltölulega stuttum tíma. Íslenskum árstíðabjórum fer fjölgandi og margar tegundir seljast upp á fáeinum dögum. Sala á bjór til útlanda hefur aukist og á síðasta ári fluttu íslenskir framleiðendur út tuttugu og fimm ólíkar tegundir. Drykkurinn sem áður var bannaður í 74 ár er nú orðinn svo viðurkenndur hluti af íslenskri menningu að eftirlitsstofnanir sem fara með matvælaeftirlit í landinu geta ekki einu sinni bannað framleiðslu á bjór sem inniheldur hráefni sem ekki má gefa svínum, beljum eða öðrum skepnum sem ætlaðar eru til manneldis.



Markaðshornið
Haraldur Guðmundsson
blaðamaður

Um tvö þúsund lítrar af vörunni seldust í verslunum ÁTVR á einni viku

### Af innyflum, þörmum og þarmainnihaldi

Ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og yfirmanns ráðuneytisins sem fer með matvælaeftirlit, um að heimila sölu og dreifingu á þorrabjórnum Hval sem brugghúsið Steðji í Borgarfirði framleiddi, er umdeild. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hafði áður bannað framleiðslu á bjórnum en Hvalur innihélt eins og flestir vita hvalmjöl. Það er sagt innihalda innyfli, þarma og þarmainnihald hvala. Um tvö þúsund lítrar af vörunni seldust í verslunum ÁTVR á einni viku.

Sumir gagnrýna ákvörðun ráðherra en sjálfur vísar hann í lagalega „óvissu“ í tengslum við ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Framleiðandi Hvals seldi alla sína fimm þúsund lítra á einni viku í lok janúar en niðurstaða um hina lagalegu „óvissu“ mun ekki liggja fyrir fyrr en „að lokinni ítarlegri skoðun á málinu“, eins og segir í svari ráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar alþingismanns.

### Íslenskur bjór í átta löndum

Markaðurinn fjallaði í október um útflutning á íslenskum bjór. Þar kom fram að útflutningsverðmæti bjórs nam um 68 milljónum króna á fyrstu átta mánuðum síðasta árs. Verðmætið hafði þá meira en tvöfaldast frá sama tímabili árið áður. Sex innlendir framleiðendur fluttu þá út eins og áður segir um tuttugu og fimm tegundir til átta landa í þremur heimsálfum. Þar var um að ræða tvo stærri framleiðendur; Vífilfell og Ölgerð Egils Skallagrímssonar, og fjögur örbrugghús. Ölvisholt brugghús er eitt þeirra og forsvarsmenn þess hafa staðið í útflutningi frá árinu 2008 og stefna á frekari landvinninga.

### Hvað með Austurland?

Finna má brugghús bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Tvö þeirra, Ölgerðin og Borg brugghús, eru í Reykjavík. Steðji bruggar sinn bjór í Borgarfirði og Gæðingur Öl í Skagafirði. Bruggsmiðjan framleiðir bjórinn Kalda á Árskógssandi í Eyjafirði og Vífilfell bruggar á Akureyri. Engin brugghús eru á Austurlandi en Ölvisholt lokar hringnum í kringum landið með framleiðslu á bænum Ölvisholti í Flóahreppi rétt utan við Selfoss. Það hlýtur að vera einungis tímaspursmál hvenær framtakssamir Austfirðingar hefja framleiðslu á bjór í flöskum með umbúðum sem vísa í Hallormsstað, Lagarfljótsorminn eða Kárahnjúkavirkjun. Með vaxandi eftirspurn, bæði hér heima og erlendis, endalausu magni af íslensku vatni og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem væri líklegur til að hleypa bjór úr hreindýramjöli í gegn, hlýtur Austurland að fara detta inn á kortið.



**SNJÓGERÐARVÉLIN** Fulltrúar Stálnausts í Noregi ásamt kollegum sínum með vélina góðu í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/STÁLNAUST

# Íslenskt hugvit í snjóvélum í Sotsjí

***Stálnaust tók þátt í að smíða og þróa snjóvélar sem framleiða snjó sem notaðar eru við skíðastökk á Vetrarólympíuleikunum.***

VIÐSKIPTI
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

„Við sendum tvo menn út til Noregs til að smíða tanka til að búa til snjó,“ segir Þorsteinn Birgisson, framkvæmdastjóri Stálnausts í Hafnarfirði.

Þorsteinn og félagar hans hjá Stálnausti unnu að þróun og smíði véla sem framleiða snjó sem helst er notaður við iðkun skíðaíþrótta og nú á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí.

Snjóvélin samanstendur af krapavélum frá Kanada og tanki sem aðskilur snjó frá vökva.

„Þeir settu krapann í tank og þar tókum við við, blönduðum í krapann vatni þar til út kom heill snjór. Krapinn er hins vegar búinn til með saltupplausn sem er keyrð í gegnum vélarnar og síðan aðskilin í tanknum, upplausnin hringkeyrð og þannig fæst ferskur snjór,“ segir Þorsteinn. Þeir tóku þátt verkefninu frá upphafi og einnig hreinsunarferlinu þar til snjórinn var orðinn hreinn og tilbúinn til notkunar.

Það var norska fyrirtækið Snow Smart sem fékk Þorstein og félaga til liðs við sig í þessari framleiðslu.

Vélarnar voru síðan seldar frá Noregi til Finnlands sem leigir Rússum vélarnar fyrir Ólympíuleikana, sér í lagi við skíðastökk.

Vélarnar sem Stálnaust smíðaði hafa sést á öldum ljósvakans undanfarið við sýningar frá leikunum en fáir sem vita að íslenskt hugvit hafi komið að framleiðslu þeirra.

Tæknin sem notuð er er ný af nálinni.

„Það sem kom skemmtilega á óvart er að þessi snjór þolir töluvert hærra hitastig en venjulegur snjór, en það er vegna þessara ákveðnu saltupplausna sem þrýst er í gegnum þar til gerða „jektora“,“ segir Þorsteinn.

Snjóvélarnar geta framleitt 7.500 rúmmetra af ferskum snjó á sólarhring og eru færanlegar á tveimur svokölluðum „trailerum“.

Stálnaust ehf. var stofnað árið 1998 og sérhæfir sig í smíði á færiböndum og ýmsum lausnum fyrir matvælavinnslu og innréttingar hvort sem er í hesthús eða eldhús ásamt því að annast smíði úr ryðfríu efni og áli.

# Skattlagning samruna yfir landamæri

SKOÐUN



Símon Þór Jónsson, lögfræðingur hjá Deloitte.



Ragnar Tjörvi Baldursson, lögfræðingur hjá Deloitte.

Í byrjun desember 2013 var kveðinn upp dómur EFTA-dómstólsins í máli nr. E-14/13, eftirlitstofnun EFTA (e. EFTA Surveillance Authority, ESA) gegn Íslandi, en dómurinn kom í kjölfarið á samhljóða áliti ESA frá 2012. ESA taldi að Ísland hefði gerst brotlegt gegn ákvæðum 31. og 40. gr. EES-samningsins, annars vegar ákvæðum um staðfesturétt og hins vegar ákvæðum um frjálst flæði fjármagns, með því að viðhafa mismunandi skattlagningu á samruna félaga og með því að leggja tafarlausan skatt á óinnleystan hagnað íslenskra félaga sem eru yfirtekin af erlendu félagi við samruna yfir landamæri.

Fram kemur í 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga, nr. 90/2003, að þegar félagi sé slitið, þannig að það sé algjörlega sameinað öðru félagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því sem slitið var, þá hafi skiptin sem slík ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Þá segir að við slíkan samruna félaga skuli það félag, er við tekur, taka við öllum skattréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

### BINDANDI ÁLIT

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra frá árinu 2008 var framangreint ákvæði skýrt á þá leið að það ætti einungis við þegar yfirtökufélög væru innlend en þegar yfirtökufélög væru erlend mynduðu hlutabréfaskiptin skattskyldar tekjur fyrir þann sem léti hlutabréfin af hendi og yfirtekið íslenskt félag yrði að gera upp skattalega.

EFTA-dómstóllinn taldi að þar sem ákvæði 1. mgr. 51. gr. gildir ekki þegar um er að ræða samruna yfir landamæri, þá hefði það í för með sér mismunun þegar yfirtökufélag er heimilisfast í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Slík mismunun teldist ekki eftir atvikum vera brot á 31. gr. og 40. gr. EES-samningsins.

### VIÐBRÖGÐ LÖGGJAFANS

Nýlega var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem fram kemur í athugasemdum um frumvarpsins að verið sé að koma til móts við athugasemdir ESA sem snúa að mismunandi skattlagningu samruna yfir landamæri. Frumvarpið var samþykkt og tók gildi 1. janúar 2014.

Í stuttu máli þá er litið svo á að við samruna yfir landamæri, þar sem innlent félag er yfirtekið, að eignir og kröfur séu yfirteknar og yfirfærðar eins og þær séu seldar eða innleystar. Mismunur á gangverði eigna og skattalegu stofnverði þeirra m.t.t. fenginna fyrninga á uppgjörsdegi mynduðu skattskyldar tekjur. Heimilt er að undanskilja þær eignir sem eftir verða hér á landi og geta talist til reksturs skráðrar fastrar starfsstöðvar félagsins hér á landi. Ákvörðun skatts samkvæmt þessu skal fara fram innan tveggja mánaða frá staðfestingu samruna og fellur í gjalddaga 10 dögum síðar.

Helsta nýmæli frumvarpsins er að heimilt er að fresta skattgreiðslu í allt að fimm ár. Afborgun af höfuðstól skattskuldar skal á hverju tekjuári eftir samrunann nema 1/5 af hinni frestuðu fjárhæð að lágmarki. Höfuðstóll skattskuldar ber almenna óverðtryggða vexti af peningakröfum skv. Seðlabanka Íslands. Félag sem fær frest á greiðslu skattskuldar skal leggja fram bankatryggingu til tryggingar greiðslunni ef hin frestaða fjárhæð er umfram 50 milljónir króna eða ef ekki er fyrir hendi tvísköttunarsamningur með ákvæði um innheimtuaðstoð í heimilisfestarríki yfirtökufélagsins. Ef eignir eru færðar til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, þá fellur frestun á greiðslu eftirstöðva skattskuldar niður frá og með næsta gjalddaga. Gerð er sú krafa að yfirtökufélag skili árlega ársreikningi og skýrslu til ríkisskattstjóra þar sem fram koma upplýsingar um hinar yfirfærðu eignir, s.s. um sölu þeirra eða aðrar ráðstafanir þeirra. Skili félagið ekki framangreindum gögnum, gjaldfellur hin frestaða fjárhæð frá og með næsta gjalddaga.

> Helsta nýmæli frumvarpsins er að heimilt er að fresta skattgreiðslu í allt að fimm ár.

### LÖGIN ÓFULLNÆGJANDI

Undirritaðir telja að þrátt fyrir framangreinda lagabreytingu þá uppfylli íslensk lög um skattlagningu vegna samruna félags yfir landamæri ekki þær kröfur sem gerðar eru í EES-samningnum sem EFTA-dómstóllinn hefur sérstaklega bent á. Til þess að svo sé þarf að heimila félögum að fresta skattlagningu á óinnleystum hagnaði þar til hagnaðurinn er innleystur. Sú framkvæmd að bjóða einungis skilyrtan greiðslufrest á skattlagningu sem á sér stað við yfirfærslu eigna við millilandasamruna, án tillits til sölu eigna eða innlausnar hagnaðar, er ekki sambærileg þeirri þróun sem myndast hefur í dómaframkvæmd Evrópu- og EFTA-dómstólsins.

Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á frumvarpi því sem varð að umræddum lögum 1. janúar 2014 var óskað eftir umsögn Deloitte ehf. Deloitte ehf. vakti athygli Alþingis á þessum ágalla, bæði með skriflegum og munnlegum hætti. Frumvarpið varð hins vegar óbreytt að lögum að þessu leyti og án þess að minnst væri á gagnrýni Deloitte ehf. í áliti nefndarinnar.



















# Ein stærsta íþróttaveisla ársins í febrúar

Hver stórviðburðurinn rekur annan á Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í febrúar. Toppbaráttan í Enska boltanum heldur áfram, Vetrarólympíuleikarnir í Sochi verða í beinni á fjórum rásum, NBA stjörnuleikurinn og 16 liða úrslit í Meistara-deildinni þar sem ekkert er gefið eftir. Allt þetta og margt fleira í stútfullum Sportpakkanum. Settu þig í stellingar fyrir eina stærstu íþróttaveislu ársins!




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!** Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

**180.000 kr. sparnaður** á 36 mánuðum

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 114,39 | DKK 20,96 | NOK 18,67 | CHF 127,73 |
| GBP 187,89 | EUR 156,39 | SEK 17,72 | JPY 1,12 |

## Hin hliðin



**RÚNA MAGNÚSDÓTTIR**
STJÓRNENDAMARKÞJÁLFI OG FYRIRLESARI

# Vertu bara þú sjálf/ur

Hljómar afskaplega einfalt og rökrétt ekki satt? Bara slappa af og vera þú? Málið dautt eða hvað? Þessi algengi frasi er, eins og svo ótal margt í lífinu, eitthvað sem við vitum öll að við eigum að gera, en gerum ekki. Eða eins og segir á enskri tungu: „Common sense isn't always common practise." Við vitum að þetta ættum við vissulega að gera, vera við sjálf. En hversu mörg okkar vita í raun hver við erum? Hvar í skólakerfinu fáum við tækifæri til að uppgötva hver við sem einstaklingar erum? Hvað við viljum standa fyrir í lífi og starfi? Hvar fáum við tækifæri til að skila og uppgötva okkar eigin persónuleg gildi? Hvað skiptir okkur máli og hvað engu máli? Já, þetta eru allt ósköp miklar grundvallarspurningar. En segjum sem svo að það væri jafn sjálfsagt fyrir einstakling í íslenskum samfélagi að eiga svör við þessum spurningum eins og okkur finnst nauðsynlegt að unglingar í dag nái góðum einkunnum í íslensku, stærðfræði og ensku til að halda áfram för sinni inn í framhaldsskólana. Hverju myndi það breyta? Hvaða skóli yrði vinsælasti skólinn þegar nemendur hefðu sterkari tengingu við sjálfa sig? Hvað gæfi það atvinnulífinu að geta valið inn á vinnustaðina fólk sem deildi sömu gildum í lífinu og fyrirtækin? Hvaða áhrif hefði það á fyrirtækjamenninguna, starfsánægjuna?

### Ógleymanlegur dagur

Á þjóðfundi 2009 tók hópur fólks úr atvinnulífinu sig saman, skipulagði og framkvæmdi einn ógleymanlegasta dag í lífi margra. Dag þar sem þverskurður fólks úr samfélaginu settist saman, vann að sameiginlegri framtíðarsýn og útbjó ný gildi fyrir Ísland. Útkoman úr þeirri vinnu voru 12 grunngildi; heiðarleiki, jafnrétti, virðing, réttlæti, kærleikur, ábyrgð, jöfnuður, frelsi, mannréttindi, traust, lýðræði og fjölskyldan. Þau gildi skiptu þjóðina mestu máli þá. Hefði þjóðin farið í sams konar vinnu 2007 hefðu gildin líklega verið einhver allt önnur. En hvernig okkur sem þjóð hefur tekist að virða þessi grunngildi er vissulega stór og áhugaverð spurning. Áður en við getum svarað henni, þarf hvert og eitt okkar að svara fyrir sig sem einstaklingur og þátttakandi í íslensku samfélagi. Spyrja sig sjálft: Hver eru gildin mín og hvernig virði ég þau? Í mínum augum er það fólk sem er það sjálft, einstaklingar er hafa náð einstökum árangri og þroska í sínu eigin lífi. Fólk sem lifir eftir sínum eigin gildum og innri sannfæringu og það tjáir sig af einlægni og staðfestu. Ég þarf alls ekki að vera sammála í einu og öllu, síður en svo, en þetta er svo sannarlega fólk sem fær mig til að hlusta á sig og sínar skoðanir og viðhorf. Þar sem viðhorf þeirra og skoðanir koma frá hjartanu þá fá þessir einstaklingar mig til að gefa þeim allt það svigrúm sem þeir óska eftir, og þar með verður erfitt að sýna þeim óréttmæta dómhörku og leiðindi. Hver vill ekki vera í þessum hópi? Hér skiptir engu máli hvaða bakgrunn, eða menntun hver og einn hefur. Hér gildir svigrúm og einfaldur áhugi einstaklingsins á því að vita hver hann er, fyrir hvað hann stendur, lifa lífinu lifandi og já… bara vera hann sjálfur… einfalt ekki satt?

allt fyrir kroppinn
HREYSTI í 25 ár
1988 - 2013

Ofur LifeFitness hreystitilboð

Life Fitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi, eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta

LifeFitness
CLUB SERIES

**Þrekhjól / Upright bike**
Mjög vandað þrekhjól með fjölhæfu stjórnborði.
Byggt á stöðvalínu Life Fitness
Verð kr. 595.000.-
Ofurtilboðsverð
kr. 399.000.-
2 stk.











**Æfingastöð G2**
Sérstaklega þægileg og fjölhæf æfingastöð, sterk og stöðug
Verð kr. 295.000.-
Verð nú aðeins kr. 250.750.-
2 stk.

**Æfingastöð G4**
Sérstaklega þægileg og fjölhæf æfingastöð, sterk og stöðug
Verð kr. 445.000.-
Verð nú aðeins kr. 378.250.-
2 stk.

**Fjölþjálfi X1**
Sérlega hljóðlátur og vandaður fjölþjálfi í fullri stærð með Go stjórnborði
Verð kr. 495.000.-
Verð nú aðeins kr. 396.000.-
1 stk.

**Fjölþjálfi X3**
Sérlega hljóðlátur og vandaður fjölþjálfi í fullri stærð með Go stjórnborði
Verð kr. 545.000.-
Verð nú aðeins kr. 463.250.-
1 stk.



**Þrekhjól Platinum Club**
Mjög vandað sitjandi þrekhjól úr nýjustu og öflugustu línunni frá Life Fitness. Achieve skjár.
Verð kr. 895.000.-
Verð nú aðeins kr. 698.100.-
1 stk.



**Þrekhjól upright Platinium Club**
Mjög vandað þrekhjól úr nýjustu og öflugustu línunni frá Life Fitness. Engage skjár.
Verð kr. 1.195.000.-
Verð nú aðeins kr. 991.850.-
1 stk.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Öll verð miðast við tæki heim komin og uppsett á Reykjavíkursvæðinu

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

WWW.KORTER.IS

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





INHOPE insafe
SAFT

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**IQ CARE HEILSU RAFMAGNSRÚM**
**STÆRÐ 90X200**
Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, m/ Iq care heilsudýnu, hlífðardýna fylgir. Selst á 80 þús.
**Upplýsingar í síma 699 2778**
**Eftir hádegi.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Herbergi með aðgangi að baðherb. til leigu í Leirubakka. S. 8446851

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

2ja herb íbúð til leigu í í fjölbýli í Víkurási Árbæ, 130.000 á mán, laus strax. Upplýsingar í staltech@staltech.is

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEITINGAHÚS NINGS - FRAMTÍÐARSTARF**
Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum starfsmönnum í fullt starf og dagvinnu. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi.

**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

## Atvinna óskast

Stýrimaður óskar eftir plássi á sjó. Afleysingu eða fastráðningu. s: 868 7522.

34 ára með meirapróf óskar eftir vinnu við akstur. Skoða allt. s. 564-5669.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlífssögur**
**905-2002 • 535-9930**
**Símadömur • live spjall**
**908-6000 • 535-9999**



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**LAXAKVÍSL 17 - 5 HERBERGJA ENDAÍBÚÐ**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Mjög falleg 130,8 fm 5. herbergja endaíbúð á 2. hæð í fallegu og snyrtilegu lágreistu fjölbýli. Íbúðinni fylgir 25,7 fm bílskúr sem stendur sér í lengju. Samtals 156,5 fm. Rúmgóðar stofur með útgengi á svalir. Þrjú herbergi. Öll loft tekin upp nema yfir baðherbergi, þvottahúsi og gangi, en fyrir ofan það er rúmgott milliloft með góðum bjórtum þakgluggum (hægt að bæta við herbergjum). Aðeins fjórar íbúðir í húsinu. **Verð 40,9 millj. Íbúð merkt 0202. Verið velkomin.**

**heimili FASTEIGNASALA**
www.heimili.is
Sími 530 6500
heimili@heimili.is

**Leitum að 2ja og 3ja herbergja íbúðum á Völlunum í Hafnarfirði fyrir ákveðinn kaupanda.**

**Staðgreiðsla í boði fyrir réttu eignina. Nánari upplýsingar veita Bogi og Stefán.**



**Bogi Pétursson,**
**Lögg. fasteignasali**
**S: 699 3444**
**bogi@heimili.is**



**Stefán Már Stefánsson,**
**sölufulltrúi**
**S: 659 0500**
**stefan@heimili.is**

**EIGNAMIÐLUN**
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Garðastræti 11 - 4ra herb.**




Falleg 3-4ra herb. íb. á 2.h.í frábærl.vel staðsettu húsi miðsv. í Reykjavík. Húsið er staðsett á horni Garðastrætis og Fischerssunds. Eina íbúðin á hæðinni. Góð lofthæð. Tvö svefnherb. Stór stofa skiptanleg í stofu og herbergi. Svalir út frá eldhúsi. Laus strax. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 12.febrúar milli kl. 17:15 og kl. 17:45** **V.31,5** 3603

**Digranesheiði 31 - neðri hæð í tvíb.**



íbúð 0101 er 59,4 fm 2ja herb. íb. á jarðhæð/kj. í tvíbýli á fínum stað í austurbæ Kópavogs. Sérinng. Svefnherb. stofa, eldhús, baðherb. Eignin er til afhendingar við kaupsamning. **V. 16,9 m.** 3558

**Rauðarárstígur 22 - 3ja ,kjallari**




3ja herbergja 63,1 fm íbúð í kj. Eignin skiptist í tvö herbergi, hol, baðherbergi, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgja tvær litlar sérgeymslur í sameign. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 12.febrúar milli kl. 17:15 og kl. 17:45** **V. 14,9 m.** 2934

**Vindás 4 - íbúð 0403**




3ja herbergja 82,8 fm íbúð á 4. hæð í góðu húsi. Íbúðin skiptist í anddyri, geymslu, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 13.febrúar milli kl. 17:15 og kl. 17:45** **V. 21,9 m.** 3548

**Frostafold 21 - 0303 M.bílskúr og fl.**




Mjög falleg 3-4ra herbergja útsýnis íbúð á 3. hæð (hæð og ris) með stórum svölum. Tvö svefnherb. og tvær stofur. Glæsil. útsýni og innb. bílskúr. Auk þess fylgir 37,3 fm gluggalaus geymsla. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 13.febrúar milli kl. 17:15 og kl. 17:45** **V. 28,9 m.** 2903

**Eignir óskast fyrir viðskiptavini okkar.**

**Sérhæð í vesturborginni óskast - staðgreiðsla**
Höfum kaupanda að 150-200 fm hæð á Högum, Melum, Ægissíðu eða Skjólunum. Staðgreiðsla í boði. Upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.
**Einbýlis- eða raðhús í Fossvogi óskast.**
Er með kaupendur að einbýlis og raðhúsum í Fossvogi. Upplýsingar gefur Kjartan Hallgeirsson s. 824-9093
**Einbýlishús í Vesturborginni eða Þingholtunum óskast - staðgreiðsla** Höfum kaupanda að 300-400 fm einbýlishúsi í Þingholtunum eða Vesturborginni. Staðgreiðsla í boði. Upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

## fundir / mannfagnaður

FÉLAG ELDRI BORGARA
F-E-B

# Aðalfundur FEB árið 2014

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn föstudaginn 14. febrúar nk. í félagsheimilinu að Stangarhyl 4. Dagskrá fundarins verður í aðalatriðum sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
3. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir árið 2013 ásamt fjárhagsáætlun 2014.
4. Kosning þriggja aðalmanna og eins varamanns í stjórn.
- *Kaffihlé.*
5. Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn.
6. **Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2014.**
7. Önnur mál.

Fundurinn verður haldinn, sem fyrr segir, föstudaginn 14.febrúar og hefst kl. 13:00 en húsið opnar kl. 12:30. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér félagaskírteini fyrir árið 2013 (gult skírteini).

**Stjórnin**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






KL. 20:30
**Léttir sprettir**
Rikka stýrir skemmtilegum þætti um hreyfingu, mataræði og fleira sem tengist heilsusamlegum lífsstíl.

**Frábært miðvikudagskvöld**



KL. 20:05
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



KL. 20:50
**The Face**
Skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.



KL. 21:40
**Lærkevej**
Skemmtileg dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



BÍÓ | KL. 22:00
**Season of the Witch**
Mögnuð mynd með Nicolas Cage sem gerist á tímum nornaveiða og svarta-dauða á hinum myrku miðöldum.



3 | KL. 21:35
**Sleepy Hollow**
Æsispennandi þættir um mann sem á dularfullan hátt vaknar upp frá dauðum eftir rúm 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 8 | | | | 1 | 9 | |
| 4 | | | 5 | | 3 | | 6 | 7 |
| | 2 | | | | 4 | | 3 | |
| 2 | 1 | | | 5 | | | | |
| 7 | | | | | | | 8 | |
| | 4 | 3 | | 7 | | | | |
| | 6 | | | | 9 | 5 | 1 | |
| | 7 | | | 1 | | | | 3 |
| | | 4 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | | 1 | 7 | | 4 |
| 7 | 4 | | | | 8 | 3 | | |
| | | | | 4 | | | | |
| | | 4 | | 2 | | | | |
| | 3 | 1 | 8 | | | 9 | 6 | |
| | | | 9 | | 5 | | | |
| 2 | | | 3 | | 6 | | | 8 |
| | | 6 | | 8 | 7 | | 2 | |
| | 5 | | 1 | | | | | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | | | | | 7 | | | 2 |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 4 | | 8 | 2 | | 5 | |
| 2 | | | 1 | 3 | | | 6 | |
| | 8 | | | | 4 | 1 | | |
| | | | 7 | | 5 | | 9 | |
| | 7 | | | | | 2 | | |
| | 3 | | | | 8 | | | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 |
| 2 | 6 | 7 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 |
| 3 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 9 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 5 | 4 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 1 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 7 | 9 | 6 | 8 |
| 3 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 1 | 2 | 8 | 6 | 9 | 3 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 8 | 5 | 9 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Øverli




## HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




## BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Herramaður er einfaldlega þolinmóður úlfur.“

*Lana Turner*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** eining, **6.** kúgun, **8.** hár, **9.** nudda, **11.** lést, **12.** númera, **14.** eggjarauða, **16.** þótt, **17.** væl, **18.** gubb, **20.** til dæmis, **21.** grobb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grobb, **3.** í röð, **4.** aldaskil, **5.** kjafi, **7.** dýrasjúkdómur, **10.** Einkar, **13.** nægilegt, **15.** súrefni, **16.** pfn., **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stak, **6.** ok, **8.** ull, **9.** núa, **11.** dó, **12.** talna, **14.** blómi, **16.** þó, **17.** gól, **18.** æla, **20.** td, **21.** raup.
**LÓÐRÉTT: 1.** mont, **3.** tu, **4.** aldamót, **5.** kló, **7.** kúabóla, **10.** all, **13.** nóg, **15.** ílát, **16.** þær, **19.** au.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Staðan kom upp í skák Róberts Lagerman og Olivers Arons Jóhannessonar í Hraðskákmóti Reykjavíkur sl. sunnudag.**

**Hvítur á leik:**



**1. Bxh7+!** (1. Dh4! h6 2. b4! vinnur líka) **Kxh7 2. Dh4+ Kg6?** (2. ... Kg8 hefði verið skárra.) **3. Dg5+ Kh7 4. Dh5+ Kg8 5. Rg5** og hvítur vann skömmu síðar. Róbert varð hraðskákmeistari Reykjavíkur. Guðmundur Gíslason vann hins vegar mótið.

**www.skak.is:** Skákkeppni vinnustaða í kvöld.


Record
Records
INNIHELDUR LÖGIN
& JACKIE O
PEACEMAKER
MONO TOWN
IN THE EYE OF THE STORM
Tónlist.is
Hlustaðu hvar og hvenær sem er
Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.



**HANNESARHOLT** Fyrirlestur um skáldskap Sigfúsar Daðasonar í Hljóðbergi.

## Guðbjörn fjallar um ljóð Sigfúsar

Á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða í Hannesarholti í kvöld mun Guðbjörn Sigurmundsson, MA í íslenskum bókmenntum og íslenskukennari við Menntaskólann í Kópavogi, flytja fyrirlesturinn: „Öll þessi ár kona góð, öll þessi ár."

Erindið fjallar um skáldskap Sigfúsar Daðasonar á árunum 1945-1959 sem kalla má æskuskeið hans, það fyrsta af þremur. Litið verður til erlendra áhrifavalda á ljóð Sigfúsar og hvernig þessi áhrif birtast í fyrstu tveimur ljóðabókum skáldsins. Þá verður einnig fjallað um atómskáldin og stöðu Sigfúsar innan hópsins þar sem hann tók að sér forystuhlutverk vegna afburða þekkingar á ljóðlist samtímans. Erindið er byggt á MA-ritgerð Guðbjörns í íslenskum bókmenntum frá því í september 2013, Sigfús Daðason og umheimurinn.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 20 og er í Hljóðbergi í Hannesarholti, Grundarstíg 10, gengið inn frá Skálholtsstíg.

# Gekk í allar gildrur höfundar

Metsölu- og verðlaunabókin Sannleikurinn um mál Harrys Quebert eftir Joël Dicker er komin út í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar. Friðrik hefur þýtt rúmlega þrjátíu bækur en hann segir glímuna við þessa bók þá mest spennandi hingað til. „Stórmerkilegur höfundur sem svíkur engan," segir hann.

Bókin kom út haustið 2012 samtímis í Frakklandi og Sviss, en höfundurinn, Joël Dicker, er kornungur Svisslendingur, fæddur 1985," segir Friðrik Rafnsson, þýðandi bókarinnar Sannleikurinn um mál Harrys Quebert, sem kom út hjá Bjarti á dögunum. „Sagan sló strax alveg gjörsamlega í gegn," heldur Friðrik áfram. „Fékk tvenn verðlaun það sama haust, annars vegar verðlaun frönsku akademíunnar, sem er einhver virðulegasta stofnun Frakklands og kannski heimsins, og hins vegar verðlaun franskra menntaskólanema, það er að segja ungliðaverðlaun Prix Goncourt sem eru ein virtustu bókmenntaverðlaun Frakklands. Ég held ég megi fullyrða að það sé einsdæmi að sama bókin sé valin besta bók ársins af akademíunni, sem skipuð er íhaldssömum eldri borgurum, og 16 til 19 ára menntaskólanemum og það segir sitt um gæði bókarinnar."

Annað merki um gæði bókarinnar segir Friðrik vera að hún hafi setið á topp tíu metsölulistanum í Frakklandi í tæpt ár. „Ég hef fylgst vel með sölu bókmennta í Frakklandi í bráðum þrjátíu ár og ég man bara eitt hliðstætt dæmi og það var bókin Óbærilegur léttleiki tilverunnar eftir Milan Kundera."



**HÖFUNDURINN** Joël Dicker er 28 ára Svisslendingur sem hefur heldur betur slegið í gegn.



**ÞÝÐANDINN** Mest spennandi bók sem ég hef þýtt, segir þýðandinn Friðrik Rafnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Spurður hvort þessar tvær bækur eigi fleira sameiginlegt dregur Friðrik við sig svarið. „Ég ætla ekkert að fara að bera þær saman, en í báðum tilfellum er höfundurinn að segja mjög spennandi sögu en um leið að velta því fyrir sér hvað það er að segja sögu, þannig að báðar bækurnar eru á tveimur plönum en eru mjög aðgengilegar eigi að síður, þar með lýkur nú líkindunum, held ég."

Sannleikurinn um mál Harrys Quebert er kynnt sem ástar- og glæpasaga og Friðrik segir það vissulega vera þræði í bókinni þótt það segi langt frá því alla söguna. „Þetta er glæpasaga að því leyti að morð kemur við sögu og síðan er ástarsaga annarrar aðalpersónunnar og unglingsstúlku einn af meginþráðunum."

Friðrik segist yfirleitt vera nokkuð glúrinn í því að spotta plott glæpasagna en sú hafi ekki verið raunin með þessa bók. „Höfundurinn platar lesandann alveg endalaust, það er það sem er svo magnað við þessa bók. Ég gekk í allar gildrurnar hans."

Sannleikurinn um mál Harrys Quebert hefur rokið beint í toppsæti metsölulista í öllum þeim löndum þar sem hún hefur komið út og Friðrik segir hana svo sannarlega standa undir því orðspori sem af henni fari. „Ég hef þýtt rúmlega þrjátíu bækur og ég held ég geti fullyrt að þessi er sú mest spennandi af þeim. Það var gríðarlega gaman að glíma við hana vegna þess að hún leynir svo á sér. Þetta er alveg stórmerkilegur höfundur sem svíkur engan sem hrífst af góðum bókmenntum."

fridrikab@frettabladid.is




# Eivør syngur með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

**Eivør Pálsdóttir og hljómsveit hennar halda á laugardaginn tónleika í Hofi á Akureyri ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Eingöngu verður flutt eldri og nýrri tónlist eftir Eivøru sjálfa.**

Færeyska söngkonan Eivør Pálsdóttir gengur á laugardaginn ásamt hljómsveit sinni til liðs við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson. Flutt verða eldri og nýrri lög Eivarar sem endurspegla líf hennar, æskuna, ástina og sorgina. Lögin eru einlæg og þó skynja megi söknuð í þeim eru þau einnig full af von og sátt. Tróndur Bogason, eiginmaður Eivarar, útsetti lögin fyrir þetta tilefni en hann á farsælan feril að baki sem tónskáld og leikur einnig á hljómborð í hljómsveit Eivarar. Aðrir í hljómsveitinni eru þeir Høgni Lisberg trommuleikari, Magnus Johannesen píanóleikari og Mikael Blak bassaleikari. Uppselt er á tónleikana.

Eivør bjó á Íslandi í fjögur ár og mörg laga hennar eru undir sterkum áhrifum þaðan. Eivør fagnar mjög samstarfi sínu við SN: „Ég hlakka mikið til. Það fylgja því sérstakir töfrar að flytja tónlistina sína með sinfóníuhljómsveit. Ég heimsæki Ísland reglulega og þar líður mér alltaf eins og heima hjá mér. Mér þykir sérstaklega vænt um Akureyri og gleðst yfir því að fá tækifæri til að koma fram í Hofi með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.“



**DÍVAN** „Mér þykir sérstaklega vænt um Akureyri og gleðst yfir því að fá tækifæri til að koma fram í Hofi,“ segir Eivør. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**PREFALDUR** Andri Snær hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í þriðja sinn um daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Andri Snær talar í Odda

Andri Snær Magnason, sem hlaut á dögunum Íslensku bókmenntaverðlaunin í þriðja sinn, talar um tilurð verka sinna í fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? í Odda í hádeginu á morgun. Hann mun meðal annars staldra við Söguna af bláa hnettinum, Lovestar og Draumalandið.

Fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? hefur verið haldið úti af námsbraut í ritlist og Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands frá 2009. Þar hafa margir af virtustu höfundum þjóðarinnar rætt um ritverk sín. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Odda milli klukkan 12 og 13.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**STYRKURINN VEITTUR** Handhafar Minningarsjóðs Magnúsar Ólafssonar 2014. F.v. Magnús Karl Magnússon og Ingibjörg Pétursdóttir fyrir hönd fjölskyldu Magnúsar Ólafssonar. Bára Kristinsdóttir og Valdimar Thorlacius, handhafar styrksins 2014, og María Karen Sigurðardóttir, safnstjóri Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

## Tveir ljósmyndarar hlutu styrk

Veitt var úr Minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar á laugardaginn var. Að þessu sinni hlutu þau Bára Kristinsdóttir og Valdimar Thorlacius styrk. Deila þau sín á milli 400.000 kr. styrktarupphæð, sem sjóðurinn og Ljósmyndarafélag Íslands lögðu til. Er þetta í annað sinn sem úthlutað er úr sjóðnum, en tilgangur hans er að efla ljósmyndun á Íslandi sem listgrein.

Handhafar styrksins voru valdir úr þátttakendum í ljósmyndarýni sem var hluti af Ljósmyndadögum í ár. Rýnin fór fram í Ljósmyndasafni Reykjavíkur dagana 8. til 9. febrúar og tóku 37 ljósmyndarar þátt.




# Tvífarar ætla í trommueinvígi

Chad Smith hefur skorað Will Ferrell á hólm.



**ALVEG EINS?** Chad Smith og Will Ferrell eru mjög líkir í útliti. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikarinn Will Ferrell hefur tekið áskorun trommuleikarans Chads Smith úr hljómsveitinni Red Hot Chili Peppers um að etja við hann kappi í trommueinvígi. Einvígi tvífaranna er til styrktar góðu málefni.

Í myndskeiði, sem Chad Smith birti á Instagram-aðgangi sínum, skorar hann leikarann á hólm í trommueinvígi og segist jafnframt hafa séð að hann hafi enga hæfileika í trommuleik. Will Ferrell er þó af mörgum talinn einn fremsti kúabjölluleikari heimsins eftir stórkostlega frammistöðu í Saturday Night Live ekki alls fyrir löngu.

Ferrell hefur fallist á það að etja kappi við Smith í einvígi aldarinnar. Ekki hefur verið staðfest hvar og hvenær einvígið fari fram en gera má ráð fyrir að margir bíði spenntir.








**SÍÐHÆRÐUR** Söngvarinn Jared Leto sló á létta strengi með ljósmyndurum.

**RAUÐKLÆDD** Amy Adams var flott í rauðum buxum.

# ÓSKARSTILNEFNINGUM FAGNAÐ



**LUPITA NYONG'O**

Rauði dregillinn var stjörnum prýddur þegar hæfileikafólkið sem tilnefnt er til Óskarsverðlauna í ár hittist í Hollywood í vikunni. Flestir klæddu sig upp fyrir tilefnið og tónlistarmaðurinn Pharrell Williams lét sig ekki ekki vanta með hattinn.



**HJÓNIN** Matthew McConaughey mætti með eiginkonunni Camila Alves.



**HATTUR Á HAUS** Pharrell Williams og Sandra Bullock skemmtu sér.



**STILLTI SÉR UPP** Meryl Streep var glæsileg að vanda.

# Ofurgrúppa til heiðurs Metallica

Melrakkar ætla að leika fyrstu plötu Metallica, Kill'em All á tvennum tónleikum.



**MELRAKKAR** Hljómsveitin er skipuð miklum reynsluboltum úr tónlistarbransanum. MYND/GASSI

Þetta er hljómsveit sem ætlar að spila plötuna Kill'em all frá upphafi til enda," segir Snæbjörn Ragnarsson, betur þekktur sem Bibbi í Skálmöld. Hann hefur ásamt þeim Birni Stefánssyni trommuleikara, Bjarna Sigurðarsyni gítarleikara, sem báðir eru úr Mínus, Flosa Þorgeirssyni bassaleikara úr HAM og Aðalbirni Tryggvasyni söngvara úr Sólstöfum stofnað hljómsveitina Melrakka.

Melrakkar ætla sem fyrr segir að leika fyrstu plötu Metallica, Kill'em All í heild sinni á tvennum tónleikum, á Græna hattinum, Akureyri, föstudaginn 7. mars og svo á Gamla Gauknum í Reykjavík daginn eftir.

„Það er líklegt að við tökum fleiri Metallica-plötur fyrir eftir þessa tónleika. Ég yrði í raun hissa ef við færum ekki lengra," segir Bibbi spurður út í framhaldið.

Meðlimir sveitarinnar eru allir miklir Metallica-aðdáendur og þekkja efnið gríðarlega vel. „Þetta er rosalega skemmtilegt og við höfum þessa gömlu plötu í blóðinu."

Kill'em All er í uppáhaldi meðlima sveitarinnar. „Erfitt að færa rök gegn því að hún sé ekki í uppáhaldi, allavega þangað til við tökum Ride The Lightning."

- glp



Algjört
VERÐHRUN
Smash Smáralind!
fram á sunnudag
aðeins
4 verð !!
bolir - skyrtur - peysur - jakkar - brettavörur - buxur
RUGL VERÐ
Lokahelgi Smash í Smáralind
Verslunin flytur í Kringluna
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
carhartt CONVERSE ALTAMONT Rascals OBEY etnies NIKE SB
Diamond x HUF almost cliché enjoi HUF VANS OSIRIS
SMASH
Kringlan I Smáralind
ntc.is | facebook | Instagram

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NURSE 3D | 10:30 | 16 |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8, 10:30 | 12 |
| 47 RONIN 3D | 10:30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM | 6 2D | L |
| HOBBIT 2 3D | 5 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 8 | 7 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| GRUDGE MATCH | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 | L |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 8 -10:25 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 | L |
| JACK RYAN | KL. 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:15 | 16 |
| LAST VEGAS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:15 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| RUSALKA ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 18:00 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6 - 9 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:45 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:45 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ (5% aukakrónur) | | |
|---|---|---|
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HER | KL. 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 10.40 | 12 |
| BELIEVE | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| **HÁSKÓLABÍÓ** (5% aukakrónur) | | |
| DON GIOVANNI | KL. 6.45 | L |
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 8 | 16 |
| HER | KL. 6 - 9 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 10.30 | 12 |
| EYJAFJALLAJÖKULL | KL. 6 | 7 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 6 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 9 | 12 |
| **BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
| INSIDE LLEWYN DAVIS HER | KL. 8 | 16 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 8 | 12 |
| HER | KL. 10.10 | 12 |
| NURSE 3D | KL. 10.10 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 5.45 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 5.45 | L |




**LEA MICHELE OG CORY MONTEITH** Stuttu áður en Cory lést. AFP/NORDICPHOTOS

# Lea Michele minnist Cory

Lea Michele hefur gefið út nýtt lag, You're Mine, sem verður að finna á plötu hennar, Louder, sem er væntanleg í mars. Lagið er tileinkað fyrrverandi kærasta söngkonunnar, Cory Monteith, en hann lést úr of stórum skammti eiturlyfja í júlí í fyrra, aðeins 31 árs gamall. Parið lék saman í þáttaröðinni Glee. „Lagið gerir mig hamingjusama. Það minnir mig svo á Cory," sagði Lea í viðtali við Elle í nóvember, löngu áður en hún gaf það út, en upphaflega átti það ekki að fara á plötuna. „Þetta var lagið okkar. Þegar ég hugsa til hans, þá spila ég þetta lag."

# Tímaflakk í flutningum

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég hef lítið ferðast um internetið síðustu daga. Hef bara ekki mátt vera að því þar sem ég stend í flutningum og ekki er boðið upp á nethangs á meðan. Hver einasta klukkustund síðustu sólarhringa hefur farið í að pakka niður í kassa, bera kassa, mála, þrífa og taka upp úr kössum og sér ekki fyrir endann á ósköpunum enn.

**NETTENGINGU** hefur ekki verið komið á á nýjum stað og samband mitt við umheiminn því takmarkað. Ég sá ekki Eurovision, veit ekkert hvaða lög komust áfram, missti af True Detective og get ekki tekið þátt í umræðunni við kaffivélina af nokkru viti. Mér leið eins og ég hefði stungið höfðinu í sand.

Ég varð að bæta úr þessu og um leið og ég komst í samband reyndi ég að glöggva mig á umræðunni. Hafði ég misst af einhverju?

**ÞAÐ** fyrsta sem ég rak augun í var að Facebook deildi fólk myndum af kennsluefni í íslenskum skólum þar sem krökkunum var ýmist kennd úrelt og fordómafull orðanotkun í bókinni Við lesum C, eða staðlaðar hugmyndir um kynhlutverk í Þjóðfélagsfræði fyrir grunnskóla. Ég komst í fúlt skap við að lesa þetta og ekki batnaði það þegar ég sá að í Þjóðfélagsfræðibókinni var að finna mynd af nýafstaðinni fæðingu og voru fótleggir móðurinnar í mynd. Hún var í háhæluðum skóm, gylltum á lit og með rauðlakkaðar táneglur! Sjálfsagt má kalla það mína eigin fordóma en ég tengi gyllta pinnahæla frekar við fantasíur karla en fæðingu barns. Skapið versnaði enn. Hafði ég farið aftur í tíma í flutningunum?

**ÉG** fékk staðfestingu á því þegar ég hélt netferðinni áfram. Ég gat ekki betur séð en að Icesave-draugurinn hefði vaknað upp meðan ég stóð í ströngu.

**ÉG** slökkti bara. Stakk höfðinu aftur í sandinn og tók til við kassana á ný.

# Verðlaunuð fyrir íslenska landslagsmynd

Svala Ragnarsdóttir tók myndir af virkjunum í íslenskri náttúru og vann til verðlauna sem heita Top Thirty Under Thirty. Myndin var valin úr hópi átta hundruð innsendra mynda.



**SVALA RAGNARSDÓTTIR**

Íslenskt landslag truflað af virkjanaframkvæmdum er yrkisefni Svölu Ragnarsdóttur í myndaseríu sem aflaði henni verðlauna í keppninni Top Thirty Under Thirty. „Ósnortið landslag er ímynd Íslands. Að sama skapi er virkjað úti um allt, en virkjanir eru ekki oft hafðar með á landslagsmyndum," segir Svala. Þrjátíu efnilegir ljósmyndarar voru valdir úr átta hundruð innsendum umsóknum. Keppnina hélt Magnum Photos, sem er ein virtasta umboðsskrifstofa heims í ljósmyndun, og The Photography Show, sem er ein stærsta ljósmyndasýning sinnar tegundar í Bretlandi. Verðlaunahafar fá að sýna á The Photography Show í Birmingham, og fá leiðsögn frá virtu fagfólki úr heimi ljósmyndunar.

„Þetta er gott tækifæri fyrir ljósmyndara sem eru að stíga sín fyrstu skref á ferlinum," segir Svala. „Keppnin er opin öllum á milli átján ára og þrítugs. Ég átti alls ekki von á að komast áfram í keppninni, meðal annars vegna þess að verkefnið mitt er frábrugðið hefðbundnum fréttaljósmyndum," segir Svala. „Inn í þessa keppni átti að senda fimm mynda seríu sem segir einhverja sögu. Magnum Agency-umboðsskrifstofan byggir á þessari hefð frétta- og heimildaljósmynda," segir Svala.

„Ég fékk pata af þessari keppni í skólanum og ákvað að senda útskriftarverkefnið mitt í hana." Svala lauk meistaranámi í fréttaog heimildaljósmyndun frá London College of Communication í desember síðastliðnum. „Hluti af þeim sem voru með mér í bekk ætla að helga sig fréttaljósmyndun af átökum í stríðshrjáðum löndum. Ég hef meiri áhuga á heimildaljósmyndaandanum," segir Svala.

Myndasería Svölu heitir Orka. „Allar myndirnar eru teknar heima á Íslandi síðasta sumar. Ég er búin að búa í London í þrjú og hálft ár og er heilluð að borginni. Þegar ég vil kafa djúpt eftir myndefni hef ég þó tilhneigingu til að fara heim. Þar hef ég meira að segja. Ég ferðaðist um Ísland og tók myndir af vatns- og jarðvarmavirkjunum. Það greip mig fyrst þegar ég var að rannsaka landslagsljósmyndun að virkjanir voru ekki hafðar með á landslagsmyndum. Mig langaði að sýna landslag truflað af þessum framkvæmdum. Þessar virkjanir hafa jákvæða ímynd í útlöndum, þær eru það sem kallað er „grænar," og ekki eins skaðlegar og olíuframkvæmdir. Þetta er áhugaverður debatt sem mig langaði til að fanga á mynd."

ugla@frettabladid.is



**NESJAVALLAVIRKJUN.** MYND/SVALA RAGNARSDÓTTIR.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# Viltu gjarnan hætta en getur ekki sleppt sígarettunni alveg?



Ertu einn/ein þeirra fjölmörgu sem gjarnan vill vera reyklaus en getur ekki hafið reykbindindi vegna þess að þig vantar hvatninguna? Ef til vill hefur þú þegar reynt en fallið. Það er reyndar mjög algengt svo þú skalt ekki örvænta!

**Minnkaðu smám saman fjölda sígarettna**
Ef þér vex í augum að hætta alveg að reykja getur kannski verið auðveldara að draga smám saman úr reykingum þangað til þú verður alveg reyklaus. Það getur fljótt veitt þér tilfinningu um velgengni, vegna þess að það er sigur jafnvel þótt ekki sé dregið nema lítið úr reykingum og það mun verða þér hvatning til að halda áfram þangað til þú verður alveg reyklaus.

## Svona verður þú reyklaus með því að draga smám saman úr sígarettunotkun




Haltu áfram að draga smám saman úr daglegum fjölda Nicotinell lyfjatyggigúmmís




Gerðu áætlun um hvernig þú ætlar að draga úr sígarettunotkun og verða að lokum reyklaus.
Fáðu góð ráð í apótekinu.

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

## VETRARLYMPÍULEIKARNIR Í SOCHI 2014

**DAGSKRÁ MIÐVIKUDAGUR**

SPORT
06.50 BRUN KVENNA
09.25 NORRÆN TVÍKEPPNI - SKÍÐASTÖKK
10.20 BRUN KVENNA (E)
12.30 ÍSHOKKÍ KVENNA: KANADA-BANDARÍKIN
15.05 SAMANTEKT FRÁ DEGI FJÖGUR (E)
15.45 LUGE SLEÐABRUN, TVÍMENNINGUR
17.00 ÍSHOKKÍ KARLA: TÉKKLAND-SVÍÞJÓÐ
VÍSIR
22.00 SAMANTEKT FRÁ DEGI 5
22.35 ÍSHOKKÍ KARLA: TÉKKLAND-SVÍÞJÓÐ (E)

## Vonn-leysi

Hin bandaríska Julia Mancuso er sigurstrangleg í bruni kvenna. Hún vann silfrið fyrir fjórum árum en Ólympíumeistarinn Lindsey Vonn er ekki með í ár.

## 20-1

Bandaríkin (markatala 12-1) og Kanada (8-0) mætast í íshokkí kvenna en liðin léku til úrslita 2010. Kanada vann þá 2-0.

## STJÖRNUR DAGSINS

### MAIKEN CASPERSEN FALLA SPRETTGANGA

23 ára norsk skíðagöngukona vann gull í sprettgöngu kvenna á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í gær og hækkaði sig þar með um 20 sæti frá síðustu leikum. Falla var í forustu allan tímann og átti frábæran dag. Þetta var tvöfaldur norskur sigur því Ingvild Flugstad Oestberg kom næst rétt á undan Vesna Fabjan frá Slóvakíu. „Þetta er ótrúlegt, ég trúi því varla að ég hafi gert þetta. Mig hefur dreymt um þetta síðan ég var þriggja ára,“ sagði Falla.



### OLA VIGEN HATTESTAD SPRETTGANGA



31 árs gamall Norðmaður vann sannfærandi sigur í sprettgöngu karla á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í gær. Hann hafði forystuna allan tímann en fékk mestu keppnina frá Svíanum Teodor Peterson sem fékk silfrið. Þetta eru fyrstu verðlaun Hattestad á Ólympíuleikum en hann varð að sætta sig við fjórða sætið í þessari grein fyrir fjórum árum. Íslendingurinn Sævar Birgisson keppti í þessari grein í gær og endaði í 72. sæti. Hann varð fyrstur Íslendinga til að keppa í sprettgöngu á Ólympíuleikum.

ICELANDAIR 1011 Fljótlegt og þægilegt Coca-Cola Domino's

SPORT 2 enski boltinn




JANÚAR / SÍA

SPORT 2 Í kvöld kl. 19:35

Arsenal Man. Utd.

Það verður sannkallaður risaslagur í Enska boltanum í kvöld þegar Arsenal og Manchester United mætast á Emirates. Hvort liðið tekur stigin þrjú þegar Van Persie mætir sínum gömlu félögum?

Ekki missa af alvöru fótboltaveislu á Stöð 2 Sport 2!

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# Reynslan mikilvægari

Bjarni Guðjónsson vann sinn fyrsta bikar sem þjálfari á mánudagskvöldið þegar Fram varð Reykjavíkurmeistari eftir sigur á KR í vítaspyrnukeppni í Egilshöll.

**FÓTBOLTI** „Það er alltaf gaman að vinna titla en það var ekki það sem skipti máli fyrir liðið á þessum tímapunkti,“ segir Bjarni Guðjónsson, þjálfari Fram, í samtali við Fréttablaðið en hann stýrði Fram til Reykjavíkurmeistaratitils á mánudagskvöldið. Fram vann þá KR í vítaspyrnukeppni og fagnaði Bjarni sínum fyrsta titli sem þjálfari í meistaraflokki.

„Reynslan sem strákarnir fengu úr þessum leik skiptir meira máli. Þó þetta hafi verið Reykjavíkurmót var þetta úrslitaleikur og fáir þessara stráka hafa spilað svona úrslitaleiki. Þetta mót er gott í þeim tilgangi að búa sig undir sumarið. Við fengum dýrmæt tækifæri til að spila góða leiki með góða dómara við góðar aðstæður,“ segir Bjarni, sem varð með sigrinum á undan Rúnari Kristinssyni til að vinna Reykjavíkurmótið.

### Mikil samheldni

Bjarni gerði miklar breytingar á Fram-liðinu þegar hann tók við en þrettán leikmenn eru komnir, margir ungir og óreyndir, í efstu deild. Þá yfirgáfu níu leikmenn Safamýrina.

„Það jákvæðasta í þessari uppbyggingu er sennilega hvernig strákunum hefur tekist að búa til samheldni úr annars ungum hópi. Helmingurinn eða svo er alveg nýkominn inn þannig að menn eiga hrós skilið fyrir þetta,“ segir Bjarni.

Þjálfarinn hefur ekki áhyggjur af frumraun ungu drengjanna í deild þeirra bestu því þeir eru góðir í fótbolta. Hann vonast bara til að þeir grípi tækifærið sem þeim er nú gefið.

### Skemmtilegra en ég hélt

„Það er ekki mikið sem ég kenni þeim hvað varðar tækni og þannig heldur fá þeir bara tækifæri til að spila í efstu deild. Menn þurfa að passa upp á allt saman eins og hvíld og mataræði og ég held að allir séu að gera það,“ segir Bjarni sem nýtur sín verulega í nýju starfi. „Þetta er alveg virkilega skemmtilegt og gefandi. Starfið er eiginlega miklu skemmtilegra en ég hélt það yrði. Þetta grípur mann alveg,“ segir Bjarni Guðjónsson.

**tom@frettabladid.is**



**NÁÐI TITLINUM Á UNDAN RÚNARI** Bjarni Guðjónsson stýrir hér Fram til sigurs á móti KR í úrslitaleiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### ➜ Guðjón vann tvö fyrstu mótin sín

Guðjón Þórðarson tók við meistaraflokki Skagamanna fyrir tímabilið 1987 þá 32 ára gamall eða þremur árum yngri en sonur hans Bjarni Guðjónsson er núna. Líkt og Bjarni þá vann Guðjón fyrsta mót sitt sem þjálfari í meistaraflokki þegar Skagaliðið vann Litlu bikarkeppnina vorið 1987. Skagamenn unnu þá Keflvíkinga 3-0 í úrslitaleiknum eftir að hafa unnið alla þrjá leiki sína í riðlinum. Guðjón gerði reyndar gott betur því hann stýrði ÍA-liðinu einnig til sigurs í næsta móti sem var Meistarakeppni KSÍ. ÍA vann þá 2-0 sigur á Fram í leik meistara síðasta tímabils á undan og varð meistari meistaranna í fyrsta sinn í níu ár. Bjarni fer líka með Fram-liðið í Meistarakeppni KSÍ en fyrst reynir liðið sig í Lengjubikarnum.

### KR-ingar jöfnuðu met Framara

KR-ingar urðu annað liðið til að tapa fjórum úrslitaleikjum í röð á Reykjavíkurmótinu síðan núverandi fyrirkomulag var tekið upp árið 1985. Þetta boðaði þó ekki slæmt fyrir Fram sem vann stóra titla (Íslandsmeistari 1988 og 1990, bikarmeistari 1987 og 1989) á öllum fjórum árunum. KR-liðið hefur enn fremur unnið fjóra titla á síðustu þremur árum (Íslandsmeistari 2011 og 2013, bikarmeistari 2011 og 2012).

**SÍÐUSTU FIMM ÚRSLITALEIKIR REYKJAVÍKURMÓTSINS**

2014 - Fram-KR 1-1 (5-4 í vítakeppni)
2013 - Leiknir-KR 3-2
2012 - Fram-KR 5-0
2011 - Valur-KR 1-0
2010 - KR Víkingur 3-2

**ÚRSLITALEIKIR REYKJAVÍKURMÓTSINS 1986-1990:**

1990 KR-Fram 2-1
1989 KR-Fram 2-1
1988 KR-Fram 2-0
1987 Valur-Fram 2-0
1986 Fram-KR 3-1

# Guðjón Valur er búinn að semja

Barcelona vill ekki staðfesta að það sé búið að semja við landsliðsfyrirliðann.

**HANDBOLTI** „Það er allt klappað og klárt hjá mér. Ég er búinn að fara í læknisskoðun og skrifa undir samning,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson en hann mun söðla um í sumar: Yfirgefa herbúðir Þýskalandsmeistara Kiel, en hvert er hann að fara?

„Ég má því miður ekki segja það fyrr en í lok tímabilsins. Væntanlegir vinnuveitendur mínir báðu mig um að segja ekkert frá því fyrr en tímabilið er búið.“

Það hefur verið þrálátur orðrómur um að Guðjón sé á leið til spænska stórliðsins Barcelona. Staðarblaðið El Mundo Deportivo hélt því fram meðan á EM stóð að Guðjón Valur myndi ganga í raðir félagsins.

Honum er ætlað að fylla skarð Juanin sem fær ekki nýjan samning hjá félaginu en hann hefur skilað frábæru starfi þar undanfarin ár.

Fréttablaðið freistaði þess að fá það staðfest hjá Barcelona að það væri félagið sem landsliðsfyrirliðinn hafi samið við.

„Það er stefna félagsins að greina aldrei frá því meðan á tímabili stendur hvaða leikmenn séu að koma og hverjir eru að fara. Það gerum við af virðingu við leikmennina og félögin sem við erum að semja við. Það fæst því ekkert staðfest hjá okkur fyrr en í lok tímabilsins,“ sagði Gustau Galvache, fjölmiðlafulltrúi Barcelona, í samtali við Fréttablaðið. **- hbg**




**BÍÐUR SPÁNN?** Það bendir margt til þess að Guðjón sé á leiðinni til Spánar.

FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

EIRÍKUR
HAUKSSON

EYÞÓR INGI
GUNNLAUGSSON

STEFÁN
JAKOBSSON

# LED ZEPPELIN

## HARPA ELDBORG **21.03.14, KL. 20 – ÖRFÁ SÆTI LAUS**

## AUKATÓNLEIKAR KL. 23

Heiðurstónleikar Led Zeppelin í **Hörpu**, **föstudaginn 21. mars kl. 20 og kl. 23**. Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Á þessum heiðurstónleikum verða spiluð bestu lög þessarar rafmögnuðu hljómsveitar.

Sérstakir gestir eru Birgir Haraldsson söngvari Gildrunnar og Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari.

Tónlistarstjóri er Þórir Úlfarsson.

AF HVERJUM SELDUM MIÐA RENNA 500 KR. TIL STYRKTAR MOTTUMARS

Miðasala er á **harpa.is**, **midi.is** eða í **síma 528 5050**.

HARPA

DÆGURFLUGAN

MOTTU
MARS

Brandenburg

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.25
### Léttir sprettir



Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almennar íþróttir sem fólk leggur stund á, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólreiðar, fjallgöngur og íþróttir fyrir alla fjölskylduna. Farið er yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsli.

## Í KVÖLD



### Örlagadagurinn

**STÖÐ 2 GULL KL. 21.15** Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um stóra örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gjörbreytti lífi þeirra.



### Arsenal - Man. Utd.

**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 19.35** Bein útsending frá leik Arsenal og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.



### Neyðarvaktin

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.10** Chicago Fire II er bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.

## Bylgjan kl. 06.50
### Í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.




LA-Z-BOY

**LA-Z-BOY RIALTO** – SJÓNVARPSSÓFI



**359.990**
FULLT VERÐ: 459.990

**RIALTO** La-Z-boy sjónvarpssófi. Svart leður á slitflötum. 205 x 90 H:105 cm.



**RIALTO**
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:90 H:105 cm.
Einnig fáanlegur í áklæði á tilboði frá **kr. 99.990**

**139.990**
FULLT VERÐ: 179.990

**STANLEY** La-Z-boy stóll. Svart, hvítt, brúnt og vínrautt leður á slitflötum. B:81 D:94 H:103 cm. Einnig fáanlegur í áklæði á tilboðsverði frá **kr. 83.990**



**119.990**
FULLT VERÐ: 179.990



**EMPIRE**
La-Z-boy stóll.
Fæst í 3 litum litum.
B:80 D:70 H:102 cm.

**69.990**
FULLT VERÐ: 79.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


## STÖÐ 2

**06.05** **Fréttir og Ísland í dag**
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.15** **Masterchef USA**
**11.05** **Spurningabomban**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Chuck**
**13.45** **Up All Night**
**14.10** **2 Broke Girls**
**14.35** **Suburgatory**
**15.05** **Sorry I've Got No Head**
**15.35** **Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.00** **Kalli kanína og félagar**
**16.25** **UKI**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar** *(8:14)*
**19.40** **The Middle** *(12:24)*
**20.05** **Heimsókn**
**20.25** **Léttir sprettir**
**20.50** **The Face** *(6:8)*
**21.35** **Lærkevej** *(9:12)*
**22.20** **Touch** *(11:14)*
**23.05** **Queen to Play** Frönsk kvikmynd frá 2009. Myndin fjallar um konu á besta aldri sem vinnur sem húshjálp.
**00.45** **Person of Interest**
**01.30** **NCIS. Los Angeles**
**02.10** **Crusoe**
**03.40** **The Brothers Bloom**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**06.50** **Brun kvenna** BEINT
**09.25** **Skíðastökk** BEINT
**10.25** **Brun kvenna**
**12.30** **Kanada - Bandaríkin** BEINT
**15.05** **ÓL 2014 - samantekt**
**15.45** **Luge sleðabrun. Tvímenningur** BEINT
**16.35** **Spænsku mörkin**
**17.00** **Tékkland - Svíþjóð** BEINT
**19.35** **Stoke - Swansea** BEINT
**22.00** **ÓL 2014 - samantekt**
**22.35** **Tékkland - Svíþjóð**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.10** **Football League Show**
**10.40** **Messan**
**12.00** **West Ham - Norwich**
**13.40** **Cardiff - Aston Villa**
**15.20** **WBA - Chelsea**
**17.00** **Hull - Southampton**
**18.40** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**19.35** **Arsenal - Man. Utd.** BEINT
**22.00** **Fulham - Liverpool**
**23.40** **Newcastle - Tottenham**
**01.20** **Stoke - Swansea**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarna **20.30** Tölvur,tækni og kennsla **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**16.25** **American Idol**
**18.35** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia**
**19.45** **Baby Daddy**
**20.10** **The Carrie Diaries** *(13:13)*
**20.50** **Arrow** *(13:23)*
**21.35** **Sleepy Hollow** *(13:13)*
**22.20** **The Unit** *(1:22)* Þriðja þáttaröð þessarar hörkugóðu spennuþáttaraðar.
**23.05** **Revolution** *(11:20)* Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn.
**23.50** **Shameless**
**00.45** **Supernatural**
**01.30** **Junior Masterchef Australia**
**02.15** **Baby Daddy**
**02.40** **The Carrie Diaries**
**03.25** **Arrow**
**04.10** **Sleepy Hollow**
**04.55** **The Unit**
**05.45** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Hvellur keppnisbíll **07.56** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Lukku-Láki **08.22** Ofurhundurinn Krypto **08.43** Skoppa og Skrítla **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.23** Elías **09.34** Ævintýraferðin **09.47** UKI **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Hvellur keppnisbíll **11.56** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Lukku-Láki **12.22** Ofurhundurinn Krypto **12.43** Skoppa og Skrítla **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.25** Elías **13.36** Ævintýraferðin **13.48** UKI **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.46** Hvellur keppnisbíll **15.56** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Lukku-Láki **16.22** Ofurhundurinn Krypto **16.43** Skoppa og Skrítla **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.25** Elías **17.36** Ævintýraferðin **17.48** UKI **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Alvin og íkornarnir 3 **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.40** **Strákarnir**
**18.05** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Grey's Anatomy** *(23:24)*
**20.45** **Matur og lífsstíll**
**21.15** **Örlagadagurinn** *(2:14)*
**21.45** **Cold Feet 5** *(6:6)*
**22.35** **The Fixer** *(2:6)*
**23.25** **The Drew Carey Show**
**23.50** **Curb Your Enthusiasm**
**00.20** **Matur og lífsstíll**
**00.50** **Örlagadagurinn**
**01.20** **Cold Feet 5**
**02.10** **The Fixer**
**02.55** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.30** **Henry's Crime**
**13.15** **Mirror Mirror**
**15.00** **The Adjustment Bureau**
**16.45** **Henry's Crime**
**18.30** **Mirror Mirror**
**20.15** **The Adjustment Bureau**
**22.00** **Season Of The Witch**
**23.35** **J. Edgar**
**01.50** **Feel**
**03.20** **Season Of The Witch**

## RÚV

**06.50** **Vetrarólympíuleikar** – Alpagreinar Bein útsending frá brunkeppni karla.
**09.25** **Vetrarólympíuleikar** Bein útsending frá skíðastökki karla í norrænni tvíkeppni.
**10.30** **Vetrarólympíuleikar** – Snjóbretti
**11.55** **Vetrarólympíuleikar** – Snjóbretti Bein útsending frá riðlakeppni kvenna í pípu.
**13.15** **Vetrarólympíuleikar** – Norræn tvíkeppni
**14.15** **Vetrarólympíuleikar** – Snjóbretti Saga snjóbrettagreinarinnar á Ólympíuleikum.
**14.55** **Vetrarólympíuleikar** – Snjóbretti Bein útsending frá undanúrslitum í pípu kvenna.
**16.23** **Disneystundin**
**16.46** **Sígildar teiknimyndir**
**16.53** **Herkúles**
**17.15** **Táknmálsfréttir**
**17.25** **Vetrarólympíuleikar – Snjóbretti Bein útsending frá úrslitum í pípu kvenna á snjóbrettum.**
**18.45** **Fisk í dag**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.00** **Söngvakeppnin 2014** - lögin í úrslitum *(2:3)* Flutt verða tvö þeirra laga sem keppa til úrslita í Söngvakeppninni 2014.
**20.10** **Neyðarvaktin** *(13:22)*
**20.55** **Fjölbraut** *(3:6)*
**21.25** **Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar.**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.10** **Veðurfréttir**
**22.15** **Íþróttir**
**22.25** **Vetrarólympíuleikar** – Listhlaup á skautum Upptaka frá parakeppni í listhlaupi á skautum.
**01.00** **Kastljós**
**01.20** **Fréttir**
**01.25** **Íþróttir**
**01.35** **Dagskrárlok**
**02.30** **Næturvarp**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.55** **Once Upon a Time**
**17.40** **Dr. Phil**
**18.20** **The Good Wife**
**19.10** **Cheers**
**19.35** **America's Funniest Home Videos** *(30:48)*
**20.00** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(5:20)*
**20.25** **Sean Saves the World** *(6:18)*
**20.50** **The Millers** *(6:13)* Bandarísk
**21.15** **Franklin & Bash** *(5:10)* lög
**22.00** **Blue Bloods** *(6:22)*
**22.45** **CSI: Miami**
**23.25** **The Walking Dead**
**00.10** **Made in Jersey**
**00.55** **CSI: New York**
**01.35** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.15** Golfing World 2014 **09.05** PGA Tour 2014 - Highlights **10.00** PGA Tour 2014 **15.00** Golfing World 2014 **15.50** PGA Tour 2014 - Highlights
**16.45** Inside The PGA Tour 2014 **17.10** Einvígið á Nesinu **18.00** Champions Tour 2014 - Highlights **18.55** Golfing World 2014 **19.45** PGA Tour 2014 - Highlights **20.40** Champions Tour 2014 - Highlights **21.35** Golfing World 2014 **22.25** Einvígið á Nesinu

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# • ÚTSALA • ÚTSALA •

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

## 30-50% AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU DAGAR

*Svæðaskipt heilsurúm*
*90 x 200 cm*
***Verð frá 69.900.-***

*Svæðaskipt heilsurúm*
*160x200 cm*
***Verð frá 139.200.-***

*Sérsmíðum heilsurúm*
*í öllum stærðum.*
*Dýnur og botna.*



FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!





## 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ETHANOL ÖRNUM

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili**
**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

LÍKAMSRÆKTIN



**„Ég var að byrja í einkaþjálfun hjá Heiðu Óla fitness-drottningu en ég er í núll formi. Ég var í krossfit hér áður fyrr og fílaði það vel og er að byrja rólega aftur og koma mér á skrið eftir barnsburð fyrir ári.“**

Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack, hárgreiðslukona og rithöfundur.

# Bloggar um leiðina á Ungfrú Heim

Tanja Ýr Ástþórsdóttir fegurðardrottning opnar blogg um lífið og tilveruna.

„Ég ætla að segja og sýna frá undirbúningnum fyrir Ungfrú Heim 2014 auk hugmynda og pælinga sem ég hef um lífið og tilveruna,“ segir Tanja Ýr Ástþórsdóttir, Ungfrú Ísland, um bloggsíðuna sína Tanjayr.com.

„Mér finnst þetta rosalega skemmtilegt verkefni vegna þess að flestir hafa heyrt um keppnina Ungfrú Heim en fæstir vita hvernig hún fer fram og hversu rosalegur undirbúningur er fyrir hana. Markmiðið er því að koma öllu bullinu í mér og undirbúningnum fyrir keppnina niður á blað og vonandi getur einhver haft gaman af í leiðinni. Það er ekki enn komin dagsetning á keppnina, en í fyrra var hún í september svo ég þarf aldeilis að fara að spýta í lófana.“ Það var Anton Kristensen sem hjálpað Tönju að búa til síðuna en hann hvatti hana einnig til að byrja að blogga. „Hann er mjög fær í heimasíðugerð en annars starfar hann sem ljósmyndari. Án hans hefði ég eflaust ekki getað opnað mína eigin heimasíðu. Skemmtilegt að segja frá að hugmyndin að heimasíðunni minni varð til á Skype.“

➜ 5 mánuðir eru síðan Tanja Ýr var krýnd Ungfrú Ísland.

Þrjátíu mínútum eftir að síðan fór í loftið um helgina hrundi hún vegna álags. „Við héldum fyrst að þetta væri einhver hakkari en svo var það ekki. Við fengum svo margar heimsóknir að það var álag á kerfinu. Anton var ekki lengi að þessu og síðan var komin upp aftur á fjörutíu mínútum.“ - eá



**TANJA ÝR** opnar bloggsíðu.

MYND/GARÐAR ÓLAFSSON


Ráðstefna IÐNMENNTAR 2014

Hilton Reykjavík Nordica

Rafræn útgáfa

- breyttir kennsluhættir

14. feb. kl. 13:00

Dagskrá:

**Illugi Gunnarsson**,
mennta- og menningarmálaráðherra
*Ávarp við setningu ráðstefnu*

**Thomas Skytte**,
forstjóri Erhvervsskolernes Forlag í Danmörku
*Does digitizing bring radical changes to learning?*

**Baldur Gíslason**,
skólameistari TS og stjórnarformaður Iðnmenntar
*Hvert stefnir í útgáfu námsefnis fyrir iðn- og starfsmenntun?*

**Heiðar Ingi Svansson**,
framkvæmdastjóri IÐNÚ og Iðnmenntar
*Og hvað svo?*

**Hróbjartur Árnason**,
lektor við KHÍ
*Hlutverk og gagn félagsmiðla í starfi starfsmenntakennara*

**Sigurður Fjalar Jónsson**,
verkefnastjóri hjá IÐUNNI fræðslusetri og kennari á starfsbraut FB
*UST vil EK*

Ráðstefnustjóri: **Margrét Friðriksdóttir**,
skólameistari MK

*Skráning á skrifstofu Iðnmenntar, í síma 517-7200 eða á netfanginu heidar@idnu.is.*

IÐNMENNT ses




**NÓG AÐ GERA** Ragnar Zolberg kemur fram á útgáfutónleikum Sign í Austurbæ áður en hann heldur af stað í siglingu um Karíbahaf. F.v. Arnar Grétarsson, Ragnar Zolberg, Leo Margarit og Ragnar Ólafsson

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fer fremst á sviðið á skemmtiferðaskipi

Ragnar Zolberg tekur stöðu aðalsöngvara hljómsveitarinnar Pain of Salvation á rokktónlistarhátíð sem fram fer á skemmtiferðaskipi í Karíbahafi.

„Þetta er geggjaður heiður en þetta er flókið efni og krefjandi,“ segir tónlistarmaðurinn Ragnar Zolberg sem þarf að bregða sér í hlutverk aðalsöngvara og aðalgítarleikara sænsku rokkhljómsveitarinnar Pain of Salvation. Fyrir stuttu fékk Daniel Gildenlöw, söngvari sveitarinnar, lífshættulega streptókokkasýkingu-a og hefur legið á gjörgæslu síðan. Ragnar hefur þó verið að vinna með hljómsveitinni undanfarin misseri en aldrei sem aðalsöngvari. Sveitin var bókuð á rokktónlistarhátíð, sem fram fer á skemmtiferðaskipi, þegar Gildenlöw veiktist. „Þetta er tónlistarhátíð sem fram fer á stóru skemmtiferðarskipi og það siglir frá Miami til Bahamaeyja í fjögurra daga siglingu,“ útskýrir Ragnar.

Það varð ljóst að Daniel mundi ekki geta farið í siglinguna en hann spurði þá Ragnar hvort hann gæti fyllt í skarðið fyrir sig. „Þetta er mjög óvenjuleg beiðni þar sem Daniel er aðallagahöfundurinn og frontmaður hljómsveitarinnar. Hann er líka álitinn vera einn af hæfileikaríkari tónlistarmönnum innan prog-rokkgeirans og er þetta því stórt skarð að fylla.“

Ragnar nær að taka eina æfingu sem aðalsöngvari sveitarinnar áður haldið verður út.

Gildenlöw er þekktur fyrir að geta sungið fimm áttundir en það eru ekki margir sem ná því. „Ég næ háu nótunum en næ ekki alveg bassaröddunum. Þetta verður eitthvert mix, ég fæ kannski smá hjálp frá hinum strákunum,“ segir Ragnar léttur í lundu.

Ragnar heldur út til Bandaríkjanna í næstu viku og hefur þar með ekki langan tíma til að læra öll lögin að fullu. Í þessari tónlistarsiglingu koma fram meðal annars Jon Anderson, söngvari hljómsveitarinnar YES, Adrian Belew, sem unnið hefur með Frank Zappa, David Bowie og King Crimson, og eitt stærsta átrúnaðargoð Ragnars, Devin Townsend.

Hljómsveit Ragnars, Sign, hefur undanfarna daga verið að æfa fyrir útgáfutónleika sveitarinnar sem fram fara í Austurbæ næstkomandi fimmtudag, til að fagna útgáfu fimmtu breiðskífu sinnar, Hermd. Leo Margarit, trommuleikari Pain of Salvation, sér um trommuleik á þessari plötu en hann mun einnig koma fram á útgáfutónleikum hljómsveitarinnar í Austurbæ. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og fer miðasala fram á midi.is. gunnarleo@frettabladid.is

# Peningarnir góð viðurkenning

Kvikmyndaverkefni Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, Svanurinn, vinsælt í Berlín.

„Það er ekki hægt að gera bíómynd fyrir þennan pening, en viðurkenningin skiptir máli,“ segir Ása Helga Hjörleifsdóttir sem fékk þúsund evrur, eða um 160 þúsund íslenskar krónur, í verðlaun á Berlinale Co-Production Market í gær til að þróa áfram kvikmyndina Svaninn. Kvikmyndin byggist á bók Guðbergs Bergssonar. „Tvö önnur verkefni fengu sömu peningaupphæð í verðlaun. Berlinale Co-Production Market er hugsaður til þess að kynna kvikmyndaverkefni í þróun fyrir meðframleiðendum. Svanurinn verður fyrsta mynd Ásu Helgu í fullri lengd, en hún hefur áður gert stuttmyndina Ástarsögu.

Kvikmyndaverkefnin þrjú sem fengu verðlaun voru valin úr hópnum til að kynna kvikmyndirnar með formlegum hætti fyrir framleiðendum á hátíðinni. „Við höfum fengið ótrúlega jákvæðar viðtökur,“ segir Ása Helga. „Við fengum miklu fleiri fundarbeiðnir með framleiðendum en við gátum annað. Við erum í viðræðum við nokkra framleiðendur sem eru þrautreyndir og hafa gert slatta af flottum myndum. Framhaldið skýrist örugglega á næstu vikum.“

Ása Helga hefur haft lítið svigrúm til þess að horfa á myndir á hátíðinni hingað til. „Mig langar að sjá Nymphomaniac eftir Lars Von Trier,“ segir Ása Helga. - ue



**ÁSA HELGA HJÖRLEIFSDÓTTIR** Verðlaunin hjálpa heilmikið til.

F Ø R O Y A R 5.2

H V U S S U L J Ó Ð A F Ø R O Y A R ?

O R K A



Magnað myrkur
Vetrarhátíð
06.-15.02.2014

# H V E R N I G H L J Ó M A F Æ R E Y J A R ?

Á VETRARHÁTÍÐ 13.02-15.02.2014

Ótrúlegur sjón- og tónlistargjörningur þar sem barsmíðum og borunum frá fimm jarðfræðirannsóknarstöðum á Færeyjum er breytt í magnað sjón- og tónverk. Er hægt að dansa við land?

---

**OPNUN**

GAMLA SALTFÉLAGIÐ, GRANDAGARÐUR 2, REYKJAVÍK,

**FIMMTUDAG 13. FEBRÚAR KL. 12.00**

– LÉTTAR FÆREYSKAR VEITINGAR OG ÍSLENSKUR BJÓR –

---

Verkið er sýnt á klukkutímafresti og hefst á heila tímanum

**FIMMTUDAG** 12.00 – 19.00
**FÖSTUDAG** 14.00 – 19.00
**LAUGARDAG** 14.00 – 19.00

Lengd : 25 min.

LESA MEIRA UM VERKIÐ HÉR:

---

"THE SINGLE MOST EXCITING SERIES OF SOUNDS THAT I'VE EVER HEARD"

Matthew Workman (US journalist, Faroe Podcast)

---

norden | Reykjavíkurborg | Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports | FAROE SHIP

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT
WOW MOMENT
Í ÚTLÖNDUM


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óperudraugurinn

Fregnir herma að Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri ætli að hefja sitt síðasta leikár í starfi með því að setja upp hinn vinsæla söngleik Phantom of the Opera, sem útleggst Óperudraugurinn á íslensku, en hann verður frumsýndur næsta haust.



Söngleikjaæði virðist hafa gripið um sig í leikhúsum landsins, en Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að Borgarleikhúsið hyggist setja upp verkið um dansandi lágstéttardrenginn Billy Elliott á næsta leikári.

- aó

### Söngleikjaæði í leikhúsinu

„Ég veit af áhuga Þjóðleikhússins á því að setja upp söngleik byggðan á Djöflaeyjunni og gaf mitt leyfi fyrir því,“ segir Einar Kárason rithöfundur en orðrómur hefur verið uppi um að Þjóðleikhúsið hafi hug á því að setja upp annan söngleik eftir áramót, sem byggður verður á skáldsögu Einars Kárasonar, Djöflaeyjunni. Baltasar Kormákur er orðaður sterklega við leikstjórahlutverkið, en hann er sem stendur enn við tökur á nýjustu kvikmynd sinni, Everest. Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri vildi ekki staðfesta að uppsetning á Djöflaeyjunni stæði til.



- aó

### Mest lesið VÍSIR

1 Stóðu ekki í fæturna í sprettgöngunni | Myndband
2 Bein útsending frá Ólympíuleikunum 2014 | Dagur 4
3 Slæm bylta í skíðafimi kvenna | Myndband
4 „Ég var búinn að safna skeggi í fjóra mánuði bara til að púlla týpuna“
5 „Það var gríðarleg hálka og ég reyndi að hægja á bifreiðinni“
6 Þekkir þú röddina? - Lögreglan birtir upptöku af neyðarkallinu sem reyndist gabb





